




HREINSISTÖÐ FRÁVEITU Á SELFOSSI

Tillaga að matsáætlun

14.12.2018



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2839-080-MAT-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

1/47

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Jón Tryggvi Guðmundsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ólafur Árnason

LYKILORÐ

Fráveita, hreinsistöð, Selfoss, Sveitarfélagið Árborg, matsáætlun, mat á umhverfisáhrifum

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
- Drög til yfirlestrar
- Lokið

DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Hreinsistöð fráveitu á Selfossi. Tillaga að matsáætlun

VERKHEITI

Hreinsistöð fráveitu á Selfossi MÁU

VERKKAUPI

Sveitarfélagið Árborg

HÖFUNDUR

Jón Ágúst Jónsson, Sólrún Svava Skúladóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson og Bárður Árnason.

ÚTDRÁTTUR

Sveitarfélagið Árborg áformar að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skýrsla þessi er tillaga að matsáætlun. Í skýrslunni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, þeim valkostum sem til greina koma, umhverfisþáttum sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum og hvernig framkvæmdaraðili hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt um rúmlega þriggja vikna skeið, eða frá 13. desember 2017 til 5. janúar 2018.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Jón Ágúst Jónsson, Sólrun Svava Skúladóttir og Bárður Árnason Drög að tillögu að matsáætlun	10.12.17	Ólafur Árnason	11.12.17	Jón Ágúst Jónsson	11.12.17
02	Jón Ágúst Jónsson, Sólrun Svava Skúladóttir og Bárður Árnason Drög að tillögu að matsáætlun	11.12.17	Jón Tryggvi Guðmundsson, Ragnhildur Gunnarsdóttir	12.12.17	Jón Ágúst Jónsson	12.12.17
03	Friðrik K. Gunnarsson	07.07.18	Jón Ágúst Jónsson	17.07.18	Friðrik K. Gunnarsson	26.07.18

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	9
1.1	Tilgangur þessa skjals	9
1.1.1	Forsaga	9
1.1.2	Matsáætlun er verkáætlun fyrir komandi matsvinnu	9
1.2	Uppbygging þessa skjals	10
2	BAKGRUNNUR	11
2.1	Núverandi fráveitur á Selfossi	11
2.2	Skólp sem umhverfismatið nær til	12
2.3	Persónueiningar í skólpi	12
3	UM FRAMKVÆMDINA	15
3.1	Markmið	15
3.2	Valkostir	15
3.3	Framkvæmdasvæði	16
3.3.1	Svæði undir hreinsistöð	17
3.3.2	Útrás í Ölfusá (valkostir a) til d))	19
3.3.3	Útrás í sjó við Eyrarbyggðahöfn (valkostur e))	20
3.4	Helstu framkvæmdaþættir	21
3.4.1	Hreinsistöð	21
3.4.2	Hreinsun skólps	21
3.4.3	Lagnir	23
3.4.4	Vegagerð	23
3.4.5	Efnistaka	23
3.4.6	Förgun úrgangs	24
3.5	Leyfi sem framkvæmdin er háð	24
3.6	Samræmi við skipulag	24
3.6.1	Landsskipulag	24
3.6.2	Aðalskipulag	24
3.6.3	Deiliskipulag	25
3.7	Eignarhald á landi	26
4	MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	27
4.1	Forsendur mats á umhverfisáhrifum	27
4.1.1	Tilgangur mats á umhverfisáhrifum	27
4.1.2	Ástæða umhverfismats	27
4.1.3	Hverjir vinna umhverfismatið	28
4.2	Matsferlið	28
4.2.1	Matsáætlun: Óskað er eftir ábendingum fyrir komandi matsferli	28
4.2.2	Frummatsskýrsla: Óskað verður eftir athugasemdum og ábendingum við niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum	29
4.3	Framkvæmdaþættir sem hafa áhrif á umhverfið	31
4.4	Umhverfiþættir sem geta orðið fyrir áhrifum	31
4.5	Umhverfiþættir sem fjallað verður um í frummatsskýrslu	31
4.5.1	Vatnsgæði viðtaka	32
4.5.2	Lífríki viðtaka	33

4.5.3	Lyktarónæði	34
4.5.4	Sjónræn áhrif	35
4.5.5	Útivist	36
4.5.6	Gróðurfar	37
4.5.7	Fuglalíf	38
4.5.8	Landnotkun	39
4.5.9	Fornleifar	40
4.6	Umhverfisþættir sem ekki er talin þörf á að skoða nánar í frummatsskýrslu	40
4.6.1	Jarðmyndanir	40
4.6.2	Vatnsverndarsvæði	41
4.6.3	Landslag	41
4.7	Umfjöllun um valkosti í frummatsskýrslu	42
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	43
5.1	Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun	43
5.1.1	Samantekt helstu breytinga frá drögum að tillögu að matsáætlun í kjölfar athugasemda.	43
5.2	Tillaga að matsáætlun	44
5.3	Kynning á frummatsskýrslu	44
6	HEIMILDASKRÁ	45
VIÐAUKI A	YFIRLITSMYND AF FYRIRHUGAÐRI FRAMKVÆMD	48
VIÐAUKI B	YFIRLITSMYND AF FRAMKVÆMDASVÆÐI VIÐ SELFOS	49
VIÐAUKI C	INNSENDAR ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN	50
VIÐAUKI D	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA VIÐ ATHUGASEMDUM VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN	51

MYNDASKRÁ

Mynd 2-1	Staðsetning núverandi útrása fyrir skólpl (S2 – S6) og regnvatn (R1 – R7) á Selfossi.	12
Mynd 3-1	Möguleg lega dælulagnar að sjó við Eyrarbakka (gul lína) og Ölfusá (rauð lína).	16
Mynd 3-2	Suðurlandsundirlendi.	17
Mynd 3-3	Yfirlitskort.	18
Mynd 3-4	Vatnsverndarsvæði og flóðasvæði í grennd við fyrirhugaða hreinsistöð.	18
Mynd 3-5	Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaðan byggingarreit fyrir hreinsistöð við Sandvík.	19
Mynd 4-1	Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br.	30
Mynd 4-2	Vatnsverndarsvæði í grennd við framkvæmdasvæði.	41

TÖFLUSKRÁ

Tafla 2-1	Fjöldi persónueininga (PE)	13
Tafla 3-1	Helstu kennistærðir fyrir fyrirhugaða hreinsistöð við Geitanes.	21
Tafla 4-1	Verkefnisstjórn við mat á umhverfisáhrifum.	28
Tafla 4-2	Yfirlit yfir þá sérfræðinga sem koma að rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum.	28
Tafla 4-3	Yfirlit yfir möguleg umhverfisáhrif helstu framkvæmdaþátta.	31

ORÐSKÝRINGAR

Eigin fráveita fyrir iðnaðarskólþ	Iðnaðarstarfsemi sem losar skólþ sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu. Slíkar fráveitur eru háðar ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi.
Eins þrepa hreinsun*	Hreinsun skólþs með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD ₅ -gildi skólþs er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólþi er lækkað um að minnsta kosti 50%.
Framkvæmdaraðili	Aðili sem hyggst hefja framkvæmd, sem lög um mat á umhverfisáhrifum ná til.
Fráveita*	Leiðslukerfi, þ.m.t. safnræsi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólþs.
Frummatsskýrsla	Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun auglýsir til kynningar.
Grófhreinsun*	Hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist, síu eða öðrum búnaði til að koma í veg fyrir sjónmengun.
Matsáætlun	Áætlun framkvæmdaraðila um hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis leggja skuli áherslu á í frummatsskýrslu og um kynningu og samráð.
Matsskýrsla	Lokaskýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir, ásamt tillögum um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu.
Mengun*	Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
Mótvægisáðgerðir	Áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.
Persónueining (pe.)*	Magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein pe. af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólþi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun.
Síður viðkvæmur viðtaki*	Ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
Síu- og ristarúrgangur*	Fastur úrgangur sem fellur til við grófhreinsun á skólþi.
Skólþ*	Húsaskólþ og iðnaðarskólþ eða blanda húsaskólþs eða iðnaðarskólþs og/eða ofanvatns.
Tveggja þrepa hreinsun*	Frekari hreinsun skólþs en eins þreps með aðferð sem oftast felur í sér líffræðilega hreinsun sem fylgt er eftir með botnfellingu eða öðru ferli. Rotþró með siturlögn eða sandsíu telst t.d. vera tveggja þrepa hreinsun.
Umhverfisáhrif	Áhrif framkvæmdar og þess sem henni fylgir á umhverfi.
Venjulegur viðtaki	Venjulegur viðtaki er viðtaki sem ekki hefur verið skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki né flokkast sem viðkvæmur viðtaki.
Viðkvæmur viðtaki*	Viðtaki sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða eða viðtaki sem hefur orðið fyrir áhrifum vegna mengunar. Viðkvæmir viðtakar eru m.a. Stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað yfirborðsvatn, ármynni og strandsjór þar sem næringarefnaauðgun hefur orðið eða kann að verða í náinni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana.
Viðtaki*	Svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir
Þynningarsvæði*	Sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.

*sbr. reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólþ.

1 INNGANGUR

1.1 Tilgangur þessa skjals

1.1.1 Forsaga

Á undanförnum árum hefur Sveitarfélagið Árborg unnið að því að bæta ástand fráveitumála í sveitarfélaginu. Ákveðið hefur verið að byggja hreinsistöð fyrir fráveitu norðan við flugvöllinn við Sandvík. Fjórir valkostir, auk núllkosta, eru lagðir fram til mats á umhverfisáhrifum, til að bera saman umhverfisáhrif mis ítarlegar hreinsunar. Gert er ráð fyrir að hönnun og framkvæmdum við hreinsistöðina verði áfangaskipt. Þannig hyggst framkvæmdaraðili hraða framkvæmdum við uppbygginguna og koma sem fyrst á hreinsun, og því er einn valkosta eins þreps hreinsun með útrás í Ölfusá. Auk þess er til athugunar að leggja útrás út í Ölfusá norðvestan við Geitanes eða í sjó við Eyrarbakka höfn. Framkvæmdin er matskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum t.l. 11.04 í fyrsta viðauka þar sem um er að ræða skólphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða iðnaði með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.

Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt um rúmlega þriggja vikna skeið, eða frá 13. desember 2017 til 5. janúar 2018, en skv. 16. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er lágmarks kynningartími tvær vikur. Athugasemdir bárust frá 10 aðilum og í kjölfar nokkurra athugasemda voru gerðar breytingar á tillögu að matsáætlun. Tillagan er nú til meðferðar hjá Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

1.1.2 Matsáætlun er verkáætlun fyrir komandi matsvinnu

Í þessu skjali er sett fram tillaga að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum hreinsistöðvar fráveitu á Selfossi. Matsáætlun er verkáætlun fyrir komandi umhverfismat. Þar eru upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og þá valkosti sem skoðaðir verða. Lagðar eru fram upplýsingar um umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum, tilgreint hvaða fyrirbyggjandi gögn verði nýtt við matsvinnuna og hvaða gagnaöflun sé yfirstandandi eða fyrirhuguð.

1.2 Uppbygging þessa skjals

Uppbygging þessa skjals er eftirfarandi:

- Í kafla 2 er fjallað um núverandi fráveitur á Selfossi.
- Í kafla 3 er fjallað um framkvæmdina.
- Í kafla 4 er fjallað um matsvinnuna og áherslur í umhverfismatinu.
- Í kafla 5 er fjallað um það hvernig Árborg hyggst standa að áframhaldandi samráði og kynningu meðan á matsferlinu stendur.

2 BAKGRUNNUR

2.1 Núverandi fráveitur á Selfossi

Á seinustu árum hefur Sveitarfélagið Árborg unnið að skipulagningu fráveitumála á breiðum grundvelli og lagt fjármagn í athuganir, rannsóknir og framkvæmdir með það að markmiði að bæta ástand fráveitumála í sveitarfélaginu. Allir nýir hlutar fráveitukerfisins hafa verið lagðir tvöfaldir frá 1999, þ.e.a.s. regnvatn fer í aðskildar lagnir. Framkvæmdir við fyrsta áfanga í lagningu sniðræsa á Selfossi hófust árið 1999 og hefur allt frá því verið unnið að þeirri framkvæmd í áföngum þangað til síðasta áfanga lauk vorið 2012, þegar sniðræsi var lagt í Árveginum frá Grænumörk að Heiðmörk og lóð Mjólkursamsölunnar (MS). Á Selfossi hefur tekist að sameina allt fráveitukerfið sunnan ár í eina útrás fyrir neðan þéttbýlið, þar sem fyrirhugað er að hreinsistöð muni standa (Sveitarfélagið Árborg, 2013). Alls telur fráveitukerfi Árborgar um 145 þúsund metra.

Í dag eru fimm útrásir fyrir skólpi á Selfossi (mynd 2-1);

- S2. Óhreinsað frá allri byggð og iðnaðarhverfum sunnan ár (útrás milli Selfoss og Geitaness).
- S3. Óhreinsað um neyðarútrás sem staðsett er sunnan ár, rétt neðan við Ölfusárbrú. Skólpi er eingöngu losað um þessa útrás ef saman fer flóð í Ölfusá og mikið rennsli í fráveitunni. Frá árinu 2000 hefur einungis þurft að veita skólpi um þessa útrás tvisvar.
- S4. Um rotþró frá stærri hluta íbúðarbyggðar norðan ár (útrás ofan brúar).
- S5. Óhreinsað frá litlum hluta íbúðarbyggðar norðan ár (útrás milli veiðihúss og brúar).
- S6. Óhreinsað frá sláturhúsi SS og iðnaðarhverfi norðan ár (útrás við veiðihús neðan brúar).



MYND 2-1 Staðsetning núverandi útrása fyrir skólpi (S2 – S6) og regnvatn (R1 – R7) á Selfossi. Til hliðsjónar er sýnd möguleg útrásarlögn fyrir skólpi frá fyrirhugaðri hreinsistöð í annars vegar Ölfusá (S1) og hins vegar sjó við Eyrarbakka (gul lína). Í viðauka B má sjá mynd í betri upplausn.

2.2 Skólpi sem umhverfismatið nær til

Sú framkvæmd sem hér er til skoðunar nær til alls skólps frá Selfossi sunnan Ölfusár, þ.e. bæði íbúðar- og iðnaðarhverfa. Mjólkursamsalan (MS) er með sérstaka hreinsistöð fyrir sína starfsemi og er gert ráð fyrir að hreinsað skólpi frá MS fari í fráveitukerfið, og þar af leiðandi í gegnum fyrirhugaða hreinsistöð við Geitanes.

Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvort framkvæmdin nái jafnframt til skólps frá íbúða- og iðnaðarhverfum norðan ár eða hvort meðferð þeirrar losunar verði með öðrum fullnægjandi hætti. Af þeim sökum miðast hönnun hreinsistöðvar við Geitanes við að hún geti tekið við öllu skólpi norðan ár.

Sláturfélag Suðurlands svf. (SS) rekur í dag eigin fráveitu, sbr. heimild í 25 gr. rg. 798/1999. Til greina kemur því að hreinsa skólpi frá SS og iðnaðarhverfi norðan ár í eigin hreinsistöð SS eða í fyrirhugaðri hreinsistöð við Geitanes. Þá er jafnframt til skoðunar að hreinsa skólpi frá íbúðabyggð norðan ár í hreinsistöð SS, í hreinsistöð við Geitanes eða í rotþróum með siturbeðum sem líklega yrðu staðsettar við núverandi útrásir frá byggðinni (S4 og S5 á mynd 2-1), en á öðrum staðnum (S4) er nú þegar rotþró. Nánar verður greint frá þessu í frummatsskýrslu.

2.3 Persónueiningar í skólpi

Frá árinu 2014 hefur Mannvit framkvæmt reglulegar mælingar á gerlamagni og efnagreint fráveituvatn á Selfossi. Mælingar hafa verið gerðar í tveimur brunnum sem staðsettir eru annars vegar sunnan ár við flugvöllinn (S2 á mynd 2-1) og hins vegar norðan ár við veiðihúsið (S6 á mynd 2-1). Persónueiningar hafa verið reiknaðar út frá magni BOD₅ í þessum mælingum. Miðað er við að hver persónueining svari

til 60 g BOD₅ á dag, skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Meðalfjöldi persónueininga frá íbúum og iðnaði sunnan ár úr 13 mælingum er um 41.800 og innifelur sú tala m.a. skólp frá Mjólkursamsölunni (MS).

Í dag er hreinsistöð MS ekki í stöðugum rekstri, en gert er ráð fyrir að hreinsistöð MS verði í fullum rekstri í framtíðinni og því er reynt að gera mælingar þegar hreinsistöðin er í gangi. Í ágúst 2014 voru mælingar gerðar þegar hreinsistöð MS var ekki í rekstri og mældust persónueiningar þá mun fleiri en áður hafði mælst. Fjöldi persónueininga skv. mælingum árið 2016 og 2017 var töluvert hærri en árin á undan. Þannig var fjöldi persónueininga um 15.300 í nóvember 2015 en í apríl 2016 var hann um 40.700 og fór hækkandi í mælingum þar á eftir, allt upp í 111.500 í febrúar 2017 (Mannvit, 2017b). Mögulega hefur hreinsistöð MS ekki virkað sem skyldi þegar mælingar voru gerðar vegna breytinga sem hafa orðið á starfsemi MS á Selfossi á undanförunum árum. Hvað sem því líður er ljóst að iðnaður hefur mikil áhrif á reiknaðan fjölda persónueininga. Mannvit hefur áætlað að sé miðað við að fjöldi persónueininga frá íbúum sé jafn íbúafjöldanum (um 7.000) má álykta að lífræn mengun frá iðnaði svari til 8.000 persónueininga ef hreinsistöð MS er í rekstri en annars um 30.000 persónueininga (Mannvit, 2016b).

Meðalfjöldi persónueininga norðan ár er um 3.900, en þar er um að ræða persónueiningar frá rekstri Sláturfélags Suðurlands svf. og frá öðrum iðnaði norðan ár. Meðalfjöldi heildar persónueininga úr 13 mælingum í þessum tveimur brunnum er um 45.700. Heildarfjöldi persónueininga hefur verið breytilegur á milli mælinga, eða frá tæplega 8.500 upp í rúmlega 111.500. Í sömu mælingum var meðalrennslið 198 l/s í brunni sunnan ár og 18 l/s í brunni norðan ár (Mannvit, 2017b).

Þróun í fjölda persónueininga ræðst því að talsverðu leyti af því hvaða kröfur verða gerðar á iðnaðarfyrirtæki varðandi hreinsun fráveituvatns. Í spá Mannvits um þróun í fjölda persónueininga kemur fram að ef gert er ráð fyrir að MS keyri sína hreinsistöð, mengun frá öðrum iðnaði haldist óbreytt og fjöldi persónueininga aukist með íbúapróun, megi gera ráð fyrir að meðalfjöldi persónueininga beggja vegna ár á Selfossi verði nálægt 19.000 árið 2026, en með áhrifum frá aukinni starfsemi samhliða íbúafjölgun er gert ráð fyrir að meðalfjöldi persónueininga sé nærri 20.000 árið 2026.

Nánari umfjöllun verður um persónueiningar í skólpri í frummatsskýrslu.

TAFLA 2-1 Fjöldi persónueininga (PE) út frá magni BOD₅ og meðalrennsli (l/s) í brunnum sunnan ár við flugvöllinn (S2 á mynd 2-1) og norðan ár við veiðihús (S6 á mynd 2-1) (Mannvit 2017a, 2017b, 2016a, 2016b).

DAGSETNING	SUNNAN ÁR (PE)	NORÐAN ÁR (PE)	SAMTALS	MEÐALRENNSLI SUNNAN ÁR (L/S)	MEÐALRENNSLI NORÐAN ÁR (L/S)
*Spá 2026			20.000		
4.9.2017	81.600	2.700	84.300	145	10
8.5.2017	54.900	5.400	60.300	178	16
27.2.2017	109.961	1.572	111.533	286	12
17.10.2016	31.743	11.958	43.701	334	24
22.8.2016	63.292	10.644	73.936	91	21
23.5.2016	51.188	3.612	54.800	123	8,8
4.4.2016	38.534	2.203	40.738	223	8,5
26.11.2015	11.658	3.594	15.252	253	48
18.8.2015	21.963	1.653	23.616	123	5,6
23.6.2015	21.341	3.010	24.973	114	11

DAGSETNING	SUNNAN ÁR (PE)	NORÐAN ÁR (PE)	SAMTALS	MEÐALRENNSLI SUNNAN ÁR (L/S)	MEÐALRENNSLI NORÐAN ÁR (L/S)
26.3.2015	5.710	2.742	8.452	305	17
18.12.2014	14.386	697	15.083	111	11
**28.8.2014	(74.589)	(17.626)	(92.215)	97	18
***5.6.2014	37.155	1.089	38.244	266	27
Meðaltal	41.802	3.913	45.764	196	18

*Gert er ráð fyrir að MS keyri sína hreinsistöð, losun frá öðrum iðnaðarfyrirtækjum haldist óbreytt og fjöldi PE aukist jafnt við íbúa (Mannvit, 2016b).

**Talið er að blandsýni hafi ekki fengið rétta meðhöndlun og gefi því ekki rétta mynd. PE gildi ekki notað í meðaltali.

***Hreinsistöð MS var ekki í rekstri meðan á sýnatöku stóð (Mannvit, 2016b).

3 UM FRAMKVÆMDINA

3.1 Markmið

Framkvæmdaraðili er Sveitarfélagið Árborg. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða, til að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu frá Selfossi.

3.2 Valkostir

Eftirfarandi valkostir verða lagðir fram til mats á umhverfisáhrifum:

- a) Núllkostur. Hann miðast við óbreytt ástand, þ.e. að skólpi verði áfram veitt að mestu leyti óhreinsuðu í Ölfusá.
- b) Að byggja eins þreps hreinsistöð við Sandvik með útrás í Ölfusá.
- c) Að byggja tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvik með útrás í Ölfusá.
- d) Að byggja hreinsistöð með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa við Sandvik með útrás í Ölfusá.
- e) Að byggja hreinsistöð með grófhreinsun við Sandvik og dæla skólpi um lögn með Eyrarbyggðavegi og áfram út í sjó við Eyrarbyggðahöfn.

Mat á umhverfisáhrifum verður nýtt til að bera saman umhverfisáhrif allra valkosta og leggja þær upplýsingar, ásamt samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði þeirra, til grundvallar þegar að ákvörðun verður tekin um hvaða leið verður farin við hreinsun frárennslis.

Á þessu stigi liggur aðalvalkostur ekki fyrir, en þó koma aðeins til greina þeir valkostir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða.

Valkostur a) núllkostur og valkostur b), þ.e. eins þreps hreinsun með losun í Ölfusá, samræmast ekki ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp og teljast því ekki raunhæfir í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. Valkostur a) núllkostur sem miðar við óbreytt ástand veitir upplýsingar um þau umhverfisáhrif sem eru og verða ef ekki verður gripið til aðgerða. Mat á þessum kosti gefur tækifæri

til þess að meta þann árangur sem næst af þeim úrbótum sem farið verður í og uppfylla skilyrði laga og reglugerða.

Helsta ástæða þess að umhverfisáhrif þeirrar aðgerðar sem skilgreind er sem valkostur b) eru metin er sú að kostnaður við tveggja þrepa hreinsun (valkostur c) og ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa (valkostur d) er það mikill að Sveitarfélagið Árborg mun koma til með að áfangaskipta hönnun og framkvæmdinni. Það er mikilvægt að umhverfisáhrif valkostar b) liggi fyrir þannig að hægt sé að framkvæma mótvægisáðgerðir og vöktun ef þörf er á. Með áfangaskiptingunni má hraða framkvæmdum við uppbygginguna og koma sem fyrst á eins þreps hreinsun, óháð valkost, þannig að allir aðskotahlutir og sorp og jafnframt hluti lífræns efnis og örplasts séu fjarlægðir. Valkostur b) er því ekki hugsaður til frambúðar, heldur eingöngu sem tímabundinn fyrri áfangi framkvæmda ef losað verður í Ölfusá. Síðari áfangi, verði sú leið farin, myndi felast í valkostum c) eða d). Ef áfangaskipting framkvæmda ætti að koma til greina verða tímamörk eins þreps hreinsunar ákveðin í samráði við veitendur framkvæmda- og starfsleyfis. Með hliðsjón af ofanrituðu telur Árborg því nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um umhverfisáhrif allra ofangreindra valkosta.


3.3 Framkvæmdasvæði

Framkvæmdasvæðið er breytilegt eftir þeim valkostum sem eru í skoðun (mynd 3-1). Allt liggur það á forsögulegu hrauni, Þjórsárhrauninu mikla sem kom upp á Veiðivatnasvæðinu fyrir um 8.000 árum. Þjórsárhraunið er stærsta hraun á Íslandi og stærsta hraun sem vitað er að hafi komið í einu gosi á jörðinni frá lokum síðasta jökulskeiðs fyrir 10.000 árum (Árni Hjartarson, 1988).



MYND 3-1 Möguleg lega dæluágnar að sjó við Eyrarbakka (gul lína) og Ölfusá (rauð lína). Til hliðsjónar er sýnd núverandi lega háspennustrengs (græn lína), stofnlagna hitaveitu (rauð brotalína) og stofnlagna vatnsveitu (ljósblá lína). Í viðauka A má sjá mynd í betri upplausn.

Framkvæmdasvæðið er jafnframt allt innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem votlendi og önnur svæði inn til landsins sem eru mikilvæg fyrir fugla. Fuglasvæðið er víðfeðmt og nær frá Helliheiði austur að Markarfljóti við Landeyjasand. Samtals spannar það 3.476 km² (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2017).



MYND 3-2 Suðurlandsundirlendi. Rauðar línur marka það svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem votlendi og önnur svæði inn til landsins sem eru mikilvæg fyrir fugla (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2017).

Samkvæmt öllum valkostum er gert ráð fyrir að byggja hreinsistöð við Sandvík, en ýmist er gert ráð fyrir að veita skólpi í Ölfusá eða sjó við Eyrarbakka. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir staðháttum á þessum svæðum.


3.3.1 Svæði undir hreinsistöð

Fyrirhuguð fráveituhreinsistöð er hugsuð fyrir þéttbýliskjarnann Selfoss sem staðsettur er á bökkum Ölfusár í Sveitarfélaginu Árborg (mynd 3-3). Íbúar Árborgar eru um 8.850, þar af búa tæplega 7.200 manns á Selfossi (Hagstofa Íslands, 2017). Framkvæmdasvæðið er staðsett vestan byggðar, nánar tiltekið á milli Sandvíkur og Selfossflugvallar, rétt austan við Geitanes. Svæðið er í landi Eyði-Merkur, landnr. 194375, í Árborg.



MYND 3-3 Yfirlitskort. Staðsetning fyrirhugaðrar hreinsistöðvar er merkt með rauðum hring.

Bygging hreinsistöðvar er á skipulögðu iðnaðarsvæði, og er fyrirhuguð nýting lóðarinnar í samræmi við skipulag. Engin mannvirki eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og eru núverandi íbúðarhús á Selfossi í um 600 m fjarlægð. Norðan og vestan svæðisins er landfylling sem tengist núverandi fráveituútrás. Búið er að leggja fjarskiptalagnir ásamt lögnum fyrir hitaveitu og kalt vatn að svæðinu. Aðkoma að framkvæmdasvæðinu er frá Hagalæk og er uppbyggður vegur með bundnu slitlagi kominn að fyrirhugaðri hreinsistöð. Á Flugunesi, á austurbakka Ölfusár vestan Geitanes, er að finna vatnsverndarsvæði (mynd 3-4). Svæðið er austan Kotferju og er í yfir 1 km fjarlægð frá fyrirhugaðri hreinsistöð (Sveitarfélagið Árborg, e.d).



MYND 3-4 Vatnsverndarsvæði og flóðasvæði í grennd við fyrirhugaða hreinsistöð. Staðsetning hreinsistöðvar er merkt með gulum lit. Mynd fengin úr aðalskipulagi Árborgar 2010-2030.

Ísstífla getur myndast í Ölfusá við sérstakar aðstæður, norður af svæðinu, sem getur valdið flóði. Í aðalskipulagi Árborgar má finna flóðakort þar sem sjá má að fyrirhugað skipulagssvæði er innan flóðasvæðis (mynd 3-4). Vegna flóðahættu verður byggður varnargarður, grjótvörn norðan

fyrirhugaðrar hreinsistöðvar (Verkfræðistofa Suðurlands, 2013). Fyrirhugaður byggingarreitur hreinsistöðvar er sýndur á mynd 3-5 sem sýnir uppbyggingu með grófhreinsun eða eins þreps hreinsun. Ekki er sýnd staðsetning á hreinsivirkjum fyrir tveggja þrepa hreinsun en reiknað er með að hreinsivirki verði staðsett milli flugbrautar og Ölfusár vestan við byggingarreit hreinsistöðvar.



MYND 3-5 Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaðan byggingarreit fyrir hreinsistöð við Sandvík. Blá lína afmarkar framkvæmdassvæðið, rauð lína er valkostur að legu útrásarlagnar út í Ölfusá og svört þykkari lína er yfirfallslögn. Gul lína afmarkar lóð hreinsistöðvarinnar við Sandvík og byggingarreiturinn er afmarkaður með hvítri brotalínu. Ljósblá lína er fráveitustofnlögn. Gul lína út frá hreinsistöð sýnir fyrirhugaða útrásarlínu út í sjó. Ekki er sýnd staðsetning á hreinsivirkjum fyrir tveggja þrepa hreinsun en reiknað er með að hreinsivirki verði staðsett milli flugbrautar og Ölfusár vestan við byggingarreit hreinsistöðvar.

3.3.2 Útrás í Ölfusá (valkostir a) til d))

Til skoðunar er að leggja um 650 m útrásarlögn frá hreinsistöðinni út í Ölfusá við Geitanes. Ölfusá er um 25 km löng á. Upptök hennar eru við ármót Hvítár og Sogsins, þar sem tært lindarvatn blandast við jökulvatn. Áin er oft lituð vegna aurburðar úr Hvítá. Ölfusá er vatnsmesta á landsins með meðalrennsli

yfir 400 m³/s en meðalrennsli við Selfoss er um 373 m³/s og vatnasvið Ölfusár er um 6.100 km² (Magnús Jóhannesson og Sigurður Guðjónsson, 2012). Skammt frá Ölfusárbrú rennur megnið af ánni í djúpri straumharðri gjá og mætir þverhniptu bergi neðan við Selfosskirkju. Við Selfoss er árfarvegurinn um 25 metra breiður og 9 metrar á dýpt. Þegar nær dregur sjó breiðir áin úr sér. Ósasvæði árinna er um 5 km á breidd og myndast allmikið lón áður en áin rennur í Norður Atlantshafið vestan Eyrarbakka (EDS, 2004).

Á vatnasviði Ölfusár lifa allar tegundir laxfiska sem finnast í fersku vatni hér á landi. Lax er ríkjandi tegund en jafnframt er þar að finna urriða og bleikju. Veiði er stunduð í Ölfusá. Helstu laxveiðisvæðin eru í landi Tannastaða, Laugarbakka og Hellis-Fossnes, gengt aðalbyggðinni á Selfossi. Að auki er veitt neðar í Ölfusá fyrir löndum Eyrarbakka, Hrauns og Árbæjar en þau svæði eru að mestu silungssvæði. Mest er veitt af laxi í landi Hellis-Fossness sem er fyrir neðan Ölfusárbrú (Magnús Jóhannesson og Sigurður Guðjónsson, 2012).

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ eru kröfur til hreinsunar að nokkru tengdar hæfni viðtakans til þess að taka við skólpi. Það er gert með því að gera mismunandi kröfur til hreinsunar skólps frá þéttbýli eftir því hvort viðtakinn er viðkvæmur, venjulegur eða síður viðkvæmur. Almenna krafan um hreinsun gildir fyrir venjulega viðtaka og er krafa um tveggja þrepa hreinsun.

Í samantekt Umhverfisstofnunar frá árinu 2017 um stöðu fráveitumála kemur m.a. fram að viðtakinn Ölfusá sé venjulegur viðtaki, þ.e. viðtakinn hefur hvorki verið skilgreindur síður viðkvæmur né viðkvæmur (Umhverfisstofnun 2017b). Venjulegur viðtaki af þessu tagi getur hvort heldur sem er verið í ferskvatni eða sjó. Venjulegur viðtaki er viðkvæmari fyrir mengun af völdum lífrænna efna en síður viðkvæmur viðtaki. Hann er aftur á móti ekki viðkvæmur fyrir næringarefnum og fellur því ekki í flokk viðkvæmra svæða/viðtaka.

Engir viðtakar á Íslandi hafa verið skilgreindir viðkvæmir, sbr. II. viðauka A í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ. Í sérreglugerðum um verndun Mývatns og Laxár og Þingvallavatns er hinsvegar að finna ákvæði um frekari hreinsun en tveggja þrepa fyrir þau vötn sbr. rgl. nr. 665/2011 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og rgl. nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Auk þess er Þingvallavatn talið viðkvæmt í skilningi síðastnefndu reglugerðarinnar.

3.3.3 Útrás í sjó við Eyrarbyggðina (valkostur e)

Í skoðun er einnig að leggja útrásarlögn meðfram Eyrarbyggðavegi og út í sjó við Eyrarbyggðina (mynd 3-1). Sú leið myndi liggja suður fyrir flugvöll að Eyrarbyggðavegi og með honum vestanverðum að Hafnarbrú, sem er vestasti afleggjarinnar að Eyrarbyggð. Auk þess að fylgja Eyrarbyggðavegi myndi leiðin að mestu fylgja ljósleiðara, hitaveitu og háspennustreng um raskað land. Einkum er um að ræða tún, mó- og mýrlendi, en næst Eyrarbyggð eru gömul námasvæði. Við mat á umhverfisáhrifum samkvæmt þessum valkosti er gert ráð fyrir að skólþ frá Eyrarbyggð og Stokkseyri geti tengst inn á útrásina.

Þjórsárhraunið mikla myndar ströndina við Eyrarbyggð og teygir sig víða mörg hundruð metra út fyrir fjöruborðið. Útrásarlögnin myndi liggja út í Norður-Atlantshafið við Eyrarbyggðina þar sem oft er mikill öldugangur. Eyrarbyggð hefur lengst af verið verslunarstaður og útgerðarstöð en á undanförunum árum hefur mikilvægi sjávarútvegs fyrir íbúa minnkað. Höfn var aflögð 1988 þegar ný brú við Ölfusárosa

var tekin í notkun. Í gegnum söguna hafa orðið mikil sjávarflóð við Eyrarbakka sem valdið hafa verulegu tjóni á mannvirkjum og fénaði. Fyrstu sjóvarnargarðarnir við Eyrarbakka voru byggðir af verslunareigendum árið 1788. Í kjölfar öflugss sjávarflóðs, sem olli miklu tjóni á varnargörðum, byggingum og eignum árið 1990, voru nýjir 1.400 metra varnargarðar byggðir við Eyrarbakka (Sveitarfélagið Árborg, 2017). Fjaran við Eyrarbakka er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 750) vegna sérstæðs lífríkis (Umhverfisstofnun, 2017). Jafnframt hefur Náttúrufræðistofnun Íslands flokkað fjörur og grunnsævi við Eyrarbakka sem mikilvægt fuglasvæði. Endanleg staðsetning útrásar liggur ekki fyrir en verður ákveðin á grundvelli dreifingarspár.

Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólps gæti hafsvæðið við Eyrarbakka flokkast undir síður viðkvæmt svæði. Síður viðkvæmt svæði eru meðal annars sjór eða hafsvæði þar sem losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif, opnir flóar, ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofauðgun eða súrefnisþurrð. Skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólps er skylt að hreinsa með a.m.k. eins þreps hreinsun eða sambærilegri hreinsun, t.d. með síubúnaði, þegar skólps er losað í síður viðkvæman viðtaka. Umhverfisstofnun hefur ekki skilgreint hafsvæðið við Eyrarbakka sem síður viðkvæmt svæði. Ef þessi valkostur verður gerður að aðalvalkosti verður óskað eftir skilgreiningu Umhverfisstofnunar á viðtakanum.

3.4 Helstu framkvæmdaþættir

3.4.1 Hreinsistöð

Skólphreinsistöðin verður um 335 m² hús úr bentri steinsteypu með um 5 m lofthæð (mynd 3-5 og tafla 3-1). Áætlaður grunnflötur byggingar er um 280 m² og stærð lóðar um 24.273 m² Hreinsistöðin samanstendur af móttökubrunni með neyðaryfirfalli, grjótgildru, sveifluþró, dælurými, vinnslusal, starfsmannarými, töfluherbergi og útrennslisbrunni. Rýmin sem eru neðanjarðar eru dýpst tæplega 6 m djúp.

TAFLA 3-1 Helstu kennistærðir fyrir fyrirhugaða hreinsistöð við Geitanes.

Stærð hreinsistöðvar	335 m ²
Stærð lóðar	24.273 m ²
Lengd útrásar (frá hreinsistöð að útrás í Ölfusá)	Um 650 m
Lengd útrásar (frá hreinsistöð að útrás við Eyrarbyggahöfn)	12,5 km
Þvermál útrásar	600-800 mm
Lengd neyðarútrásar	170 m
Hámarksrennsli gegnum hreinsisúr	600 l/s en stækkanleg í 900 l/s ef t.d. frárennsli frá Sláturfélagi Suðurlands og öðrum iðnaði norðan ár er flutt yfir ána.
Áætlað magn ristarúrgangs	25.000 kg/ári

3.4.2 Hreinsun skólps

Í dag er skólps sem kemur frá Selfossi að mestu losað óhreinsað í Ölfusá og miðast núllkostur við óbreytt ástand. Óhreinsað skólps inniheldur mikið af bakteríum og lífrænum efnum, auk næringarefna. Þessi efni geta nýst sem næringarefni fyrir ófrumbjarga bakteríur sem geta fjarlægt uppleyst súrefni úr vatni.

Hreinsun á skólpi gerist í þrepum og fer það eftir viðkvæmni viðtakans hversu mikil hreinsun er nauðsynleg.

3.4.2.1 Grófhreinsun

Einn valkosta sem lagður verður fram til mats á umhverfisáhrifum er hreinsistöð með grófhreinsun með útrás í sjó við Eyrarbakka, þar sem hreinsað verði burt rusl yfir ca. 2 mm sem hefur annars lítil áhrif á hreinsun mengunarefna.

3.4.2.2 Eins þreps hreinsun

Einn valkosturinn sem lagður verður fram til mats á umhverfisáhrifum er eins þreps hreinsistöð, með útrás í Ölfusá við Geitanes. Áætlað er að eins þreps hreinsun í fyrirhugaðri hreinsistöð verði grófhreinsun með þrepa síum þar sem hreinsað verði burt rusl yfir ca. 2 mm. Þar á eftir fylgir viðbótar hreinsistig með beltasíum, sem hreinsa hærra hlutfall mengunarefna auk hluta af t.d. örplasti.

3.4.2.3 Tveggja þrepa hreinsun

Annar valkosturinn sem lagður verður fram til mats á umhverfisáhrifum er tveggja þrepa hreinsistöð með útrás í Ölfusá. Samkvæmt reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólpl telst rotþró með siturlögn eða sandsíu vera tveggja þrepa hreinsun. Slíkt fyrirkomulag hentar hins vegar ekki þegar gegnumrennsli er orðið mjög mikið. Í tveggja þrepa hreinsun er skólpið hreinsað með mismunandi hætti umfram eins þreps hreinsun, oft með líffræðilegum aðferðum, en einnig er hægt að beita viðbótar síulausnum og/eða efnafræðilegum aðferðum. Við tveggja þrepa hreinsun þarf hreinsun svifagna að hafa náð yfir 90% og lækkun BOD₅ að hafa náð 70-90%, samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólpl nr. 798/1999. Nitur og fosfór lækka einnig við tveggja þrepa hreinsun en lækkunin er minni en í tilvikum svifagna og BOD₅, gjarnan um 20-40%.

3.4.2.4 Ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa

Ítarlegri hreinsun gengur út á frekari lækkun á styrk næringarefna, þ.e.a.s. köfnunarefnis (N) og fosfórs (P). Ef styrkur næringarefna í hreinsuðu fráveituvatni er of hár þegar það kemur út í viðtakann getur það leitt til ofauðgunar í þörungavexti og súrefnisþurrðar í viðtakanum sem hefur slæm áhrif á lífríki hans. Þess utan er nítrít (NO₂⁻, ákveðið form köfnunarefnis) eitruð fyrir fisk, jafnvel þótt styrkleiki þess sé lágur. Með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa er hægt að minnka styrk köfnunarefnis og fosfórs og er það gert ýmist með efnafræðilegum eða líffræðilegum aðferðum (með örverum úr skólpinu). Ef styrkur fosfats í hinu óhreinsaða skólpi er hár getur verið erfitt að lækka styrk þess með líffræðilegum aðferðum eingöngu. Ef þetta er tilfellið er hægt að fella út fosfór með efnafræðilegum aðferðum að lokinni líffræðilegri hreinsun, en efnafræðilegar aðferðir geta verið kostnaðarsamar vegna innkaupa á efnum til útfellingar fosfórs. (Winther et al., 1998).

Krafa reglugerðar um fráveitur og skólpl um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa er að nitur og fosfór lækki um 80%.

Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir því hvernig staðið yrði að ofangreindum hreinsunum og hvernig þær lausnir samræmast lögum og reglugerðum.

3.4.3 Lagnir

Núverandi fráveitukerfi liggur að fyrirhugaðri hreinsistöð. Núverandi útrásarlögn liggur í norður frá stofnfráveitulögninni um landfyllingu út í Ölfusá og verður sú lögn notuð sem yfirfallslögn eftir að ný útrásarlögn hefur verið lögð. Ekki er því um að ræða rask vegna tengingar við núverandi fráveitukerfi. Tveir útrásarvalkostir eru í skoðun, þ.e. annars vegar í Ölfusá og hins vegar í sjó við Eyrarbakkahöfn. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir að grafa niður í jörðu 600-800 mm svera útrásarlögn úr plasti. Umhverfis lögnina verður 150 mm þykkt lag úr mulningi (0-25 mm). Uppgrafna efnið verður sett ofan á mulningslagið. Við framkvæmdir verður leitast við að varðveita svarðlag og leggja það ofan á raskaða svæðið í lok framkvæmdar.

3.4.3.1 Útrás í Ölfusá

Þessi valkostur felur í sér að leggja útrás frá fyrirhugaðri hreinsistöð út í Ölfusá. Geitanes er í raun hraunkantur og þarf því að sprengja lögnina niður. Gert er ráð fyrir að lögnin yrði boruð ofan frá árbakkanum og undir árbotninn út í miðjar Geitanesflúðir, um 20 m frá árbakkanum þar sem megnið af rennsli Ölfusár er. Þannig þarf ekki að raska árbakkanum/hraunkantinum og útrásarlögnin verður ekki sýnileg. Reiknað er með að bora tvær pípur út í ána. Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir hvernig staðið verður að lögn útrásar í Ölfusá.

3.4.3.2 Útrás í sjó

Reiknað er með að skólp muni renna út um útrásarlögn við Eyrarbakkahöfn, en endanleg staðsetning liggur ekki fyrir. Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir hvernig staðið verður að lögn útrásar í sjó og vali á staðsetningar útrásarinnar á grundvelli dreifingarlíkans.

3.4.4 Vegagerð

Aðkoma að hreinsistöðinni er frá Hagalæk um núverandi 6 m breiðan veg með bundnu slitlagi. Vegurinn er kominn alla leið að hreinsistöðinni. Gert er ráð fyrir að leggja plan sem verður nýtt sem athafnasvæði vegna starfseminnar. Jafnframt er gert ráð fyrir a.m.k. 3 bílastæðum ásamt gönguleið um svæðið sem nær frá þéttbýli Selfoss og vestur á gamla leið í Sandvikurlandi. Vegna nálægðar við veg er ekki talin þörf á að ráðast í slóðagerð í tengslum við lagningu lagna niður að Eyrarbakka. Ef það reynist nauðsynlegt að gera slóða vegna aðstæðna á einstökum stöðum, má reikna með að leggja þurfi 3 m breiðan og 40-60 cm þykkan slóða af burðarhæfu efni úr Ingólfsfjalli.

3.4.5 Efnistaka

Efnistaka vegna verksins verður úr námu við Ingólfsfjall. Gert er ráð fyrir að uppgrafið efni úr lagnaskurðum verði endurfyllt í skurðina og umframefni jafnað á staðnum og/eða flutt brott á móttökustað jarðvegs. Áætluð efnispörf af malarefni er um 2.400 m³ fyrir útrás í Ölfusá og um 26.000 m³ fyrir lögn niður að Eyrarbakka.

3.4.6 Förgun úrgangs

Í hreinsivirkinu verður eftir síu- og ristarúrgangur ásamt lífrænu efni, sandi, fitu og aðskotahlutum. Úrgangurinn verður hreinsaður úr þróm hreinsistöðvar og komið í förgun hjá viðurkenndum aðilum.

3.5 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Eftir atvikum getur framkvæmdin verið háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar samkvæmt 13. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010. Sveitarstjórnir hafa jafnframt lögsögu innan netlaga sem eru 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði.
- Byggingarfulltrúar veita byggingarleyfi skv. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt 14. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.
- Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/2004, varnir gegn mengun vatns og stranda þarf Umhverfisstofnun að samþykkja lagningu neðansjárleiðslna, en útrás í sjó fellur þar undir.
- Fiskistofa veitir leyfi til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Ef hrófla þarf við fornleifum þarf samþykki Minjastofnunar Íslands samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Vegna breytingar á aðalskipulagi þarf að sækja um leyfi til að taka land úr landbúnaðarnotum samkvæmt 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Framkvæmdin er einnig háð ýmsum leyfum er snúa að verktökum, svo sem vegna aðbúnaðar á vinnustöðum, sprengivinnu og fleiru.

3.6 Samræmi við skipulag

3.6.1 Landsskipulag

Í landskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi m.a. vatnsvernd og fráveitu. Áhersla er lögð á umhverfisvænar lausnir. Þá er tekið fram að huga þurfi að áhrifum fráveitu frá landi á vistfræði strandsvæða. Framkvæmdin er talin samræmast ágætlega landskipulagsstefnunni, enda er markmið framkvæmdarinnar að vernda almenning og umhverfið gegn mengun.

3.6.2 Aðalskipulag

Í gildandi Aðalskipulagi Árborgarar 2010-2030 er fjallað um fráveitu á Selfossi. Þar segir: „Búið er að sameina allar útrásir sunnan Ölfusár í eina útrás, sem staðsett er vestan byggðar og neðan flugvallar. Við þessa útrás er gert ráð fyrir hreinsun og dælustöð þar sem fráveituvatni verði dælt áfram í

fyrirhugaða útrás vestan Geitaness. Land er tekið frá þar sem hægt verður að hreinsa fráveituvatn. Ekki er endanlega búið að taka ákvörðun um umfang hreinsunar, hvorki hvaða aðferð verður notuð eða tímasetning hreinsunar. Norðan Ölfusár eru þrjár útrásir sem samkvæmt núverandi áætlun verða sameinaðar og dælt yfir Ölfusá í safnræsi á suðurbakka árinna. Ekki er búið að ákveða gerð og legu þeirra lagna og verður aðalskipulagi breytt þegar sú ákvörðun liggur fyrir“. (Vinnustofan Þverá ehf., 2011, bls. 51-52).

Í almennri umfjöllun um fráveitur í sveitarfélaginu kemur einnig fram að: „Unnið er að framtíðarlausnum í fráveitumálum sveitarfélagsins, sbr. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Stefnt er að því að hreinsa allt skólp áður en því er veitt í viðtaka. Eldri útrásir verða sameinaðar í eina útrás í hreinsi- og dælistöðvar sem verða reistar við hvern þéttbýlisstað. Í byrjun verður um síun grófra efna úr skólpinu að ræða en pláss verður tekið frá fyrir lífræna hreinsun.“ Ennfremur er tekið fram að: „Unnið er að því að öllu frárennsli og skólpi frá íbúum og fyrirtækjum Árborgar sé fundinn viðunandi farvegur. Með þessu verki tryggjum við hreinni ár, árbakka, sjó og fjörur og stuðlum að bættu og enn meira aðlaðandi umhverfi í Árborg. Hreinar fjörur munu laða að sér fleira fólk og svæðið í heild sinni fær hlýlegri ásýnd.“ (Vinnustofan Þverá ehf., 2011, bls. 52).

Skipulagsvæði hreinsistöðvar er skv. Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 á skilgreindu iðnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir dælu- og hreinsistöð. Svæðið er afmarkað með gráum lit og merkt s30. Ekki er gert ráð fyrir lagnaleið og útrás að Eyrarbakkahöfn í gildandi aðalskipulagi. Jafnframt er fyrirhuguð lagnaleið að útrás við Geitanes lítillaga breytt miðað við gildandi aðalskipulag. Mögulega þarf stærra svæði undir starfsemi hreinsistöðvar, sér í lagi ef ákveðið verður að byggja hreinsistöð með tveggja þrepa eða ítarlegri hreinsun. Aðalskipulag verður endurskoðað með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismats.

3.6.3 Deiliskipulag

Á svæðinu þar sem fyrirhugað er að hreinsistöð muni rísa er ekkert deiliskipulag í gildi. Tillaga að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu við Sandvik í Árborg með útrás við Geitanes hefur verið lögð fram og á eftir að samþykkja hana. Framkvæmdin fyrir eins þreps hreinsun er í samræmi við þá tillögu. Deiliskipulagið gerir hins vegar ekki ráð fyrir útrás við Eyrarbakkahöfn. Þegar fyrir liggur ákvörðun um hvaða valkostur verður fyrir valinu eftir að mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir verður ráðist í breytingar á skipulagi, eftir því sem nauðsynlegt er, í samræmi við það sem leiðir af þeim framkvæmdum sem ráðast á í.

Ef útrás verður út í sjó við Eyrarbakka er gert ráð fyrir að grafa lögnina frá hreinsistöð suður með flugvellinum að Eyrarbakka og vestan hans að Eyrarbakka. Þar er fyrir háspennustrengur og aðrar lagnir þannig að um er að ræða svæði sem þegar hefur verið raskað.

Eitt deiliskipulag er í gildi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Meðfram veginum við Tjarnarbyggð er í gildi deiliskipulag með skipulagsnúmer 7553. Hugsanleg lagnaleið lendir á jaðrinum á deiliskipulaginu vestan og norðan megin. Á ofangreindu deiliskipulagi er ekkert annað skipulagt á því svæði sem hugsanleg lagnaleið myndi liggja og er því framkvæmdin í samræmi við deiliskipulag.

3.7 Eignarhald á landi

Landið þar sem hreinsistöðin mun rísa er í eigu Árborgar. Ef útrás verður út í sjó við Eyrarbakka mun lögnin fara bæði um land í einkaeigu og land í eigu sveitarfélagsins.

4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 Forsendur mats á umhverfisáhrifum

4.1.1 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Mat á umhverfisáhrifum er unnið í samræmi við lög nr. 106/2000. Matinu er ætlað að tryggja að umhverfisáhrif framkvæmda séu innan ásættanlegra marka. Nánar tiltekið eru markmið laganna:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna,
- d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

4.1.2 Ástæða umhverfismats

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tölulið 11.04 í 1. viðauka laganna eru skólphreinsivirki frá íbúðabyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þalnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira, ávallt háð mati á umhverfisáhrifum. Þar sem fjöldi persónueininga í því skólpi sem hér um ræðir hefur í sumum tilfellum verið að mælast yfir þessum mörkum telst framkvæmdin matsskyld. Framkvæmdaraðila ber því að lýsa grunnástandi umhverfis og meta á kerfisbundinn hátt þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en stjórnvöld geta tekið ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð.

4.1.3 Hverjir vinna umhverfismatið

Sveitarfélagið Árborg hefur falið EFLU hf. verkfræðistofu að hafa umsjón með mati á umhverfisáhrifum. Sérstök verkefnisstjórn hefur verið skipuð um matið (tafla 4-1), en að matsvinnunni koma jafnframt fleiri starfsmenn EFLU. Þá hefur sjálfstæðum sérfræðingum verið falið að annast rannsóknir á vissum umhverfisþáttum, s.s. vatnsgæðum, lífríki viðtaka, gróðurfari og fuglalífi (tafla 4-2). Nánari upplýsingar um aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga og framkvæmd matsins má finna í kafla 4.5.

TAFLA 4-1 Verkefnisstjórn við mat á umhverfisáhrifum.

AÐILAR	HLUTVERK	STARFSMENN
Sveitarfélagið Árborg	Verkefnisstjóri framkvæmdaraðila	Jón Tryggvi Guðmundsson
EFLA hf.	Verkefnisstjóri umhverfismats og ritstjóri frummatsskýrslu	Ólafur Árnason
EFLA hf.	Verkefnisstjóri hönnunar	Páll Bjarnason

TAFLA 4-2 Yfirlit yfir þá sérfræðinga sem koma að rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum.

AÐILI	HLUTVERK
Hafrannsóknastofnun	Rannsóknir á vatnsgæðum og lífríki Ölfusár
Dr. Ólafur Einarsson náttúrufræðingur og Jóhann Óli Hilmarsson	Rannsóknir á fuglalífi og gróðurfari
Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur	Fornleifakönnun
Vatnaskil	Gera dreifingarspá fyrir uppleyst efni í Ölfusá og strandsjó

4.2 Matsferlið

Matsferlinu má í grófum dráttum skipta í tvennt, annars vegar vinnu áætlunar um gerð umhverfismatsins sem er kynnt í matsáætlun og hins vegar vinnslu umhverfismatsins sjálfs sem kynnt er í frummatsskýrslu. Almenningi og umsagnaraðilum gefast nokkur tækifæri til að leggja fram athugasemdir eða ábendingar í matsferlinu.

4.2.1 Matsáætlun: Óskað er eftir ábendingum fyrir komandi matsferli

Það er mikilvægt fyrir framkvæmdaraðila að fá sem fyrst fram ábendingar og umræðu um hvernig á að standa að mati á fyrirhugaðri framkvæmd. Ábendingar um mögulega valkosti, umhverfisþætti sem tilefni er til að leggja til grundvallar í matinu eða upplýsingar um grunnástand svæðisins eru dæmi um gagnlegar upplýsingar í upphafi matsferlisins.

Tillaga að matsáætlun er fyrsta skref matsferlisins, en í henni er að finna áætlun um þá þætti framkvæmdar og umhverfis sem lögð verður áhersla á við matsvinnuna og fjallað verður um í frummatsskýrslu. Áætlunin er nokkurs konar verkáætlun fyrir framkvæmdaraðila, Skipulagsstofnun, umsagnaraðila og almenning til að vinna eftir og fylgjast með hvort fullnægjandi upplýsingar muni komi

fram í frummatsskýrslu um framkvæmd, starfsemi sem henni fylgir og áhrif á umhverfið. Í tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, þeim valkostum sem á því stigi hafa komið til umræðu og framkvæmda- og áhrifasvæði, ásamt þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum. Í tillögu að matsáætlun er því jafnframt lýst hvernig staðið er að rannsóknum og mati á áhrifum.


Tillaga að matsáætlun er kynnt tvisvar. Lokið er kynningu á *drögum að tillögu að matsáætlun* og hefur Sveitarfélagið Árborg unnið úr þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust við drögin. Því er tillagan nú send til Skipulagsstofnunar, sem kynnir hana á vef sínum og leitar eftir umsögnum. Að loknum fjögurra vikna kynningartíma tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsáætlunina. Stofnunin getur fallist á matsáætlunina með athugasemdum, sem verða þá hluti af matsáætluninni. Það þýðir að Sveitarfélagið Árborg þarf að vinna umhverfismatið í samræmi við tillöguna sem sveitarfélagið lagði fram og þær viðbætur sem Skipulagsstofnun gerir í ákvörðun sinni.

4.2.2 Frummatsskýrsla: Óskað verður eftir athugasemdum og ábendingum við niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum á að veita yfirsýn yfir grunnástand umhverfis án framkvæmdar og sýna hvaða breytingar geti orðið ef af framkvæmd verður. Í frummatsskýrslu er fylgt eftir þeim rannsóknum og athugunum sem framkvæmdar voru vegna mats á umhverfisáhrifum og greint var frá í matsáætlun. Ef vikið er frá matsáætlun í frummatsskýrslunni þarf framkvæmdaraðili að gera nákvæma grein fyrir því í hverju frávikið felst og rökstyðja það sérstaklega. Í frummatsskýrslu eru borin saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem að til greina koma. Gerð og kynning frummatsskýrslu er því mikilvægur liður í að greina virkni mismunandi valkosta til að uppfylla markmið þessarar framkvæmdar, og bera saman umhverfisáhrif þeirra.

Þegar athugasemdir og umsagnir hafa borist við frummatsskýrslu er þeim svarað. Svörin eru skrifuð inn í lokaskýrslu, sk. matsskýrslu sem svo er send til Skipulagsstofnunar. Byggt á matsskýrslu veitir Skipulagsstofnun svo álit sitt á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Sveitarstjórnun ber að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar við útgáfu framkvæmdaleyfa.

Þær aðferðir sem beitt er við mat á umhverfisáhrifum eru í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. og reglugerð nr. 660/2015. Matsferlið skv. lögunum má sjá á mynd 4-1. Nánari upplýsingar um matsferlið má finna á vef Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is).



MYND 4-1 Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br.

4.3 Framkvæmdaþættir sem hafa áhrif á umhverfið

Helstu þættir framkvæmdar sem talið er að geti valdið umhverfisáhrifum eru:

- Meðhöndlun og losun skólps í viðtaka
- Bygging hreinsistöðvar
- Lagnagerð
- Vegagerð

Áhrif vegna byggingar hreinsistöðvar, lagnagerðar og vegagerðar eru að mestu bundin við framkvæmdatíma en áhrif losunar skólps í viðtaka við rekstartíma.

4.4 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Þeir umhverfisþættir sem talið er að geti mögulega orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar, á framkvæmda- eða rekstartíma, eru:

- Vatnsgæði viðtaka
- Lífríki viðtaka
- Lykt
- Sjónræn áhrif
- Útivist
- Gróðurfar
- Fuglalíf
- Landnotkun
- Fornleifar
- Jarðmyndanir
- Vatnsverndarsvæði
- Landslag

TAFLA 4-3 Yfirlit yfir möguleg umhverfisáhrif helstu framkvæmdaþátta.

	MEÐHÖNDLUN OG LOSUN SKÓLPS Í VIÐTAKA	BYGGING HREINSISTÖÐVAR	LAGNAGERÐ	VEGAGERÐ
Vatnsgæði viðtaka	X			
Lífríki viðtaka	X			
Lykt	X			
Sjónræn áhrif	X	X	X	X
Útivist	X	X	X	X
Gróðurfar	X	X	X	X
Fuglalíf	X	X	X	X
Landnotkun	X	X	X	X
Fornleifar		X	X	X
Jarðmyndanir		X	X	X
Vatnsverndarsvæði	X	X	X	X
Landslag		X	X	X

4.5 Umhverfisþættir sem fjallað verður um í frummatsskýrslu

Hér á eftir verður stuttlega fjallað um þá umhverfisþætti sem talin er ástæða til að fjalla um í frummatsskýrslu. Gerð verður grein fyrir þeim rannsóknum sem þegar hafa verið framkvæmdar eða eru fyrirhugaðar og áætlaðri umfjöllun í frummatsskýrslu.

Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á einstaka umhverfisþætti kemur til með að byggja á framlögðum matsspurningum, viðmiðum úr stefnuskjölum stjórnvalda, lögum og reglugerðum, fyrirliggjandi gögnum sem og nýjum sem aflað verður í matsferlinu. Mat á einkennum og vægi áhrifa mun byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar þar um.

4.5.1 Vatnsgæði viðtaka

4.5.1.1 Áhrif framkvæmdar

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði viðtaka tengjast einkum efnum, lífrænum og ólífrænum, ásamt gerlum sem kunna að berast með skólpi í viðtaka.

4.5.1.2 Áhrifasvæði

Við afmörkun áhrifasvæðis vegna áhrifa á vatnsgæði viðtaka er miðað við annars vegar vatnasvið Ölfusár neðan útrásar í ána og hins vegar sjó umhverfis mögulega útrás í sjó og nærliggjandi strandsvæði.

4.5.1.3 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- a. Hver er styrkur efna í vatni (pH, leiðni, uppleyst næringarefni, -aðalefni, -snefilefni, lífrænt kolefni og hormón) ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- b. Hvaða áhrif hefur framkvæmdin, m.v. framlagða valkosti, á vatnsgæði viðtaka?

4.5.1.4 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Hafrannsóknarstofnun stóð að sýnatöku í Ölfusá haustið 2017 og greiningu á styrk efna með áherslu á ofangreind efni til að meta vatnsgæði við núverandi ástand. Sýnataka fór fram í útrás frárennslisins, ofan og neðan við útrás frárennslis við Sandvík og beint úr vatnsflaumi Ölfusár af brú við Selfoss. Mælingar fóru fram á sýrustigi (pH), leiðni, og styrk næringarefna, aðalefna og snefilefna í vatni, sem og heildarstyrk lífræns kolefnis (TOC) og hormóna (17-beta-östradiól og 17-alfa-etínýlöstradiól) í vatni. Sýnum til mælinga á uppleystum efnum og TOC var safnað á öllum fjórum sýnatökustöðunum en sýni til mælinga á hormónum voru tekin á þremur stöðum, í útrás frárennslisins og ofan og neðan við útrás frárennslis við Sandvík. Nánari umfjöllun verður um niðurstöður Hafrannsóknarstofnunar í frummatsskýrslu.

Jafnframt verður stuðst við önnur fyrirliggjandi gögn, s.s. niðurstöður reglubundinnar vöktunar á gerlamagni og efnainnihaldi fráveituvatns sem Mannvit hefur annast frá árinu 2014 (Mannvit 2014, 2016a, 2016b, 2017a og 2017b), efnavöktun Jarðvísindastofnunar og Veðurstofunnar í Ölfusá 1996–2016 (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2017), mengunarflokkun Ölfusár frá 2010 (Tryggvi Þórðarson, 2010) og rannsóknir Vatnaskila í Ölfusá (Gísli Steinn Pétursson og Sveinn Óli Pálmarsson 2014) og sjó við Eyrarbakka (Luiz Gabriel Camargo og Sveinn Óli Pálmarsson 2008; Sveinn Óli Pálmarsson 2007).

4.5.1.5 Aðferðafræði rannsókna og mats

Hafrannsóknarstofnun leggur mat á vatnsgæði Ölfusár við núverandi ástand út frá mælingum á styrk uppleystra efna í Ölfusá, og metur næmni Ölfusár gagnvart hækkuðum styrk efna sem eiga uppruna sinn ofar í ánni. Niðurstöður mælinganna munu jafnframt leggja grunninn fyrir samanburð valkosta framkvæmdarinnar gagnvart vatnsgæðum viðtakans sem fram fer með líkani Vatnaskila.

Vatnaskil mun vinna dreifingarspá fyrir uppleyst efni í Ölfusá fyrir mismunandi kosti vegna losunar í ána og jafnframt vinna dreifingarspá í sjó við útrás hjá Eyrarbakka höfn og leggja mat á möguleg áhrif útrásarinnar á vatnsgæði sjós. Dreifingarspáin verður jafnframt nýtt við val á staðsetningu fyrir útrás sem uppfyllir kröfur reglugerða og lágmarkar hættu á að straumar beri hreinsað skólp að landi.

4.5.1.6 Framsetning í frummatsskýrslu

Greint verður frá niðurstöðum ofangreindra rannsókna, mat lagt á áhrif framkvæmdar á vatnsgæði og fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.

4.5.2 Lífríki viðtaka

4.5.2.1 Áhrif framkvæmdar

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki viðtaka tengjast einkum áhrifum skólplosunar á frumframleiðendur, smádýr og fiska.

4.5.2.2 Áhrifasvæði

Við afmörkun áhrifasvæðis vegna áhrifa á lífríki viðtaka er miðað við annars vegar vatnasvið Ölfusár neðan útrásar í ána og hins vegar sjó umhverfis mögulega útrás frá Eyrarbakka og nærliggjandi strandsvæði.

4.5.2.3 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- a. Hver er lífmassi blábaktería ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- b. Hver er samsetning, fjölbreytni, þéttleiki og lífmassi þörunga ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- c. Hvert er magn blaðgrænu ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- d. Hver er samsetning, fjölbreytni, þéttleiki og lífmassi hryggleysingja ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- e. Hver er lífmassi, fjölbreytni, þéttleiki og ástand laxfiskaseiða ofan og neðan núverandi útrásar í Ölfusá?
- f. Er magn hormóna (17-beta-östradiól og 17-alfa-etinylöstradiól) meira neðan útrásar fráveitu en ofan hennar?
- g. Hver er styrkur ofangreindra hormóna í seiðum laxafiska úr Ölfusá, ofan og neðan fráveitu?
- h. Hvaða áhrif hefur framkvæmdin, m.v. framlagða valkosti, á lífríki viðtaka?

4.5.2.4 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Hafrannsóknastofnun mun annast rannsóknir á mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Ölfusár. Einnig verður stuðst við fyrirliggjandi gögn stofnunarinnar um laxfiskaseiði í Ölfusá og veiði. Þá verða þar til bærir sérfræðingar fengnir til að vinna dreifingarspá fyrir uppleyst efni í sjó við útrás hjá Eyrarbakkahöfn, sbr. umfjöllun um gögn og rannsóknir og aðferðafræði í kafla 4.5.1, sem nýttar verða við að meta möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið í sjónum.

4.5.2.5 Aðferðafræði rannsókna og mats

Lífríki Ölfusár: Gert er ráð fyrir að lífmassi þörunga og blábaktería verði mældur á 10 steinum sem safnað verður af botni út frá tilviljunarkenndu úrtaki á tveimur stöðvum, ofan og neðan núverandi útrásar, þar sem vöktun seiða hefur farið fram. Fjölbreytni og þéttleiki þörunga verður mældur af þremur steinum sem safnað verður af botni út frá tilviljunarkenndu úrtaki á hvorum stað. Blaðgræna verður mæld, þörungar greindir og gerður samanburður á milli stöðva ofan og neðan frárennslis. Einnig er gert ráð fyrir að mæla fjölbreytni, þéttleika og lífmassa hryggleysingja með því að safna 10 steinum af botni á tilviljunarkenndan hátt af hvorum stað. Allt sem á steinum er verður vandlega burstað af og sýnin varðveitt í 70% etanóli til frekari skoðunar. Ofanvarp hvers steins verður rissað upp til að reikna megi fjölda dýra á flatareiningu. Smádýr verði greind til hópa og tegunda, eftir atvikum. Lífmassi, fjölbreytni, þéttleiki og ástand laxfiskaseiða hefur verið mældur á fjórum stöðum frá 1985. Stuðst verður við þessi gögn auk upplýsinga um veiði í Ölfusá. Sýni verða tekin úr vefjum seiða til mælinga á hormónum. Sýna var aflað haustið 2017. Mat verður lagt á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Ölfusár með hliðsjón af niðurstöðum ofangreindra rannsókna og rannsókna á vatnsgæðum.

Lagt verður mat á möguleg áhrif útrásar í sjó á lífríki hans út frá dreifingarspám um þynningu uppleystra efna.

4.5.2.6 Framsetning í frummatsskýrslu

Greint verður frá niðurstöðum ofangreindra rannsókna, mat lagt á áhrif framkvæmdar á lífríki viðtaka og fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.

4.5.3 Lyktarónæði

4.5.3.1 Áhrif framkvæmdar

Hreinsun og losun skólps geta haft í för með sér lyktarónæði, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að allt loft frá fyrirhugaðri hreinsistöð fari í gegnum síubúnað, sem dregur verulega úr lykt.

4.5.3.2 Áhrifasvæði

Lyktarmengun er líklega bundin við næsta nágrenni hreinsistöðvar og útrása.

4.5.3.3 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- a. Hvar má gera ráð fyrir að lyktarónæðis gæti?

- b. Hverjir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af lyktarónæði?

4.5.3.4 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Byggt verður á upplýsingum frá staðkunnugum og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um núverandi ástand. Við mat á mögulegum áhrifum framkvæmdar verður stuðst við upplýsingar um lyktardreifingu frá sambærilegum hreinsistöðvum í rekstri og upplýsingum um ríkjandi vindáttir úr næstu veðurstöð Veðurstofunnar.

4.5.3.5 Aðferðafræði rannsókna og mats

Ekki er gert ráð fyrir því að líkanreikna dreifingu lyktar. Þess í stað verður horft til staðsetningu hreinsistöðvar m.t.t. landnýtingar á aðliggjandi svæðum og upplýsinga úr öðrum sambærilegum verkum. Lýsing á núverandi ástandi kemur m.a. til með að byggja á upplýsingum um fjölda kvartana vegna lyktar til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og upplýsingum frá staðkunnugum.

4.5.3.6 Framsetning í frummatsskýrslu

Greint verður frá niðurstöðum ofangreindrar könnunar, mat lagt á lyktarónæði og fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.

4.5.4 Sjónræn áhrif

4.5.4.1 Áhrif framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar tengjast einkum mannvirkjum og losun skólps í viðtaka.

4.5.4.2 Áhrifasvæði

Hreinsistöðvarbyggingar munu sjást frá aðliggjandi svæðum og er áhrifasvæði vegna breytinga á ásýnd því umfangsmeira en sem nemur beinum áhrifum. Jafnframt kann að gæta sjónrænna áhrifa í næsta nágrenni útrása í viðtökum og lagna á landi.

4.5.4.3 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- Hvaðan verða mannvirki og ummerki losunar skólps sýnileg?
- Hverjir eru það sem helst munu sjá ummerki framkvæmdarinnar?

4.5.4.4 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Byggt verður á framkvæmdalýsingu, vettvangsferð um svæðið, ljósmyndum af svæðinu og upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um sjónræn ummerki skólps í Ölfusá við núverandi ástand.

4.5.4.5 Aðferðafræði rannsókna og mats

Stuðst er við aðferðafræði sem lögð er fram í leiðbeiningum um mat á áhrifum á landslag og ásýnd (Landscape Institute og Institute of Environmental Management, 1995, 2002, 2013). Áhersla verður á áhrif á ásýnd. Lagt er mat á umfang framkvæmdarinnar og áhrif hennar og þau borin saman við viðkvæmni svæðisins m.t.t. breytinga á ásýnd.

4.5.4.6 Framsetning í frummatsskýrslu

Greint verður frá niðurstöðum ofangreindrar könnunar, mat lagt á sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.

4.5.5 Útivist

4.5.5.1 Áhrif framkvæmdar

Lyktarmengun og sjónræn áhrif kunna að hafa áhrif á áhuga fólks til að stunda útivist, s.s. stangveiði, í námunda við framkvæmdasvæðið.

4.5.5.2 Áhrifasvæði

Áhrifasvæði þessa umhverfisþáttar tekur til árbakka og farvegjar árinna og losunarsvæða, sérstaklega í næsta nágrenni við útrásir og hreinsistöð.

4.5.5.3 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- a. Hvaða útivist er helst stunduð við bakka Ölfusár og þá sérstaklega í grennd við hreinsistöð og útrásir?
- b. Hvaða áhrif hefur framkvæmdin á útivist fólks?

4.5.5.4 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Byggt verður á upplýsingum úr aðalskipulagi, útgefnum veiðitölum og samtölum við staðkunnuga.

4.5.5.5 Aðferðafræði rannsókna og mats

Ekki er lagt til að fara í sérstakar rannsóknir á þessum þætti umfram yfirferð á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við staðkunnuga.

4.5.5.6 Framsetning í frummatsskýrslu

Í frummatsskýrslu verður lagt mat á hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á útivist. Fjallað verður um markverða staði og reynt að leggja mat á nýtingu mismunandi svæða. Lagðar verða til mótvægisáðgerðir ef þörf þykir.

4.5.6 Gróðurfar

4.5.6.1 Áhrif framkvæmdar

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar tengjast einkum beinni skerðingu og raski á gróðurlendum en framkvæmdin kann einnig að hafa óbein áhrif á fjöru- og/eða bakkagróður. Í því samhengi er vert að benda á að fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka eru á náttúruuminjaskrá vegna sérstæðs lífríkis (svæði nr. 750) og Kaldaðarnesengjar og Kaldaðarneseyjar vegna fjölbreytts votlendis með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi (svæði nr. 775). Framkvæmdin kann því að hafa áhrif á forsendur friðunar og/eða verndargildi svæðanna.

4.5.6.2 Áhrifasvæði

Framkvæmdin kemur einkum til með að hafa áhrif á gróðurfar innan framkvæmdasvæðis, þ.e. þar sem gera má ráð fyrir einhverju beinu raski á yfirborði, s.s. við lagnagerð og byggingu hreinsistöðvar. Einnig kann framkvæmdin að hafa áhrif á fjöru- og/eða bakkagróður í næsta nágrenni við útrásir.

4.5.6.3 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- Hvaða vistgerðir eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar?
- Hversu varanleg verða áhrif framkvæmdarinnar á gróður?
- Verða áhrif á vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd?
- Verða áhrif á bakkagróður sem skv. 62. gr. laga um náttúruvernd skal leitast við að viðhalda?
- Verða áhrif á skóga og kjarr sem njóta verndar skv. 6. og 7. gr. laga um skógrækt?
- Finnast sjaldgæfar tegundir, eða tegundir sem hafa verið friðlýstar eða settar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar?

4.5.6.4 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Dr. Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson voru fengnir til að lýsa gróðurfari á athugunarsvæðinu. Að auki verður byggt á vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, 2016) og upplýsingum sem aflað var í tengslum við lagningu 66 kV jarðstrengs og ljósleiðara milli Selfoss og Þorlákshafnar (EFLA, 2013).

4.5.6.5 Aðferðafræði rannsókna og mats

Í ágúst 2017 var gróður kannaður á og við Geitanes þar sem til stendur að reisa fyrirhugaða hreinsistöð. Gróðurfari var lýst, plöntutegundir skráðar og teknar myndir af gróðri og landi. Þekja og tegundasamsetning háplantna var könnuð á nokkrum stöðum, til þess að fá ítarlegri mynd af gróðrinum en plöntulisti gefur. Við þekjumælingu voru plöntur greindar til tegunda og þekja plantna metin sjónrænt, þá var notaður rammi 50 x 50 cm að stærð. Þekja var metin í prósentum (%). Gróðurfari á milli hreinsistöðvar og útrásar við Eyrarbakkahöfn verður einnig lýst með sambærilegum aðferðum sumarið 2018, með áherslu á óræktuð og lítt röskuð svæði. Þá verður fjörugróður athugaður á sniðum nærri fyrirhugaðri skolpútrás sumarið 2018. Möguleg áhrif útrásar í sjó á fjörugróður verða metin með hliðsjón af dreifingarspá fyrir uppleyst efni í sjó.

4.5.6.6 Framsetning í frummatsskýrslu

Greint verður frá niðurstöðum ofangreindra rannsókna, mat lagt á áhrif á gróður og plöntutegundir, varanleika áhrifa og fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á. Þar sem fyrirhuguð lögn frá hreinsistöð að útrás við Eyrarbakka höfn liggur að mestu á landi sem hefur verið raskað og til eru upplýsingar um gróðurfar á leiðinni er ekki talin þörf á að kanna gróðurfar sérstaklega í vettvangsferð. Af sömu ástæðu er ekki talin þörf á að birta gróðurkort í frummatsskýrslu.

4.5.7 Fuglalíf

4.5.7.1 Áhrif framkvæmdar

Möguleg áhrif framkvæmdar á fuglalíf tengjast einkum losun skólps í viðtaka, skerðingu búsvæða vegna framkvæmda og truflun á framkvæmdatíma. Á náttúruminjasrá eru þrjú svæði sem mögulega geta orðið fyrir beinum eð óbeinum áhrifum af framkvæmdinni. Í fyrsta lagi fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka vegna sérstæðs lífríkis (svæði nr. 750), í öðru lagi Varmá og Ölfusforir vegna fjölskrúðugs fuglalífs (svæði nr. 751) og í þriðja lagi Kaldaðarnesengjar og Kaldaðarneseyjar vegna fjölbreytts votlendis með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi (svæði nr. 775). Á austurbökkum Ölfusár er einnig fuglafriðland í Flóa sem í aðalskipulagi er skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Framkvæmdin kann að hafa áhrif á forsendur friðunar og/eða verndargildi þessara svæða. Þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands jafnframt skilgreint bæði Suðurlandsundirlendið og fjörur og grunnsævi við Eyrarbakka sem mikilvægt fuglasvæði.

4.5.7.2 Áhrifasvæði

Framkvæmdin kemur einkum til með að hafa áhrif á fuglalíf í næsta nágrenni útrása í viðtökum og innan framkvæmdasvæðis, þ.e. þar sem gera má ráð fyrir einhverju raski á yfirborði, s.s. við lagnagerð og byggingu hreinsistöðvar.

4.5.7.3 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- a. Hvaða fuglategundir finnast á áhrifasvæði framkvæmdarinnar?
- b. Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á fugla?
- c. Mun framkvæmdin hafa áhrif á stofnstærðir helstu fuglategunda á svæðinu?
- d. Hver eru hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lykil- og ábyrgðartegundir fugla á
- e. áhrifasvæðinu?
- f. Hver eru hugsanlega áhrif framkvæmdarinnar á fugla á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands?

4.5.7.4 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Dr. Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson voru fengnir til að rannsaka fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Einnig verður stuðst við önnur fyrirliggjandi gögn, s.s. árlegar vetrartalningar.

4.5.7.5 Aðferðafræði rannsókna og mats

Reglubundnar fuglatalningar voru gerðar á Ölfusá við núverandi skulpútrás frá því í júní 2017 og fram í júní 2018. Varpfuglar voru kortlagðir á því svæði sem fer undir hreinsistöð og sniðtalningar framkvæmdar á fyrirhugaðri lagnaleið milli hreinsistöðvar og mögulegrar útrásar í sjó við Eyrarbakka höfn í júní 2017 og júní 2018. Frá því í febrúar 2018 og þar til í júní 2018 voru fuglar taldir með ströndinni í nágrenni við fyrirhugaða útrás nærri Eyrarbakka höfn. Mat á mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf kemur til með að byggja á þessum talningum og öðrum fyrirliggjandi gögnum.

4.5.7.6 Framsetning í frummatsskýrslu

Greint verður frá niðurstöðum ofangreindra rannsókna, mat lagt á áhrif á fugla og fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.

4.5.8 Landnotkun

4.5.8.1 Áhrif framkvæmdar

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar tengjast einkum veiðihagsmunum í Ölfusá. Jafnframt er sölvataka við ósa Ölfusár og sæbjúgnaeldi á Eyrarbakka sem fjallað verður um í frummatsskýrslu. Einnig verður umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á möguleika til sjóbaða við ströndina.

4.5.8.2 Áhrifasvæði

Á landi einskorðast áhrifasvæði vegna landnotkunar við helgunarsvæði framkvæmdarinnar, svokallað byggingarbann, en áhrifasvæði vegna landnotkunar nær einnig til Ölfusár og sjávar.

4.5.8.3 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- a. Hver er árleg stang- og netveiði í Ölfusá?
- b. Hver eru möguleg áhrif framkvæmdarinnar á veiðihagsmuni í Ölfusá?
- c. Hver eru áhrif valkosta á sölvatöku við ósa Ölfusár, sæbjúgnaeldi á Eyrarbakka og möguleika til sjóbaða?

4.5.8.4 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Byggt verður á niðurstöðum rannsókna Hafrannsóknarstofnunar á áhrifum framkvæmdar á lífríki og vatnsgæði Ölfusár og upplýsingum um stang- og netaveiði. Jafnframt er litið til útreikninga á þynningu við umfjöllun um sölvatöku, sæbjúgnaeldi og sjóböð.

4.5.8.5 Aðferðafræði rannsókna og mats

Mat á mögulegum áhrifum valkosta á veiðihagsmuni í Ölfusá kemur einkum til með að byggja á niðurstöðum rannsókna Hafrannsóknarstofnunar á laxfiskum og smádýrum og upplýsingum um

veiðitölur. Möguleg áhrif valkosta á sölvatöku og sæbjúgnaeldi verða m.a. skoðuð með því að bera saman staðsetningu þessara staða við dreifingarspá um þynningu uppleystra efna. Sömu aðferð verður beitt til að meta áhrif framkvæmdarinnar á möguleika til sjóbaða, en þar verður einkum horft til opinberra viðmiða um gæði baðvatns.

4.5.8.6 Framsetning í frummatsskýrslu

Greint verður frá niðurstöðum ofangreindra athugana, mat lagt á áhrif á veiðihagsmuni og fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.

4.5.9 Fornleifar

4.5.9.1 Áhrif framkvæmdar

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar afmarkast fyrst og fremst af beinu raski vegna framkvæmdarinnar.

4.5.9.2 Matsspurningar

Matinu er ætlað að svara:

- a. Eru þekktar fornleifar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar?
- b. Stafar fornleifum hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum?

4.5.9.3 Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir

Margrét Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur, hefur verið fengin til að rannsaka fornleifar á svæðinu.

4.5.9.4 Aðferðafræði rannsókna og mats

Farið verður yfir örnefnaskrá og fyrirliggjandi skráningar um fornminjar. Athugunarsvæðið verður gengið og leitað að fornleifum. Öllum fornleifum verður lýst og þær staðsettar með GPS-hnitum. Lagt verður mat á það hvort fornleifum stafi hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum.

4.5.9.5 Framsetning í frummatsskýrslu

Í frummatsskýrslunni verður greint frá niðurstöðum skráninga, lagt mat hversu mikil hættu skapast á að minjar raskist og lagðar til mótvægisáðgerðir ef nauðsynlegt er.

4.6 Umhverfisþættir sem ekki er talin þörf á að skoða nánar í frummatsskýrslu

4.6.1 Jarðmyndanir

Áætlað framkvæmdasvæði sem fer undir hreinsistöð og lagnir er á Þjórsárhrauninu mikla sem kom upp á Veiðivatnasvæðinu fyrir um 8.000 árum þar sem sléttir helluhraunslákar og úfið apalhraun skiptast á. Bergtegund hraunsins er þóleít sem er eitt algengasta basaltafbrigði hér á landi (Árni Hjartarson, 1988). Svæðið er þakið lausum jarðefnum, sandi og lífrænum jarðvegi. Ekki er vitað til þess að

verndaðar jarðminjar séu á svæðinu. Svæðið er þegar gróið og lagnaleiðir fara að mestu um svæði sem þegar hefur verið raskað. Með hliðsjón af ofanrituðu er ekki talin þörf á að rannsaka sérstaklega jarðmyndanir á svæðinu eða fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir í frummatsskýrslu.

4.6.2 Vatnsverndarsvæði

Engin vatnsverndarsvæði er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Næsta vatnsverndarsvæði í grennd við framkvæmdarsvæðið er vatnsverndarsvæði á Flugunesi, grannsvæði og fjarsvæði (mynd 4-2). Grannsvæðið er í yfir 1 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og næstu mörk fjarsvæðis eru í yfir 1 km fjarlægð frá hreinsistöð og yfir 600 m fjarlægð frá fyrirhugaðri staðsetningu útrásarlagnar við Geitanes. Þá er annað vatnsverndarsvæði að finna suðaustan við hreinsistöð, sem er í yfir 3,5 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Vegna legu vatnsverndarsvæðanna og fjarlægðar frá framkvæmdasvæði er ekki talið að framkvæmdin geti haft áhrif á ofangreind vatnsverndarsvæði.



MYND 4-2 Vatnsverndarsvæði í grennd við framkvæmdasvæði. Rauður hringur sýnir staðsetningu hreinsistöðvar. Mynd fengin úr aðalskipulagi Árborgar 2010-2030.

Vatnsverndarsvæði í Sveitarfélaginu Ölfusi voru jafnframt skoðuð. Svæðin eru staðsett í yfir 11 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, fyrir ofan Þorlákshafnarveg (nr. 38). Vegna legu vatnsverndarsvæðanna og fjarlægðar frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er ekki talið að framkvæmdin muni hafa nokkur áhrif á vatnsverndarsvæði í Ölfusi.

Með hliðsjón af ofanrituðu er ekki talin þörf á að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á vatnsverndarsvæði í frummatsskýrslu.

4.6.3 Landslag

Ekki er talin þörf á sérstakri umfjöllun um bein áhrif mannvirkja á landslag í frummatsskýrslu, þar sem umfang áhrifanna á þennan umhverfisþátt er lítið.

4.7 Umfjöllun um valkosti í frummatsskýrslu

Á þessu stigi liggur aðalvalkostur ekki fyrir. Mat á umhverfisáhrifum verður nýtt til að bera saman umhverfisáhrif allra valkosta og leggja þær upplýsingar, ásamt samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði þeirra, til grundvallar þegar að ákvörðun verður tekin um hvaða leið verður farin.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

5.1 Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum gafst tækifæri til að kynna sér framkvæmdina og koma með athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun áður en þeim var skilað inn til Skipulagsstofnunar til formlegrar umfjöllunar. Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum var tveggja vikna frestur gefinn til að skila inn athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun. Í þessu tilfalli voru drögin kynnt um rúmlega þriggja vikna skeið. Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun var auglýst í Dagskránni á Suðurlandi og Fréttablaðinu og birtist auglýsing í þessum miðlum 13. desember 2017. Tillagan er aðgengileg á vef EFLU verkfræðistofu (www.efla.is). Athugasemdafrestur var til 5. janúar 2018.

Alls bárust athugasemdir frá 10 aðilum við drög að tillögu að matsáætlun en þeir eru:

1. Veiðifélag Árnesinga, dags. 15. janúar 2018
2. Erna Gunnarsdóttir, dags. 4. janúar 2018
3. Atli Gunnarsson, Guðrún Ásta Gunnarsdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir, dags. 3. janúar 2018
4. Óðinn K. Andersen, dags. 18. desember 2018
5. Sæbýli ehf., dags. 3. janúar 2018
6. Benedikt Jóhannsson, dags. 1. janúar 2018
7. Guðmundur Ármann, dags. 11. janúar 2018
8. Linda Ásdísardóttir, dags. 13. janúar 2018
9. Byggðasafn Árnesinga, dags. 3. janúar 2018
10. Sigurjón Vídalín Guðmundsson, dags. 11. janúar 2018

Athugasemdir og svör framkvæmdaraðila við athugasemdum er að finna í viðauka 1.

5.1.1 Samantekt helstu breytinga frá drögum að tillögu að matsáætlun í kjölfar athugasemda.

Í tillögu að matsáætlun er gerð sú breyting frá drögum að tekið er fyrir vafa um að fyrirætlanir framkvæmdaraðil samræmist ekki kröfum laga og reglugerða, þ.m.t. reglugerð 798/1999 um fráveitur

og skólþ. Varðandi þá valkosti sem lagðir eru fram til mats á umhverfisáhrifum er í tillögu að matsáætlun aukið við skýringar um að gert er ráð fyrir að hönnun og framkvæmdum við hreinsistöðina verði áfangaskipt til að flýta framkvæmdum og koma hreinsun á sem fyrst. Að sama skapi er því lýst að framkvæmdaraðili telur einnig æskilegt að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eins þreps hreinsunar, sem samsvarar fyrsta áfanga framkvæmdanna þar sem losað er í venjulegan viðtaka og þar af leiðandi krafa er gerð um tveggja þrepa hreinsun. Þá er einnig bætt úr skýringum í kafla 3.4.2, þ.e. að sú hreinsun sem fram fer við losun í sjó er grófhreinsun, sambærileg við skólphreinsistöðvar í Reykjavík. Þá var aukið á skýringar á uppruna þess skólps sem berst til hreinsistöðvarinnar, þ.e. leitast er við að skýra betur og aðgreina þann fjölda persónueininga sem berst frá byggð á Selfossi annarsvegar, og frá rekstraraðilum, s.s. Sláturfélagi Suðurlands svf. hinsvegar. Þá var aukið við skýringar á hreinsun skv. eins þreps hreinsun, þar sem hreinsun með beltasíum hefur verið bætt við fyrri áform, sem eykur hreinsun menungarefna og svifagna, auk þess sem hluti örplasts verður fjarlægður í eins þreps hreinsun.

Aukið var við umfjöllun um rannsóknir á viðtaka sem framkvæmdaraðili stendur fyrir bæði í Ölfusá og í sjónum við ströndina. Einnig er skýrt að staðsetning útrásar í sjó hefur ekki verið ákveðin, en staðsetningar verða valdar á grundvelli dreifingarspár og eins að gert er ráð fyrir því í líkangerð að skólþ frá Eyrarbakka og Stokkseyri sé tengt við útrásina. Einnig var aukið við umfang rannsókna í fjörunni, og mun umfjöllun verða um samsetningu fjörugróðurs í frummatsskýrslu.

5.2 Tillaga að matsáætlun

Sveitarfélagið Árborg hefur nú uppfært tillögu að matsáætlun með hliðsjón af athugasemdum sem bárust við drög tillögunnar. Tillaga að matsáætlun er því nú send til Skipulagsstofnunar. Þaðan verður tillagan send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar og þurfa svör þeirra að berast innan þess frests sem stofnunin veitir. Allir hafa rétt til að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun innan gefins frests. Að kynningartíma loknum tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsáætlunina með eða án athugasemda.

5.3 Kynning á frummatsskýrslu

Þegar Sveitarfélagið Árborg hefur lagt mat á umhverfisáhrif í samræmi við endanlega matsáætlun er gerð grein fyrir niðurstöðum matsins í frummatsskýrslu. Áætlað er að skila frummatsskýrslu til meðferðar hjá Skipulagsstofnun síðla árs 2018. Niðurstöður matsvinnunnar verða kynntar almenningi í samráði við Skipulagsstofnun á kynningartíma frummatsskýrslunnar. Frummatsskýrslan verður auglýst og gerð aðgengileg á opinberum stöðum auk þess að vera aðgengileg á vefnum.

6 HEIMILDASKRÁ

Árni Hjartarsson. (1988). Þjósárhraunið mikla- stærsta nútímahraun jarðar. *Náttúrufræðingurinn*, 58(1): 1-16.

EFLA. (2013). Selfoss – Þorlákshöfn, 66 kV jarðstrengur og ljósleiðari. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskýrslu. Unnið fyrir Landsnet. Landsnet-13029.

EDS. (2004). Hver er vatnsmesta á Íslands? Vísindavefurinn. Sótt þann 23.11.2017 af slóðinni: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4213>

Gísli Steinn Pétursson og Sveinn Óli Pálmarsson (2014). Líkangerð af Ölfusá til samanburðar á staðsetningum fráveituútrásar. Minnisblað unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg dags. 10. júlí 2014. Verkfræðistofan Vatnaskil.

Hagstofa Íslands. (2017). Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 2011-2017. Sótt þann 23.11.2017 af slóðinni: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2__byggdir__Byggdakjarnar/MAN03105.px/

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.). (2016). Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.

Landscape Institute og Institute of Environmental Management and Assessment. (1995, 2002 og 2013) Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment, Oxon: Routledge.

Luiz Gabriel Camargo og Sveinn Óli Pálmarsson (2008). Árborg. Drefing mengunar frá fyrirhuguðum útrásum við Eyrarbakka og Stokkseyri. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Verkfræðistofan Vatnaskil.

Magnús Jóhannesson og Sigurður Guðjónsson. (2012). Fiskrannsóknir og veiði á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Veiðimálastofnun.

Mannvit. (2014). Fráveita Árborgar – skilgreining viðtaka. Skilgreining Ölfusár sem viðtaka. Áfangaskýrsla. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, MV-2013-060.

Mannvit. (2016a). Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi og Ölfusá 4.-5. apríl 2016. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, MV-2016-017.

Mannvit. (2016b). Mat á fjölda persónueininga bakvið útrásir á Selfossi og spá um þróun næstu 10 ár. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Minnisblað unnið af Sverri Óskari Elefsen.

Mannvit. (2017a). Efnavöktun fráveituvatns á Selfossi og áhrif þess á Ölfusá. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, MV-2017-014.

Mannvit. (2017b). Vöktun gerlamagns og efnainnihalds fráveituvatns á Selfossi 27.-28. febrúar 2017. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Mannvit, MV 2017-009.

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2017). Kortavefsjá: Vistgerðir og fuglar á Íslandi. Sótt þann 6.12.2017 af slóðinni: <http://vistgerdakort.ni.is/>

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Sigurður Reynir Gíslason, Deirdre Clark, Svava Björk Þorláksdóttir, Jórunn Harðardóttir og Eydís Salome Eiríksdóttir (2017). Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Suðurlandi XX. Gagnagrunnur Jarðvísindastofnunar og Veðurstofunnar. RH-03-2017, 67 bls.

Sveinn Óli Pálmarsson (2007). Nýting flóðasvæðis á Eyrarbakka til byggingar. Niðurstöður 2. áfanga könnunar á byggingarhæfi. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Verkfræðistofan Vatnaskil og VGK Hönnun.

Sveitarfélagið Árborg. (2013). Um stöðu fráveitumála í Sveitarfélaginu Árborg. Sótt þann 5.12.2017 af slóðinni: <https://www.arborg.is/um-stodu-fraveitumala-i-sveitarfelaginu-arborg/>

Sveitarfélagið Árborg. (2017). Eyrarbakki. Sótt þann 11.12.2017 af slóðinni: <https://www.arborg.is/upplýsingar/frodleikur-um-arborg/eyrarbakki/>

Sveitarfélagið Árborg. (e.d.). Aðalskipulagsvefur 2010-2030. Sótt þann 5.12 af slóðinni: <https://www.arborg.is/stjornsysla/svid-og-deildir/skipulags-og-byggingardeild/skipulagsbreytingar-2/adalskipulagsvefur-2010-2030/>

Tryggvi Þórðarson. (2010). Mengunarflokkun Ölfusár. Sveitarfélagið Árborg.

Umhverfisstofnun. (2017). Náttúruminjaskrá Suðurlands. Sótt þann 6.12.2017 af slóðinni: <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudurland/>


Umhverfisstofnun. (2017b). Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014. Sótt þann 15. Júní af slóðinni: <https://www.ust.is/library/Skrar/utgefif-efni/astand-fridlystra-svaeda/Sto%CC%88%C3%B0usky%CC%81rsla%202017%20um%20fr%C3%A1rennslism%C3%A1I.pdf>

Verkfræðistofa Suðurlands ehf. (2013). Tillaga að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu við Sandvík í Árborg.

Vinnustofan Þverá ehf. (2011). Árborg aðalskipulag 2010-2030. Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg. Sótt þann 11.12.2017 af slóðinni: <https://www.arborg.is/wp-content/uploads/2010/01/greinargerð-Arborg-adalskipulag-2010-2030.pdf>

Winther, Leif, Henze, Mogens, Linde, Jens Jørgen, Jensen og H. Thorkild. (1998). Spildevandsteknik, Polyteknisk Forlag.

VIÐAUKI A YFIRLITSMYND AF FYRIRHUGAÐRI FRAMKVÆMD



ÚTG. DAGS.	ÚTGÁFUERILL	HANNAÐ TEIKN. YFIRF.
-	-	-
-	-	-
-	-	-
-	-	-
-	-	-

- HÁSPENNUSTRENGIR
- STOFNLAGNIR HITAVEITU
- STOFNLAGNIR VATNSVEITU
- MÖGULEG DÆLULÖGN AÐ EYRARBAKKA
- STOFNLAGNIR FRÁVEITU Á SELFOSSI
- REGNVATNSLAGNIR Á SELFOSSI
- ÚTRÁSARLÖGN AÐ GEITANESFLÚÐUM



TEIKNINÚMÉR	BLADSTÆRD	HANNAÐ:	PB
2839-080	A3	TEIKNAD:	PB
102		YFIRFARID:	BÁ
DAGS.	MÆLIKVARDI	ÚTGÁFA	
10.12.17	1:40000		

HREINSISTÖÐ VIÐ GEITANES SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG MÖGULEG LEGA DÆLULAGNAR AÐ SJÓ YFIRLITSMYND

SAMPYKKT:
Kennitala:

VIÐAUKI B YFIRLITSMYND AF FRAMKVÆMDASVÆÐI VIÐ SELFOSS



ÚTG. DAGS. ÚTGÁFUFRILL HANNAÐTEIKN. YFIRF.

- SVÆÐI FYRIR HREINSISTÖÐ, 2,7 ha
- ÚTRÁSARLÖGN AÐ GEITANESFLÚÐUM
- STOFNLAGNIR FRÁVEITU
- REGNVATNSLAGNIR
- MÖGULEG DÆLULÖGN AÐ EYRARBAKKA
- Sx ÚTRÁSIR SKOLPS, S2 OG S3 NEYÐARYFIRFÖLL
- Rx ÚTRÁSIR REGNVATNSLAGNA.
- xx SKÝRINGAR Í AÐALSKIPULAGI ÁRBORGAR 2012-2030



TEIKNINÚMÉR	BLASTÆRD	HANNAÐ:	PB
2839-080	A3	TEIKNAD:	PB
101		YFIRFARID:	BÁ
DAGS.	MÆLIKVARDI	ÚTGÁFA	
10.12.17	1:5000		

HREINSISTÖÐ VIÐ GEITANES

SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

STOFNLAGNIR FRÁVEITU Á SELFOSSI

YFIRLITSMYND

SAMPYKKT:
Kennitala:

**VIÐAUKI C INNSENDAR ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ
MATSÁÆTLUN**

Veiðifélag Árnesinga

EFLA verkfræðistofa.

Jón Ágúst Jónsson, líffræðingur M.Sc.

Höfðabakki 9, 110 Reykjavík.

Athugasemdir Veiðifélags Árneseinga við drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar Árborgar við hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi.

I. Mat á umhverfisáhrifum.

Eigi mat á umhverfisáhrifum að ná tilgangi sínum verður það að taka til allra þátta sem áhrif hafa við val á því hvernig haga beri fráveitu Selfoss í framtíðinni. Komi til álita að nýta Ölfusá sem viðtaka þarf slík rannsókn að vera ítarlegri en ella vegna þeirra sérstöku verndar sem yfirborðsvatn eins og Ölfusá nýtur að lögum.

Í tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017, kemur fram að á þessu stigi liggi ekki fyrir hvort framkvæmdin nái til skólps frá iðnaðar- og íbúðarhverfum norðan ár eða hvort meðferð þeirrar losunar verði með öðrum fullnægjandi hætti. Þá segir að iðnaðarskólpl frá Sláturhúsi Suðurlands muni ekki verða hluti af þessari framkvæmd þar sem það hyggst hreinsa það sjálft.

Hvort nýta megi Ölfusá sem viðtaka ræðst af mati á öllum mengunarþáttum, bæði þeirrar mengunar sem kemur með ánni frá svæðum ofan við Selfoss og þeirrar sem hlýst af fráveitu Selfoss, jafnt sunnan sem norðan við ánnu. Gera þarf í tillögu að matsáætlun grein fyrir núverandi hreinsun iðnaðarskólps og hvernig því skuli hagað í framtíðinni, útreikningum á aukinni mengun í ánni ofan við Selfoss og sérstaklega fyrir aukinni fráveitu vegna fólksfjölgunar og auknum rekstri fyrirtækja á Selfossi í framtíðinni.¹

Stjórn Veiðifélags Árneseinga telur ekki vera forsendur fyrir mati á umhverfisáhrifum nema það taki til allrar fráveitu við Selfoss og allra mengandi þátta hennar. Verði það ekki gert er þegar af þeirri ástæðu útilokað að nýta Ölfusá sem viðtaka.

¹ „Fordæmalaus fjölgun“ 380 nýjar íbúðir samþykktar af sveitarfélaginu Árborg það sem af var árinu 2017. Morgunblaðið 07.12.2017. Samkvæmt gildandi aðalaskipulagi er gert ráð fyrir að íbúar Árborgar verði orðnir 10.300 á árinu 2030 og eru nú í byrjun árs orðnir 9000.

Óvissa um framangreindar lykilforsendur matsins vekja upp efasemdir um hvert sveitarfélagið stefni með þessari vinnu sem og um ráðgjöf verkfræðistofunnar EFLU.

II. Lýsing framkvæmdar og mismunandi valkostum.

Í 8. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum kemur eftirfarandi fram:

„Matsáætlun.

Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggi fyrir og áætlun um kynningu og samráð.“

Í samræmi við framangreint lagaákvæði er tekið fram í upphafi skýrslu verkfræðistofunnar EFLU, dags. 12.12.2017, að í henni komi fram hvernig framkvæmdaraðilinn, Árborg, hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum fráveitu við Selfoss og þeim fjórum valkostum sem til greina komi.

Þar sem stjórnýslan er lögbundin ætti aðeins að koma til álita að lýsa lögmætri framkvæmd eða lögmætum valkostum. Í upphafi við gerð tillögu að matsáætlun ber aðeins að fjalla um þá kosti sem samræmast gildandi rétti og sé vafi uppi um hvort tiltekinn valkostur sé tækur eða ekki ber sveitarstjórn að fjalla sérstaklega um lagaskilyrðin og hvað ráði niðurstöðu hennar fyrir því hvort að kosturinn sé talinn tækur eða ekki. Hvort kostur sé tækur eða ekki kann að ráðast af matskenndum þáttum sem upplýsa þarf um með rannsóknum t.d á frárennsli og á viðtaka. Ekki nægir að lýsa því í matsskýrslu hvað eigi að rannsaka heldur ber að gera grein fyrir því hvernig eigi að nýta þær rannsóknir og upplýsingar við mat á lagaskilyrðum um flokkun viðtakans. Má í þessu sambandi benda á að lagaskilyrði um hvort þurfi ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef nota á yfirborðsvatns sem viðtaka er háð mati á aðstæðum. Ef viðtakinn telst viðkvæmur eða flokkaður af ráðherra sem svæði sem skal njóta sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp skal beitt ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.²

Kostir sem uppfylla ekki fortakslaust bindandi lagaskilyrði ættu ekki að koma til álita.

² Meðfylgjandi bréf stjórnar Veiðifélags Árnesinga til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 15.01.2018.

Í drögnum að tillögu að matsskýrslu kemur fram á bls. 21 að nánari grein verði gerð fyrir því í matsskýrslu hvernig staðið verði að hreinsunum og hvernig þær lausnir samræmist lögum og reglugerðum. Í drögnum er því skautað fram hjá því sem mestu máli skiptir sem er að kynna hver sé lagagrundvöllurinn og túlkun sveitarfélagsins er á þeim lagafyrirmælum sem um fráveitur gilda. Engin grein er því gerð fyrir því að fráveituframkvæmd sem þessi lýtur sérstökum lagafyrirmælum sem sveitarfélagið er bundið af sem og verkfræðistofan EFLA í ráðgöf sinni. Hvorki er gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem eru fortakslaus né þeim sem kunna að vera háð mati á aðstæðum og engin grein gerð fyrir þeirri vernd sem Ölfusá nýtur að lögum. Ölfusá nýtur m.a. sérstakrar verndar 83. gr. vatnalaga nr. 15/1923, laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og segja þessar lagareglur jafnframt fyrir um þau skilyrði sem gerð eru til hreinsunar fráveitu.

Einn af þeim kostum sem sveitarfélagið og verkfræðistofan EFLA telur að til greina komi í tillögunni að matsáætlun er að nýta Ölfusá sem viðtaka með eins þreps hreinsun og það þrátt fyrir að það sé fortakslaut bannað í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Í 3.6.3. gr. draganna kemur fram að „framkvæmdin“ sé í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem eftir sé að samþykkja. Í tilvitnaðari tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir eins þreps hreinsun og segir ekkert fyrir um hvernig eigi að haga frekari hreinsun. Við hvaða „framkvæmd“ er átt? Mat á umhverfisáhrifum á að vera hlutlaus og vísindaleg athuguna á þeim kostum sem tækir eru að lögum og um samanburð á þeim.

Í 4.7. gr. draganna kemur fram að mat á umhverfisáhrifum verði nýtt til þess að bera saman umhverfisáhrif allra valkost og leggja þær upplýsingar, ásamt samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði þeirra, til grundvallar þegar að ákvörðun verður tekin um hvaða leið verði farin. Stjórnarmenn sveitarfélagsins Árborgar hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á hvað kostnaður við byggingu eins þreps hreinsunar sé lítil miðað við aðra kosti og að það eigi að ráða burt séð frá lagaskilyrðum.³ Að tekið sé undir þetta af hálfu verkfræðistofunnar EFLU er ófært enda fyrirfram ljóst hver niðurstaðan yrði ef samanburður á kostnaði við ristina og skólphreinsun á einhverju að ráða um valið.⁴

³ Meðfylgjandi skýrsla Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, bls. 7.

⁴ Allir frestir fyrir Ísland, bæði til innleiðingar tilskipunarinnar og til umsókna um undanþágur frá ákvæðum tilskipunarinnar, er löngu liðnir. Af þeim sökum geta íslensk yfirvöld ekki lengur borið fyrir sig fjárhagsskort eða tæknilega annmarka sem afsökun fyrir að hafa ekki lokið byggingu lögmatrar skólphreinsistöðvar við Selfoss í samræmi við kröfur tilskipunarinnar, sbr. 50 og 51 málsgrein dóms Evrópudómstólsins nr. C-395/13, *Framkvæmdarstjórnin gegn Belgíu*, enda hafi þeir frestir sem aðildaríkjunum voru veittir verið vísitandi hafðir langir til að koma til móts við þær umstalsverðu fjárhagslegu skuldbingar sem ríkin þyrftu að gangast undir við innleiðingu og útfærslu tilskipunarinnar.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur að sveitarfélaginu Árborg sé skylt að hlíta þeim lagaskilyrðum sem framkvæmdum um fráveitum eru settar og beina því til sveitarfélagsins að setja fram nýja flokkun byggða á rækilegri lagalegri athugun sem sett verði fram með skýrum og rökstuddum hætti og eftir atvikum í samráði við umhverfisráðherra sem ber ábyrgð á flokkun viðkvæmra svæða. Í fyrsta lagi að gera grein fyrir hvernig uppfylla eigi lágmarksskilyrði laga um hreinsun og í öðru lagi hvaða auknu kröfur þurfi að gera til hreinsunar ef til álita komi að nýta jökulvatnið sem viðtaka en slíkt vatn hefur slíka sérstöðu meðal vatna í Evrópu að það gefur tilefni til sérstakrar úrlausnar.⁵

III. Ölfusá getur hvorki í dag né orðið viðtaki fráveitu Selfoss í framtíðinni.

Í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um í 5. gr. að ráðherra setji reglugerð þar sem fram komi reglur um hreinsun skólps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka.

Í reglugerð þessari, nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, eru eftirfarandi ákvæði:

Í 7. gr. eru eftirfarandi kröfur gerðar til hreinsunar skólps.

7.1 Skólp skal hreinsa með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka nema kveðið sé á um annað í reglugerð þessari.

7.2 Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa **ef viðtaki er viðkvæmur** eða **nýtur sérstakrar verndar** vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.

7.3 Skólp skal hreinsa með a.m.k. eins þreps hreinsun eða sambærilegri hreinsun verði viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur, sbr. viðmiðanir í II. viðauka B.

Eftirfarandi skilgreiningar koma fram í 3. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skolp og í II viðauka með lögnum:

3.37 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn, jöklar, svo og strandsjór.

⁵ Meðfylgjandi bréf stjórnar Veiðifélags Árnesinga til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 15.01.2018.

3.35 *Viðkvæmur viðtaki* er viðtaki sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða eða viðtaki sem hefur orðið fyrir áhrifum vegna mengunar.

3.29 *Síður viðkvæmur viðtaki* eru ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið.

II. VIÐAUKI. Viðmiðanir um hvaða svæði skuli talin viðkvæm eða síður viðkvæm.

A. Viðkvæm svæði.

Vatnsumhverfi skal teljast viðkvæmt svæði ef hægt er að flokka það sem hér segir:

- a) stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað yfirborðsvatn, ármynni og strandsjór þar sem næringarefnaauðgun hefur orðið eða kann að verða í náinni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana. Eftirfarandi þættir skulu hafðir í huga þegar ákvörðun er tekin um úr hvaða næringarsöltum á að draga með frekari hreinsun: i) stöðuvötn og vatnsföll sem tengjast stöðuvötnum, neysluvatnslónum eða lokuðum flóum þar sem endurnýjun vatns er lítil og uppsöfnun getur átt sér stað. Á þessum svæðum er nauðsynlegt að fjarlægja fosfór nema hægt sé að sýna fram á að það hafi engin áhrif á næringarefnastigið. Þar sem losun á sér stað frá fjölmönnum þéttbýlissvæðum er ef til vill einnig þörf á að fjarlægja köfnunarefni. ii) ármynni, flóar og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er lítil eða aðflutningur næringarsalta mikill. Losun frá fámönnum þéttbýlissvæðum hefur allajafna minni áhrif á þessum svæðum en þegar fjölmenn þéttbýlissvæði eiga í hlut. Á þessum svæðum ætti að fjarlægja fosfór og/eða köfnunarefni nema hægt sé að sýna fram á að það hafi engin áhrif á næringarefnastigið,
- b) ferskt yfirborðsvatn sem nýta á til drykkjar og kann að hafa meiri köfnunarefnisstyrk en kveðið er á um í reglugerð um neysluvatn.
- c) svæði þar sem þörf er á frekari hreinsun en mælt er fyrir um í 21. gr.

B. Síður viðkvæm svæði.

Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu. Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind: Opna flóa, ármynni og annan strandsjó þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

Samkvæmt 7.2. gr. skal skólp hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar. Ölfusá er yfirborðsvatn í skilningi 3.37 gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

Ölfusá nýtur sérstakrar verndar í vatnalögum nr. 15/1923. Í 83. gr. um bann við óhreinkun vatna segir:

„Óheimilt er að menga vötn eða láta í þau eða svo nærri þeim að hætt sé við að í þau berist efni, hluti og lífverur sem spilla mundu eðlis- eða efnaástandi vatnsins, lífríki þess og nánasta umhverfi.“

Þessi grundvallar verndarregla vatnalaga leiðir til þess að lög ber að skýra með hliðsjón af henni og þar af leiðandi ber að skýra heimildir til að nýta ár sem viðtaka þröngt. Bæði skal því skýra fyrri málslið 3.37 gr. reglugerðar til samræmis við þetta en aðalatriðið er þó að Ölfusá nýtur sérstakrar verndar í skilningi síðari málsliðar 3.37 gr. og flokkast því sem viðkvæmur viðtaki og kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til álita nema að undangenginni ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.⁶

Stjórn Veidifélags Árneseinga hefur hér að framan rakið þær lagareglur sem gilda um fráveitur.⁷ Komi til álita að nýta Ölfusá sem viðtaka fráveitu frá Selfossi er ljóst að hreinsa verður skólpið. Aðstæður á Selfossi útiloka að við verði komið hreinsun skólps þegar af þeirri ástæðu að regnvatn og skólp frá eldri hverfum Selfoss eru og verða í ófyrirséðri framtíð í sama ræsi að hreinsistöðinni og var ekki farið að tvöfalda í nýjum hverfum fyrr en á árinu 2000. Þessi staðreynd kemur í veg fyrir að hreinsistöð geti annað hreinsun skólps og það mun því fara að hluta til óhreinsað í ána og breyta þar ákvæði 9.3. gr. reglugerðar nr. 798/1999, engu um.⁸

Er því ekki annar kostur tækur en að leiða fráveituna til sjávar og leysa um leið fráveitumál Eyrarbakka og Stokkseyri en ekki þarf að tíunda um það að þar fer allt skólp óhreinsað í sjóinn.

⁶ Meðfylgjandi bréf stjórnar Veidifélags Árneseinga til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 15.01.2018.

⁷ Lagaleg staða í meðfylgjandi skýslu Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, bls. 5-8.

⁸ Meðfylgjandi skýrsla Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, bls. 3.

Í tölvupóstur frá Jóni Tryggva Guðmundssyni, framkvæmda- og veitustjóri, til formanns Veidifélags Árneseinga, dags. 02.10.2017 kemur fram:

„Tvöfalt fráveitukerfi er í hverfum og götum á Selfossi sem byggð eru frá og með árinu 2000. Það eru hverfi og götur eins og Suðurbyggðin, Gráhellu, Dísastaðaland, Hagaland, Fosslund, Larsenstræti og Háheiði. Íbúafjöldi á Selfossi árið 2000 var 4.640 skv. vef Hagstofunnar. Í lok september 2017 er íbúafjöldi á Selfossi 7.428. Áfram er gert ráð fyrir að í nýjum hverfum verði tvöfalt kerfi þar sem regnvatn og skólp er aðskilið. Einfalt kerfi er í hverfum sem byggð voru upp fyrir árið 2000. Tvöföldun lagna í eldri hverfum er langtímaverkefni og verður unnið samhliða endurnýjun gatna og veitukerfa á næstu árum og áratugum. Búið er að tvöfalda lagnir í götum sem hafa verið endurnýjadar á undanförunum árum og má nefna í því sambandi Tryggvagötu, Heiðmörk, Kirkjuveg og Árveg.“

Þetta álit stjórnar Veiðifélags Árneseinga styðst jafnframt við önnur veigamikil rök og má þar nefna eftirfarandi og gera verður kröfu um að gerð verði ítarleg grein fyrir í enduskoðuðum drögum að matsáætlun:

1. Augljóst er þeim sem búa við Ölfusá að vatnsmagn hennar hefur minnkað mikið undanfarna þrjá áratugi og er það í samræmi við vatnamælingar Veðurstofunnar og má draga af því þá ályktun að sú þróun haldi áfram. Verður því Ölfusá í framtíðinni enn viðkvæmari viðtaki en ella og þá sérstaklega á sumrin þegar rennslið er mjög lítið og að mestum hluta lindarvatn. Sá tími er aðalgöngutími laxfiska og þá fer nýting veiðihlunninda fram.
2. Mikil fólksfjölgun á Selfossi í framtíðinni.
3. Aukin atvinnustarfsemi á Selfossi í framtíðinni.
4. Sífellt auknar kröfur til hreinsunar fráveitu og skólps.
5. Sífellt auknar kröfur til náttúruverndar.⁹
6. Ölfusá sem viðtaki veitir ekkert svigrúm í framtíðinni til þess að mæta aukinni fráveitu og auknum kröfum til hreinsunar fráveitu.
7. Sónin sem fælist í að reisa milljarða tímabundið mannvirki, sem hæpið er að geti annað eða staðist núverandi kröfur, hvað þá framtíðar kröfur um hreinsun fráveitu og skólps, verður með engu móti réttlætunleg og á sama tíma og slíkt svigrúm sé miklu meira út í sjó við Eyrarbakka.
8. Engar tæknilegar eða fjárhagslegar hindranir eru í vegi fyrir því að leiða fráveitu til sjávar.
9. Erfið glíma sveitafélaga hér á landi sem í öðrum ríkjum Evrópu við að finna lausn á fráveitu með sjó sem viðtaka ættu að lýsa vel hversu langsótt það ætti að vera að nefna Ölfusá sem hugsanlega viðtaka skólps. Önnur ríki Evrópu hafa hins vegar tekið þessu

⁹ Vatnasvæði Hvítár og Ölfusár er víðfemt og í Ölfusá og áhrifasvæði hennar er að finna eitt fjölbreyttasta lífríki landsins. Má þar nefna Ölfusforir og friðland við bakka Ölfusár í Flóa sem bæði eru á náttúruminjasrá. Í Ölfusá eru stærstu laxastofnar landsins auk annarra fiskistofna sem lifa í ferskvatni. Ölfusá er þegar menguð vegna skólpsins frá Selfossi og veiði ekki hægt að stunda frá sumum jörðum fyrir neðan Selfoss. Við blasir að grundvöllur fyrir sölu veiðileyfa og sölu á laxi á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár er orðinn hæpinn. Neysluvatnsból Árborgar eru á Kotferjujörðinni og njóta þau sérstakrar verndar að lögum og aðalskipulagi, liggja þau stutt frá árbakka Ölfusár neðan við Selfoss.

alvarlega og flestar ár njóta sérstakrar verndar og ekki kemur til álita annað en ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.¹⁰

IV. Ölfusá sem viðtaka fráveitu Selfoss og samanburður við aðra kosti.

Komi áfram í endurskoðaðri tillögu að matsáætlun til álita hjá Árborg og verkfræðistofunni EFLU að kanna Ölfusá sem viðtaka þá leiðir það af framangreindum lögum að aðeins ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa komi til athugunar. Telji sveitarfélagið slíka hreinsun fullnægjandi standa eftir tveir kostir sem bera skal saman, þ.e. að leiða skólpið til sjávar að undangenginni hreinsun eða beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa með Ölfusá sem viðtaka.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir afstöðu stjórnar Veidifélags Árnésinga um að nýting Ölfusár sem viðtaka fráveitu Selfoss komi ekki til álita.

Í 3.4.1. gr. draga að tillögu að matsáætlun virðist vera lýst eins þreps hreinsun. Ekki eru forsendur til þess að gera athugasemdir við slíka hreinsistöð þar sem ekki ætti að liggja fyrir endanlegt val á hreinsunaraðferð og þar af leiðandi hreinsistöð. Rétt er þó að víkja að svokölluðu „neyðaryfirfalli“ en þar er átt við yfirfall sem mun leiða óhreinsað skólpi í ána þar sem hreinsistöðin kemur ekki til með að anna hreinsun vegna þess að regnvatn og skólpi er ekki aðskilið.

V. Samantekt á athugasemdum stjórnar Veidifélags Árnésinga.

¹⁰ Tilskipunin skyldar ríki til að tilgreina viðkvæm svæði(viðtaka) innan ríkjanna en það er frumforsenda fyrir innleiðingu hennar. Skýrsla nefndar Evrópusambandsins frá 14. desember 2017. Ninth Report on the implementation status and the programmes for implementation (as required by Article 17) of Council Directive 91/271/EEC concerning urban waste water treatment. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=COM:2017:749:FIN>. Að því er varðar eftirfylgni með tilskipuninni í aðildarríkjum ESB þá hefur í 15 ríkjum allt landsvæði, annaðhvort formlega eða í raun, verið skilgreint sem viðkvæmt svæði og því gerðar strangari kröfur til hreinsunar en felst í tveggja þrepa hreinsun. Í hinum 13 ríkjunum eru tiltekin svæði tilgreind sem viðkvæm og u.þ.b. 2900 svæði hafa þannig verið tilgreind. Þannig eru strangari kröfur til hreinsunar, heldur en felast í tveggja þrepa hreinsun, gerðar á svæðum sem samsvarar 76% af landsvæði því sem Evrópusambandið tekur til. Hlutfall eftirfylgni aðildarríkjanna við þessar strangari kröfur til hreinsunar er 84.5 %.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga leggur áherslu á að mikið vantar á að forsendur séu fyrir því að lagt verði mat á umhverfisáhrif hreinsistöðvar fyrir fráveitu Selfoss miðað við óbreytt drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017.

Það er álit stjórnar að hvorki séu fyrir því lagaskilyrði né önnur skilyrði að nýta Ölfusá sem viðtaka fyrir fráveitu Selfoss.

Krafa er gerð um að sveitarfélagið geri í endurskoðaðri tillögu að matsáætlun ítarlega og nákvæma grein fyrir þeim kosti að leiða fráveitu til sjávar við Eyrarbakka.

Áréttar stjórnin, að gefnu tilefni, að engar fjárhagslegar eða tæknilegar hindranir eru í vegi fyrir því hjá stóru og vaxand sveitarfélagi eins og Árborg að leiða skólpið til sjávar og gerðar verði meiri kröfur til þessara umhverfismála en lágmarksskilyrði laga kveða á um.

Þá ítrekar stjórnin að miklir hagsmunir eru í húfi fyrir lífríki Ölfusár og veiðihagsmuni að áin verði ómengduð í framtíðinni og t.d. ekki settuð saurgerlum og skólpi og tekur það ekki aðeins til jarða fyrir neðan Selfoss heldur um allt vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Ekki er tímabært að fjalla um þann þátt verksamnings Árborgar við verkfræðistofnunnar EFLU hf, dags. 21. og 28. mars 2017, sem tekur til þess að samhliða eigi að vinna að starfsleyfi fyrir „hreinsistöðina“.¹¹

Meðfylgjandi gögn:

1. Bréf stjórnar Veiðifélags Árnesinga til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 15.01.2018.
2. Skýsla Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, og viðbótarskýrsla, dags. í apríl 2014.

Afrit sent:

¹¹ Meðfylgjandi viðbótarskýsla Enviromental Consulting Iceland, dags. í apríl 2014, bls. 1.

1. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.
2. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.
3. Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun.
4. Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis.
5. Óttar Yngvason, hrl.

Kaldaðarnesi, 15. janúar 2018,

Jörundur Gauksson, formaður Veidifélags Árnesinga.

Kaldaðarnes, 801 Selfoss.


jorundur@logbyli.is

Veiðifélag Árnesinga

Athugasemdir við endurskoðun


reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp

Norður Evrópa



Samanburður við nágannaríki

Fig. 2: Changes in urban waste water treatment in northern European countries



Herra Guðmundur Ingi Guðbrandsson,

Umhverfis- og auðlindaráðherra.

Skuggasund 1, 101 Reykjavík.

Efni: Athugasemdir við endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ábending um flokkun viðkvæmra svæða.

I. Endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.¹

Stjórn Veidifélags Árneseinga hefur fengið í hendur tillögur nefndar, dags. 10.05.2017, sem skipuð var af ráðherra 12. júlí 2013 til að endurskoða reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

Fyrir liggja drög að endurskoðaðri reglugerð og greinargerð með henni.

Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram sem hefur sérstaka þýðingu fyrir Ölfusá, lífríki hennar og hagsmuni félagsmanna í Veidifélagi Árneseinga:

„Ábendingar og tillögur að öðrum breytingum

Þéttbýli við vatnsmiklar jökulár

Viðmið um hvaða svæði skuli talin síður viðkvæm svæði í tilskipuninni um hreinsun skólps frá þéttbýli takmarkast við strandsjó og ármynni. Þeir þættir sem taka skal til athugunar þegar síður viðkvæmi svæði eru tilgreind eru opnir flóar, ármynni og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli. Nefndin vekur athygli á því að svo hagar til að ákveðin miðlungsstór sveitarfélög standa við vatnsmiklar jökulár sem renna til sjávar. Sé vatnsstreymi ánnu borið saman við losun næringarefna og efna sem geta valdið súrefnisþurrð frá þessum sveitarfélögum eru sennilega litlar líkur á hættu á ofauðgun næringarefna eða súrefnisþurrð í ánum eða árósumum af völdum frárennslisins. Við þessar aðstæður gæti því verið nægilegt að sía frárennslid til þess að ná viðunandi hreinsun. Viðmið tilskipunarinnar varðandi síður viðkvæm svæði takmarkast hins vegar við strandsjó og ármynni. Kröfur um hreinsun frárennslis við vatnsmiklar jökulár gætu því verið óþarflega strangar miðað við hæfni ánnu til þess að taka við frárennslinu. Nefndin beinir því sérstaklega til ráðuneytisins að kanna möguleika á að

¹ Tölur á forsiðu er að finna á <https://www.eea.europa.eu/data-and-maps/indicators/urban-waste-water-treatment/urban-waste-water-treatment-assessment-4>

skoða möguleika á að í undantekningartilvikum væri unnt að samþykka að straumharðar og vatnsmiklar jökulár myndu flokkast sem síður viðkvæmir viðtakar.“

Stjórn Veiðifélags Árnesinga vekur athygli yðar á því að framangreind tillaga nefndarinnar felur í sér að búinn er til sérflokkur sem samræmist hvorki gildandi tilskipun ESB, vatnalögum nr. 15/1923, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og yrði ósamrýmanleg öðrum ákvæðum gildandi reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ, sem og öðrum ákvæðum endurskoðaðrar reglugerðar tæki hún gildi. Enga undanþágu er að finna í tilskipun 91/271/EBE sem heimilar setningu almennra reglna, líkt og er að finna í reglugerðarbreytingunni, sem veitir íslenskum yfirvöldum rétt til að ganga skemur í hreinsun skólps en þær kröfur sem settar eru fram í tilskipuninni enda er þar um þær lágmarkskröfur sem gera ber til hreinsunar fráveitu. Allt öðru gegnir ef gera skal ríkari kröfur og að því þarf að huga sérstaklega þegar um yfirborðsvatn er að ræða eins og Ölfusá og hefur þá miklu sérstöðu meðal vatna í Evrópu að vera jökulvatn.

Beinir stjórn Veiðifélags Árnesinga því til yðar að gæta þess að reglugerð nr. 798/1999, taki ekki breytingum til samræmis við framangreindar tillögur nefndarinnar. Kæmi til þess væri félaginu sá einn kostur í stöðunni að kæra það til eftirlitsstofnunarinnar EFTA vegna skýlauss brots á skuldbindingum Íslands samkvæmt EES- samningnum og í kjölfarið myndi EFTA-dómstóllin dæma um sakarefnið.

Sveitarstjórn Árborgar bíður eftir að þér gerið framangreindar breytingar á reglugerðinni.²

² Í athugasemdum stjórnar Veiðifélags Árnesinga við tillögu að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss, **dags. 19. mars. 2014**, og var m.a. send til umhverfisráðherra, kemur eftirfarandi fram um endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ:

„Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnum er nefnd að störfum sem er ætlað það hlutverk að endurskoða kröfur laga um hreinsun fráveitu. Kom fram að í nefndinni sitja fulltrúar margra af helstu mengunarvöldum landsins („hagsmunadilar“) og því megi búast við að nefndin leggi til að dregið verði úr kröfum um hreinsun frá því sem nú er. Samræmist þetta vel ábendingu sem kemur fram í skýrslu Mannvits að ef samræmi eigi að vera á milli tilskipunar ESB og íslensku reglugerðarinnar um fráveitur og skólþ þá þurfi að endurskoða umhverfismörk vegna saurmengunar. Með öðrum orðum að draga úr kröfum íslenskra laga til hreinsunar. Engin grein er gerð fyrir hvaða kröfur einstök ríki innan ESB gera

Fyrir hönd Árborgar hefur lengi verið unnið að framangreindum reglugerðarbreytingum í þeim tilgangi að við gildistöku þeirra kæmu lagafyrirmæli ekki lengur til með að standa í vegi fyrir að skólp gæti áfram farið óhreinsað í Ölfusá að undanskyldu því eina skilyrði að með rist yrðu grófustu aðskotahlutir síaðir frá, svokölluð eins þreps hreinsun.³ Stjórn Veidifélags Árnesing kann enga skýringu á hvernig nefndin geti komist að þessari sameiginlegu niðurstöðu að leggja til að menga megi jökulárnar. Öllum má ljóst vera að tillögunum er ætlað að leysa vanda sveitarfélagsins Árborgar vegna fráveitu Selfoss en hvergi hagar til að þéttbýli sé við jökulvatn nema á Selfossi og þéttbýlisstöðum við Lagarfljót.⁴ Samkvæmt orðalagi tillögu nefndarinnar er henni ætlað að ná til ákveðinna miðlungsstórra sveitarfélaga sem standi við vatnsmiklar jökulár án þess þó að nefna Selfoss sérstaklega. Þrátt fyrir að

til mengunarvarna en þeim er frjálst að gera meiri kröfur, sem og þau gera, en lágmarkskröfur tilskipana ESB gera.

Engar forsendur eru til að gera minni kröfur til hreinsunar í ár og vötn og getur það ekki samræmst vatnalögum eða tilskipunum ESB.

Mikið fer fyrir sjónamiðum um kostnað við byggingu hreinsistöðvar við Selfoss en stjórn Veidifélags Árnesinga telur þau ómálefnanleg í ljósi stærðar Selfoss og hafa önnur sveitarfélög á vatnasvæði Ölfusár og Hvítar byggt a.m.k. tveggja þrepa hreinsistöðvar. Er ólíklegt að önnur sveitarfélög geti sætt sig við að Selfoss ætli sér að byggja eins þreps stöð þegar þau hafa á sama vatnasvæði gert meiri kröfur til hreinsun fráveitu og fylgt lögum í því efni. Einnig verður að telja líklegt að þau muni krefjast skýringa og mótmæli því ef nefndin kemur til með að leggja til við ráðherra að hann breyti reglugerðinni þannig að Selfoss fái sérmeðferð í þessum mikilvæga málaflökki. Rétt er að geta þess að bæjarstjórn Árborgar gerir meiri kröfur til hreinsunar fráveitu í sveitum en til hreinsunar skólpi 6.564 manna á Selfossi með útrás í Ölfusá, á sem nýtur sérstakrar verndar að lögum og með stærstu viltu laxastofna við Atlantshaf.

Mikilvægt er að ráðherra láti ekki villa um fyrir sér í þessu máli og taki ekki skref afturábak í mengunarmálum sérstaklega þar sem verið er að fjalla um árnar sem viðtaka skólps.“

Í samtölum formanns veidifélags Árnesinga við nokkra sveitarstjóra í Árnessýslu á sínum tíma munu þeir ekki una því að leikreglum um fráveitur verði breytt og stærsta sveitarfélagið á sama svæði fái sérmeðferð. Þess ber að geta að allir þéttbýlisstaðir í Árnessýslu utan Árborgar hafa komið á hreinsun skólps, sbr. yfirlit Heilbrigðisefirlits Suðurlands um fráveitumál frá því á árinu 2013.

³http://www.vafri.hi.is/?page_id=38

Samkvæmt drögum að tillögu að matsáætlun vegna hreinsistöðvar fráveitu Selfoss sem kemur fram í skýrslu verkfræðistofunnar EFLU, dags. 12.12.2017, fara 25 tonn af ristarúrgangi í Ölfusá á ári, síðað er burt rusl yfir 2 mm, en hreinsunin lítil áhrif á losun mengunarefna.

⁴ Frétt um fráveitu Fjótaldalshéraðs, <http://ruv.is/frett/gagnrýnir-aform-um-eins-threps-hreinsun>

Opið bréf Sigurðar Ragnarssonar til ráðherra um fráveitumál. Morgunblaðið 10. janúar 2018.

Árborg sé ekki miðlungsstórt sveitarfélag, heldur er Selfoss þriðji stærsti þéttbýlisstaður landsins utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar, þá má öllum ljóst vera að verið sé að sérhanna undanþágu fyrir Selfoss. Taki slík undanþága gildi í endurskoðaðri reglugerð er augljóst að henni verði beitt um frárennsli Selfoss þar sem hún er samin sérstaklega í því skyni.

Stjórn Veidifélags Árneseinga var upplýst snemma um að búast mætti við þessari sendingu frá nefndinni og þar af leiðandi vitað að aldrei hafi staðið til í raun annað hjá Árborg en að skipuleggja eins þreps hreinsun, þ. á m. á það við um þá vinnu sem nú stendur yfir með verkfræðistofunni EFLU um að ráðast í umhverfismat en þar er m.a. lagður til sá kostur að vera með eins þreps hreinsun þrátt fyrir gildandi rétt.⁵

⁵Í svarbréfi Umhverfisstofnunar til Árborgar, dags 2. september 2013. kemur m.a eftirfarandi fram:

„... Enn fremur að athuga hvernig skilgreina megi neðri hluta Ölfusár og ósasvæði hennar sem síður viðkvæman viðtaka...“

Í erindi sveitarfélagsins Árborgar er samkvæmt þessu bréfi Umhverfisstofnunar beinlínis óskað eftir aðstoð stofnunarinnar hvernig skýra megi Ölfusá sem síður viðkvæman viðtaka og það þrátt fyrir að ófrávíkjanlegar lagareglur segi fyrir um annað.

Í Morgunblaðinu 11.09.2017, er haft eftir Ástu Stefánsdóttur, sem situr í bæjarstjórn og er framkvæmdastjóri Árborgar:

„Þar sem þetta er fyrsta stig skólphreinsunar kæmi til greina í framtíðinni að hreinsa skolpið frekar en þá þyrfti að koma upp annarri skólphreinsistöð við hlið þessarar sem myndi hreinsa skolpið frekar... Við ætlum að byrja á þessu og sjá hverju þetta skilar“

Í lok árs 2013 kynnti sveitarfélagið Árborg tillögu að deiliskipulagi, fyrir eins þreps hreinsun fráveitu Selfoss í Ölfusá. Þá eins og nú var verið að kynna ólögmeata framkvæmd og fólust athugasemdir Veidifélags Árneseinga fyrst og fremst í að tryggja að sveitarfélagið myndi snúa af þeirri leið og kynna kost sem væri í samræmi við lög. Virtist um tíma að það hefði tekist, en í breyttri deiliskipulagstillögu var kynnt á ný eins þreps hreinsun, en tekið fram að hún væri fyrsta skrefið í meiri hreinsun, án þess að tiltekið væri í hverju hún ætti að felast. Mikill tími stjórnar Veidifélags Árneseinga, verkfræðinga og lögfræðinga fór aðeins í að verjast þessari ólögmeatu ákvörðunum sveitarfélagsins og hefur það fram að þessu neitað að bæta Veidifélaga Árneseinga það fjártjón af hlaust. Svo virðist sem sveitarfélagið hafi þá áttað sig á því að það gæti ekki farið á svig við lög með því að setja upp þessa rist í stað hreinsunar og hætti þá með öllu að vinna að lausn málsins. Líklegt er að þá hafi sveitarfélagið bundið vonir við niðurstöðu nefndar umhverfisráðherra sem skipuð var til að endurskoða reglugerð nr. 798/1999, um frárennsli og skólþ. Í tilvitnuðu bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 2. september 2013, var vísað til þess að endurskoðun reglugerðarinnar stæði yfir og ákvæði um hreinsun skólps kynnu því hugsanlega að breytast. Af þessu tilefni hafði undirritaður, formaður Veidifélags Árneseinga, samband við fulltrúa Umhverfisstofnunar í endurkoðunarnefnd ráherra og upplýsti hann að búast mætti við því að nefndin kæmi til með að leggja til breytingar svo Selfoss gæti nýtt ánnu með fyrrnefndri rist.

II. Tilskipun 91/271/EBE.

Núverandi framkvæmd frárennslismála Selfoss fer í bága við ákvæði tilskipunar 91/271/EBE um hreinsun skólps frá þéttbýli.

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp tekur mið af tilskipun ráðsins frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (91/271/EBE). Tilskipunin gerir lágmarkskröfur til hreinsunar á skólpi í EES aðildarríkjum og inniheldur þar á meðal þá almennu reglu að ríki skuli tryggja tveggja þrepa hreinsun fyrir skólp sem rennur út í ferskvatn eða ármynni frá þéttbýli sem er á milli 2000 og 10000 persónueiningar að stærð.

Markmið tilskipunar 91/271/EBE er að vernda náttúruna frá skaðlegum áhrifum skólps og því skal slíkur úrgangur almennt gangast undir tveggja þrepa hreinsun samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, lesin í samræmi við 7. mgr. inngangskafla hennar. Í gildandi íslenskum rétti er þessi regla réttilega innleidd í 7. gr. reglugerðar 798/1999, en þar segir að skólp skuli hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka nema kveðið sé á um annað í reglugerðinni.

Ákvæði 2. undirliðar, 1. töluliðs, 3. gr. tilskipunar 91/271/EBE fyriskipar að tryggt sé að þéttbýli, sem er á milli 2000-15000 persónueiningar að stærð, hafi skólphreinsun. Þessi krafa er síðan útfærð frekar í 3. undirlið, 1. töluliðs, 4. gr. tilskipunarinnar, sem setur það skilyrði að þar sem frárennslis skólps frá þéttbýli, sem er á milli 2000-10000 persónueiningar að stærð, fer í ferskvatn eða ármynni, skal slíkur úrgangur fyrst

Af efni draga að tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss, sem nú liggur fyrir, virðist lítil beyting hafa verið orðið á málsmeðferðinni og svipað haldið á málum og hér að framan var lýst enda sami aðilinn með sömu viðhorfin til umhverfismála og með sömu ráðgjafanna og áður. Í meðfylgjandi athugasemdum stjórnar Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu við matsáætlun og drögunum sjálfum má sjá að um enn einn leikþáttinn er að ræða og þar enn og aftur lagður til títtnefndur ólögmati kostur að vera með eins þreps hreinsun. Má ljóst vera að áfram er aðeins beðið reglugerðarbreytingarinnar en væntanlega kemur sér vel að hafa þetta matsferli í gangi til að vísa til í aðdraganda kosninga í vor.

Af framangreindu má vel sjá hvernig haldið hefur verið á málum hjá Árborg og í hvaða stöðu Veiðifélag Árnesinga hefur verið sett undanfarin ár við að verjast þessum grímulausa ásetningi um að fara ekki að lögum í þessu efni. Er óhjákvæmilegt annað en að hafa í huga þessa sögu og viðhorf stjórnar Árborgar við athugun á þeim stjórnarathöfnum sem framundan eru hjá sveitarfélaginu í þessu máli. Má þar nefna sértaklega ef umhverfisráðherra mun fela sveitarfélaginu Árborg að gera tillögu að því hvort Ölfusá eigi að flokkast sem viðkvæmur viðtaki eða njóta sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

undirgangast tveggja þrepa hreinsun. Er sérstaklega tekið fram í 2. og 3. tölulið, 12. gr. tilskipunarinnar að stjórnvöld skulu sjá til þess að tryggt sé við leyfisveitingu til reksturs skólphreinsistöðvar að ákvæðum 4. gr. tilskipunarinnar sé fylgt.

Dómafordæmi Evrópudómstólsins eru skýr varðandi túlkun á þeim kröfum er tilskipun 91/271/EBE gerir til hreinsunar á skólpi sem veitt er í ferskvatn eða ármynni frá þéttbýli á stærð við Selfoss.⁶ Í 22. málsgrein dóms C-320/15, *Framkvæmdastjórnin gegn Grikklandi*, segir að 3 undirliður, 1. töluliðs, 4. gr. tilskipunarinnar setji fram skýra og afdráttarlausu kröfu til að aðildarríkin tryggi að skólp frá þéttbýli, sem er 2000 – 10000 persónueiningar að stærð, undirgangist að lágmarki tveggja þrepa hreinsun, þegar frárennsli er í ferskvatn eða ármynni.⁷ Skal slík hreinsun vera í samræmi við B hluta, fyrsta viðauka, tilskipunarinnar, sem Ísland hefur innleitt orðrétt í B hluta, fyrsta viðauka, reglugerðar nr. 798/1999, en Selfoss hefur vísitandi ekki fylgt í framkvæmd. Í umræddum dómi var komist að þeirri niðurstöðu að þar sem byggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar var ekki lokið þegar allir frestir voru útrunnir til að koma til framkvæmda þeirri kröfu sem ákvæði 3. undirlið, 1. töluliðar, 4. gr. tilskipunarinnar gerir til aðildarríkjanna um hreinsun á skólpi, væri um klárt brot á tilskipuninni að ræða. Af þessum dómi má því ráða að Selfoss hefur framið augljóst brot á ákvæði 3. undirliðs, 1. töluliðar, 4. gr. tilskipun 91/271/EBE með því að hafa ekki tryggt a.m.k. tveggja þrepa hreinsistöð fyrir skólp þar sem frárennslið er í ferskvatn og ármynni, enda eru allir frestir fyrir Ísland, bæði til innleiðingar tilskipunarinnar og til umsókna um undanþágur frá ákvæðum tilskipunarinnar, nú liðnir. Af þeim sökum geta íslensk yfirvöld ekki lengur borið fyrir sig fjárhagsskort eða tæknilegum annmörkum sem afsökun fyrir að hafa ekki lokið byggingu tveggja þrepa skólphreinsistöðvar við Selfoss í samræmi við kröfur tilskipunarinnar, sbr. 50 og 51 málsgrein dóms Evrópudómstólsins nr. C-395/13, *Framkvæmdarstjórnin gegn Belgíu*, enda hafi þeir frestir sem aðildarríkjunum voru veittir verið vísitandi hafðir langir til að til að koma til móts við þær umstalsverðu fjárhagslegu skuldbingar sem ríkin þyrftu að gangast undir við innleiðingu og útfærslu tilskipunarinnar.

⁶ Yfirlit yfir dómaframkvæmd Evrópudómstólsins að því er varðar framkvæmd tilskipunarinnar: http://ec.europa.eu/environment/water/water-urbanwaste/implementation/caselaw_en.htm

⁷ Samkvæmt drögum að tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss, dags. 12.12.2017, á bls. 13, var meðaltal persónueininga við Selfoss 53.000 á árinu 2016 en samkvæmt mælingu 2017 eru þær 111.533.

Ennfremur, þá er ljóst er að enga undanþágu er að finna í tilskipun 91/271/EBE sem heimilar setningu almennra reglna, líkt og er að finna í tillögum að reglugerðarbreytingunni, sem veitir íslenskum yfirvöldum rétt til að ganga skemur í hreinsun skólps en þær kröfur sem settar eru í 3 undirlið, 1. töluliðar, 4. gr. tilskipunarinnar.

Af framansögðu má því ráða að ákvæði 3. undirliðs, 1. töluliðar, 4. gr. tilskipunar 91/271/EBE kveður á með skýrum og afdráttarlausum hætti að skólp frá þéttbýli á stærð við Selfoss skal að lágmarki vera hreinsað með tveggja þrepa hreinsun ef frárennsli fer í Ölfusá. Þar sem hin fyrirhugaða reglugerðarbreyting gerir lakari kröfur til hreinsunar á skólpi en stendur í tilskipuninni, er ljóst að lögfesting á henni færi í bága við kröfur Evrópuréttar, líkt og núverandi staða fráveitumála á Selfossi þegar gerir.

Tilskipunin skyldar ríki til að tilgreina viðkvæm svæði(viðtaka) innan ríkjanna en það er frumforsenda fyrir innleiðingu hennar.

Að því er varðar eftirfylgni með tilskipuninni í aðildarríkjum ESB þá hefur í 15 ríkjum allt landsvæði, annaðhvort formlega eða í raun, verið skilgreint sem viðkvæmt svæði og því gerðar strangari kröfur til hreinsunar en felst í tveggja þrepa hreinsun. Í hinum 13 ríkjunum eru tiltekin svæði tilgreind sem viðkvæm og u.þ.b. 2900 svæði hafa þannig verið tilgreind. Þannig eru strangari kröfur til hreinsunar, heldur en felast í tveggja þrepa hreinsun, gerðar á svæðum sem samsvarar 76% af landsvæði því sem Evrópusambandið tekur til.⁸ Hlutfall eftirfylgni aðildarríkjanna við þessar strangari kröfur til hreinsunar er 84.5 %.

III. Flokkun ráðherra á viðkvæmum svæðum í skilningi reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

Eins og rakið er í meðfylgjandi athugasemdum stjórnar Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu Selfoss er engin grein gerð fyrir lagafyrirmælum þeim sem sveitarfélagið er bundið af. Að mati stjórnar stendur Árborg

⁸ Skýrsla nefndar Evrópusambandsins frá 14. Desember 2017. Ninth Report on the implementation status and the programmes for implementation (as required by Article 17) of Council Directive 91/271/EEC concerning urban waste water treatment. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=COM:2017:749:FIN>

frammi fyrir að gera grein fyrir tveimur kostum, að leiða fráveitu til sjávar eða nýta Ölfusá sem viðtaka með tveggja þrepa hreinsun eða ítarlegri. Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur ekki lagaskilyrði fyrir að nýta ána yfirleitt en er ljóst að sveitarfélagið þarf að svara því fyrir sitt leyti.

Komi til álita af hálfu Árborgar að nýta Ölfusá sem viðtaka fráveitu stendur það því frammi fyrir að svara því hvort tveggja þrepa hreinsun þurfi til eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Þetta ræðst af tilteknum rannsóknum á ánni nema að hún teljist þegar njóta sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Njóti hún sérstakrar verndar þá er fortakslaust skilyrði að Ölfusá verð ekki nýtt sem viðtaki nema ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa komi til.

Hvort Ölfusá sé flokkuð sem viðkvæmt svæði eða njóti sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðarinnar er á ábyrgð umhverfisráðherra og ætti því að liggja fyrir hjá yður sbr. umfjöllun í kafla nr. II hér að framan um að það sé frumforsenda fyrir innleiðingu tilskipunarinnar. Stjórn Veiðifélags Árnesinga er þó ekki kunnugt um að sú flokkun hafi átt sér stað og ef því er svo varið er afar brýnt að úr því verði bætt án frekari tafar og það staðfest að Ölfusá njóti sérstakrar verndar í skilningi reglugerðarinnar. Ekki er tækt að bíða í þessu efni eftir heildarflokkun á landinu öllu, eins og bar að gera fyrir um 20 árum síðan, heldur verður að svara með Ölfusársvæðið sérstaklega.⁹ Í því efni er nærtækast að líta til þeirrar sérstöku verndar sem hún nýtur samkvæmt 83. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og miðað við stærð Selfoss sé þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt annað en að Ölfusá flokkist sem viðkvæmt svæði/viðtaki.¹⁰

⁹ Fráveitunefnd – 10.5.2017. Endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í greinargerð með tillögum um breytingar á reglugerðinni kemur eftirfarandi fram og bendir til þess að Ísland sé ekki byrjað þá vinnu sem þeim bar fyrir um tveimur áratugum síðan:

„Gerð er tillaga um nýja grein: Flokkun viðkvæmra og síður viðkvæmra svæða. Í greininni kemur fram að Umhverfisstofnun flokki síður viðkvæm svæði að fengnum tillögum frá sveitarstjórnunum, sem er svipað því sem sagði í gildandi reglugerð. Jafnframt að Umhverfisstofnun flokki viðkvæm svæði og skilgreini þá mengunarþætti sem þau eru viðkvæm fyrir. Í gildandi reglugerð kemur ekki fram hver hafi þetta hlutverk og er þessu ákvæði ætlað að bæta úr því. Í greininni er einnig tiltekið að Umhverfisstofnun birti lýsingu á svæðum og skiptingu þeirra í venjuleg, viðkvæm og síður viðkvæm.“

¹⁰ Meðfylgjandi athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar Árborgar við hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi.

Með þessu yrði sveitarfélagið Árborg strax að horfast í augu við það óumflýjanlega að aðeins komi til athugunar tveir kostir, að nýta sjóinn sem viðtaka eða Ölfusá að undangenginni ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.

Meðfylgjandi gögn:

1. Athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar Árborgar við hreinsistöð fyrir fráveitu á Selfossi.
2. Skýsla Enviromental Consulting Iceland, dags. í mars 2014, og viðbótarskýrsla dags. í apríl 2014.

Afrit sent:

1. Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdarstjóri og stjórnarmaður í bæjarstjórn Árborgar.
2. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.
3. Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun.
4. Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis.
5. Óttar Yngvason, hrl.

Kaldaðarnesi, 15. janúar 2018,

Jörundur Gauksson, formaður Veiðifélags Árnesinga.

Kaldaðarnes, 801 Selfoss.

jorundur@logbyli.is

Skólphreinsun á Selfossi

Greinargerð vegna tillögu að deiliskipulagi um eins þreps hreinsun á skólpi



Birna Sigrún Hallsdóttir og Hrafnhildur Bragadóttir, Environice
Mars 2014



environice

Environmental Consulting Iceland

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Tillaga í deiliskipulagi um skólphreinsun fyrir þéttbýlið á Selfossi	3
2. Staðhættir	4
3. Lagaleg staða	5
4. Hugleiðingar um ástand Ölfusár	9
5. Lokaorð	11
6. Heimildaskrá	11

Inngangur

Sveitarfélagið Árborg hefur auglýst til kynningar tillögu að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu við Sandvík í sveitarfélaginu Árborg. Fyrirhuguð hreinsistöð verður skv. tillögunni eins þreps hreinsistöð með síun og sandgildru, og mun þjóna þéttbýlinu á Selfossi. Útrásarlögn fyrirhugaðrar hreinsistöðvar mun liggja norður Geitanes og þar út í Ölfusá.

Þessi greinargerð er tekin saman af Umhverfisstofnun Íslands ehf. (Environice) að beiðni Veiðifélags Árnesinga. Tilgangur greinargerðarinnar er að greina fyrirhugaða framkvæmd út frá gildandi lögum og reglum með tilliti til staðháttá.

1. Tillaga í deiliskipulagi um skólphreinsun fyrir þéttbýlið á Selfossi

Sveitarfélagið Árborg hefur auglýst til kynningar tillögu að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu við Sandvík í sveitarfélaginu Árborg. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni verður stofnuð ný lóð úr landi Eyði-Merkur undir hreinsistöðina. Fyrirhuguð hreinsistöð verður skv. tillögunni eins þreps fráveituhreinsistöð með síun og sandgildru, og mun þjóna þéttbýlinu á Selfossi. Til að byrja með mun stöðin anna um 600 l/s þar sem settar verða upp tvær einingar sem hvor mun anna 300 l/s. Bætt verður við þriðju einingunni ef þörf er á og mun þá afkastageta stöðvarinnar verða 900 l/s¹. Í vestur frá hreinsistöðinni verður lögð útrásarlögn sem mun liggja norður Geitanes og þar út í Ölfusá. Fyrirliggjandi er fráveitustofnlögn sem liggur frá Selfossbyggð norðan aðkomuvegar að skipulagssvæðinu. Núverandi útrásarlögn liggur í norður frá stofnlögninni, um landfyllingu norður af skipulagssvæðinu og út í Ölfusá. Sú lögn verður yfirfallslögn þegar hin nýja útrásarlögn um Geitanes hefur verið lögð. Framkvæmdin mun að sögn fulltrúa sveitarfélagsins uppfylla skilyrði 9.3 gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólps², en skv. greininni er heimilt við hönnun á fráveitum með einfalt kerfi að miða við að ofanvatn fari um yfirföll allt að 5% af tímanum eða þegar uppblandað skólps með hitaveitu- og/eða ofanvatni er í hlutföllunum 1:5 a.m.k. Þess má geta að 5% af tímanum samsvarar rúmum 18 sólarhringum á ári.

Á Selfossi er að stærstum hluta einfalt lagnakerfi, þ.e. regnvatn og skólps er í sameiginlegri lögn. Tvöfalt kerfi er aðeins að finna í hverfum sem byggð hafa verið eftir árið 2000³. Talsvert grunnvatnsflæði er inn í kerfið. Fram kemur í skýrslunni **Skilgreining Ölfusár sem viðtaka** –

¹ Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Framkvæmda- og veitusviðs. Símtal 14.3.2014

² Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Framkvæmda- og veitusviðs. Símtal 14.3.2014

³ Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Framkvæmda- og veitusviðs. Símtal 14.3.2014

áfangaskýrsla mars 2014, sem unnin var af Mannviti fyrir sveitarfélagið Árborg að þurrviðrisrennsli á Selfossi hafi verið áætlað um 300-390 l/s. Þegar skólpið fer um yfirfall, fer það óhreinsað út í ána á sama stað og núverandi útrásarlögn liggur. Það hefur sýnt sig að losun á þessum stað leiðir til lítillar uppblöndunar á skólpi í ánni og uppsöfnun á úrgangi hefur orðið meðfram bakkanum.

Að sögn Jóns Tryggva Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar, hyggst sveitarfélagið taka saman minnisblað með helstu hönnunarforsendum framkvæmdarinnar. Minnisblað þetta verður væntanlega tilbúið í vikunni 24.-28. mars 2014⁴. Því var ekki mögulegt í þessari greinargerð að meta framkvæmdina með tilliti til þess hvort 9.3 gr. reglugerðar nr. 798/1999 verði uppfyllt.

2. Staðhættir

Ölfusá myndast þar sem Sogið og Hvítá mætast. Áin rennur gegnum Selfoss og myndar stórt stöðuvatn, Ölfusárós, áður en hún rennur til sjávar austan við Óseyri. Vatnshæðarmælir, sem Veðurstofa Íslands hefur starfrækt frá árinu 1950, er staðsettur á eystri bakka Ölfusár, skammt neðan brúar við Selfoss. Frá árinu 1951 hefur verið um siritandi vatnshæðarmælingu að ræða. Benda niðurstöður mælinganna til þess að rennsli í ánni hafi verið fremur lítið síðustu 3 ár, en nokkuð mikið árin þar á undan. Ekki hafi orðið miklar breytingar á rennsli árinna í gegnum tíðina. Rennsli árinna er nokkuð breytilegt milli mánaða⁵.

Óhreinsað skólpi frá Selfossi hefur lengi verið losað í Ölfusá þrátt fyrir hreinsunarkröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi. Þessi losun var talsvert í fréttum á síðasta ári og var að lokum greipt inn í huga þjóðarinnar í Áramótaskaupi Sjónvarpsins um síðastliðin áramót.

Í stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands, sem Umhverfisstofnun gaf út 2013, kemur fram að straumvatnshlotið Ölfusá er flokkað í óvissu, sem samsvarar „mögulega í hættu á að uppfylla ekki gæðamarkmið“ sbr. II) lið 7. gr. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Þar kemur fram að húsaskólpi frá Selfossi fari óhreinsað í ána og að hreinsun fráveitu sláturhúss sé ekki viðunandi að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Ein meginútrás þéttbýlisfráveitu sunnan Ölfusár liggur út í vík ofan við Geitanes. Norðan árinna er

⁴ Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Framkvæmda- og veitusviðs. Tölvupóstur 18.3.2014

⁵ Snorri Zóphóníasson, Veðurstofu Íslands. Símtal og tölvupóstur 19. mars. 2014.

sameiginleg fráveita fyrir iðnaðar- og þjónustusvæði með útrás í ána, neðan brúar, og fer húsaskólp ofan brúar á því svæði í rotþró með afrennsli í ána. Ennfremur kemur fram að sveitarfélagið hafi á síðustu árum unnið að miklum framkvæmdum við fráveitukerfið, m.a. með lagningu nýrra sniðræsa til sameiningar alls fráveituvatns að fyrirhugaðri hreinsi- og dælustöð neðan byggðar. Samkvæmt aðalskipulagi Árborgar eru norðan Ölfusár þrjár útrásir sem samkvæmt núverandi áætlun verða sameinaðar og dælt yfir Ölfusá í safnræsi á suðurbakka árinna. Ekki er búið að ákveða gerð og legu þeirra lagna og verður aðalskipulagi breytt þegar sú ákvörðun liggur fyrir.

Í ráðstefnuriti frá Málþingi um líffræðilega hreinsun skólps, sem haldið var af Vatns- og fráveitufélagi Íslands, 8. nóvember 2012, kemur fram að á Selfossi hafi verið 6.503 íbúar árið 2010 en losun í fráveitu í bæjarfélaginu samsvari 16.000 persónueiningum⁶. Fjöldi persónueininga frá starfsemi er þarna áætlað út frá hráefnismagni miðað við BOD₅ (líffræðilega súrefnisþörf). Skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum taka mið af fjölda persónueininga, en mismunandi kröfur eru gerðar varðandi skólphreinsun eftir fjölda persónueininga á hverjum stað.

3. Lagaleg staða

Um hreinsun á skólpi frá íbúðabyggð og atvinnurekstri gildir reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, með síðari breytingum (hér eftir nefnd fráveitureglugerð). Reglugerðin var sett með hliðsjón af tilskipun 91/271/EBE um hreinsun skólps frá þéttbýli, sem er hluti EES-samningsins. Í fráveitureglugerð er að finna kröfur til sveitarfélaga um hreinsun skólps á þéttbýlissvæðum sem hefur það að markmiði að draga úr óhreinkun vatns, sjávar og stranda af völdum fráveituvatns í umdæminu og koma þannig í veg fyrir óhollustu, náttúruspjöll og óþægindi, sbr. 5.3 gr. reglugerðarinnar.

Kröfur til hreinsunar taka mið af getu viðkomandi viðtaka til að taka við mengun, þynna hana eða eyða, sbr. nánar VI. kafla fráveitureglugerðar. Meginreglan er sú að hreinsa skuli skólp með tveggja þrepa hreinsun, sbr. 7.1 gr. Heimilt er hins vegar að nota eins þreps hreinsun hafi viðkomandi viðtaki verið skilgreindur sem síður viðkvæmur, sbr. 7.3 gr. Síður viðkvæmur viðtaki

⁶ *Persónueining (pe.)* er magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein pe. af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun (BOD₅).

er í skilningi reglugerðarinnar „ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið“, sbr. 3.29 gr. Þá þarf slíkur viðtaki að uppfylla tiltekin skilyrði sem fram koma í B-hluta II. viðauka reglugerðarinnar, sbr. 7.3 gr.

Fyrirhugaðri hreinsistöð við Sandvík er ætlað að uppfylla skyldur sveitarfélagsins Árborgar skv. fráveitureglugerð. Ef litið er til fyrrnefndrar skilgreiningar reglugerðarinnar á síður viðkvæmum viðtaka er hins vegar ljóst að þar er eingöngu gert ráð fyrir að um geti verið að ræða ármynni eða strandsjó. Þetta fær enn fremur stoð í fyrnefndum B-hluta II. viðauka við reglugerðina, en þar er gengið út frá því að síður viðkvæm svæði séu sjór eða hafsvæði.

Við mat á því hvort Ölfusá geti flokkast sem síður viðkvæmur viðtaki í skilningi fráveitureglugerðar þarf skv. framansögðu að vera ljóst hvað átt er við með orðunum strandsjór og ármynni. Orðið strandsjór er í 3.32 gr. skilgreint sem „sjór sem nær frá fjöllumörkum og ferskvatnsmörkum í vatnsföllum að mengunarlögsögu“. Ármynni er hins vegar skilgreint sem „árósar á mörkum ferskvatns og strandsjávar“, sbr. 3.2 gr. reglugerðarinnar, og byggist sú skilgreining á 12. tölul. 2. gr. tilskipunar 91/271/EBE (*"estuary" means the transitional area at the mouth of a river between fresh-water and coastal water*).

Útrásarlögn fyrirhugaðrar hreinsistöðvar mun sem fyrr segir liggja norður Geitanes og þar út í Ölfusá. Með hliðsjón af þessari staðsetningu inn til landsins er ljóst að Ölfusá getur ekki talist ármynni í skilningi fráveitureglugerðar. Má hér einnig vísa til bréfs Umhverfisstofnunar til sveitarfélagsins Árborgar, dags. 2. september 2013, þar sem segir:

Umhverfisstofnun lítur svo á að skilgreiningin ármynni, árósar á mörkum ferskvatns og strandsjávar, sbr. 2. mgr. 3. gr., merki að ármynni eigi eingöngu við um árósa við sjávarströndina en ekki árósa inni í landi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið verður ekki séð að eins þreps hreinsun á skólpi, eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagstillögunni, uppfylli þær kröfur sem fráveitureglugerð setur sveitarfélögum um hreinsun skólps. Um þessa niðurstöðu virðist raunar ekki ríkja ágreiningur, sbr. skýrsluna **Skilgreining Ölfusár sem viðtaka – áfangaskýrsla mars 2014**, sem unnin var af Mannviti fyrir sveitarfélagið Árborg, þar sem segir á bls. 10:

Samkvæmt skilgreiningu í reglugerð 798/1999 getur Ölfusá ekki uppfyllt skilyrði um að geta talist síður viðkvæmur viðtaki, því hún er ferskvatn (einungis saltir árósar/ármynni, strandsjór og önnur hafsvæði geta flokkast sem síður viðkvæmir viðtakar skv. reglugerðinni).

Hér má ennfremur vísa til álits Umhverfisstofnunar í fyrnefndu bréfi til sveitarfélagsins Árborgar, dags. 2. september 2013, þar sem fram kemur að tveggja þrepa hreinsun þurfi fyrir Selfoss ef losað er í Ölfusá eða ármynni hennar, en að eins þreps hreinsun komi eingöngu til greina ef losað er í strandsjó, að því tilskildu að hann verði skilgreindur sem síður viðkvæmur. Loks má benda á að í tölvupósti frá Guðmundi Elíassyni, þáverandi framkvæmdastjóra Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar, til Jörundar Gaukssonar, formanns Veidifélags Árnesinga, dags. 15. júní 2009, tekur Guðmundur fram að „þær lausnir sem helst kom[í] til greina séu að dæla skólpinu frá Selfossi niður á strönd og sameina þar fráveitur byggðakjarnanna í eina eins þreps hreinsistöð og sameiginlega útrás út í sjó. Önnur lausn get[í] verið tveggja þrepa hreinsistöð á Selfossi með útrás í Ölfusá og eins þreps hreinsistöð fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri með útrás í sjó“.

Taka verður fram að fráveitureglugerð veitir ekki heimild til að víkja frá kröfum reglugerðarinnar um hreinsun skólps þótt sveitarstjórn telji umhverfislegan ávinning ekki réttlæta kostnað af framkvæmdum. Í þessu samhengi má benda á að 5. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna heimilar sveitarstjórnnum að beita öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki þar sem losun er minni en 2.000 persónueiningar og ef ríkar ástæður mæla með, svo sem ef kostnaður er óvenjumikill miðað við umhverfislegan ávinning. Engin sambærileg heimild er fyrir hendi fyrir sveitarstjórnir til að víkja frá kröfum um ítarleika skólphreinsunar þótt sveitarstjórn telji kostnað of mikinn miðað við umhverfislegan ávinning.

Þá er ekki gert ráð fyrir því í fráveitureglugerð að víkja megi frá kröfum hennar vegna þess að ástand viðtakans sé talið betra en almennt eigi við um viðtaka þar sem tveggja þrepa hreinsunar er krafist. Það hefur því ekki áhrif á skyldu sveitarfélagsins skv. reglugerðinni þótt sveitarfélagið meti ástand Ölfusár svo að ekki sé þörf á frekari hreinsun. Í þessu samhengi þarf einnig að hafa í huga að aðstæður kunna að breytast í framtíðinni og jafnvel þótt sveitarfélagið telji eins þreps hreinsun nægilega miðað við núverandi ástand Ölfusár er óvíst hver þróunin verður með auknum íbúafjölda á svæðinu og mögulegum breytingum á rennsli árinna.

Vert er einnig að taka fram að fyrirhuguð endurskoðun fráveitureglugerðar hefur ekki áhrif á framangreinda niðurstöðu og liggur ekkert fyrir um hvaða breytingar verða gerðar á reglugerðinni. Þá veita ákvæði tiltekinna gerða Evrópusambandsins er varða hreinleika vatns, s.s. baðvatnstilskipun, sveitarstjórnnum ekki svigrúm til að líta framhjá skýrum kröfum fráveitureglugerðar, jafnvel þótt þær kunni að vera strangari en kröfur viðkomandi gerða Evrópusambandsins.

Í skýrslunni *Skilgreining Ölfusár sem viðtaka – áfangaskýrsla mars 2014* kemur fram að framkvæmdum við fyrirhugaða hreinsistöð við Sandvík verði hagað með þeim hætti að hægt verði að bæta við frekari hreinsun í samræmi við skilgreinda hreinsunarþörf. Þessi ummæli sem og önnur í skýrslunni gefa tilefni til að álíta að sveitarfélagið líti á fyrirhugaða hreinsistöð við Sandvík sem fyrsta áfangann í fullnægjandi hreinsun skólps skv. fráveitureglugerð, þ.e. að sveitarfélagið hyggist byrja á eins þreps hreinsun og endurskoða í framhaldinu á grundvelli mælinga hvort þörf sé á tveggja þrepa hreinsun.

Hér er fyrst til þess að líta að hvorki í fráveitureglugerð né annars staðar í löggjöfinni er að finna heimild fyrir sveitarfélög til að áfangaskipta þeim framkvæmdum sem nauðsynlegar eru til að uppfylla kröfur VI. kafla reglugerðarinnar um hreinsun skólps. Ennfremur skal bent á að ekki kemur fram í deiliskipulagstillögunni að um sé að ræða áfangaskipta framkvæmd, þ.e. að eins þreps hreinsistöðin sem gert er ráð fyrir í tillögunni kunni með tímanum að verða tveggja þrepa hreinsistöð. Hér vaknar sú spurning hvort deiliskipulag sem berum orðum gerir ráð fyrir eins þreps hreinsistöð heimili slíkar breytingar.

Loks þarf að hafa í huga að meginreglan við hreinsun skólps er sem fyrr segir tveggja þrepa hreinsun, sbr. 7.1 gr. fráveitureglugerðar. Ákvæði sem fela í sér frávik frá þessari reglu þarf því að skýra þröngt. Eins og fram kemur hér að framan verður ekki séð af ákvæðum fráveitureglugerðar né annarri löggjöf að sveitarfélaginu Árborg sé heimilt að uppfylla kröfur VI. kafla fráveitureglugerðar um hreinsun skólps með eins þreps hreinsunarstöð. Ljóst er að meðferð skólps frá þéttbýlinu á Selfossi hefur um margra ára skeið farið á svig við kröfur fráveitureglugerðar og þótt eins þreps hreinsun sé vissulega skref í rétta átt er ljóst að með slíkri framkvæmd er ekki hægt að líta svo á að skólphreinsun hafi verið færð í lögbundið horf.

4. Hugleiðingar um ástand Ölfusár

Í Ölfusá og á áhrifasvæði hennar er fjölbreytt lífríki og sérstæð náttúra sem nýtur ýmiss konar verndar í lögum. Sem dæmi má nefna fuglafriðland í Flóa. Útivistargildi árbakkanna er mikið og lax- og silungsveiði talsvert stunduð. Þá er vatnsverndarsvæði stutt frá árbakka Ölfusár vestan Selfossi.

Stór og öflug matvælafyrirtæki, Mjólkurbú Flóamanna og Sláturfélag Suðurlands, eru staðsett á Selfossi. Hafa verður í huga þau miklu verðmæti og tækifæri til verðmætasköpunar sem felast í góðu orðspori og jákvæðri ímynd. Íslendingar eru matvælaframleiðsluþjóð sem á mikið undir ímynd um hreinleika. Ferðaþjónusta og ýmis heilsutengd atvinnuuppbygging hefur ennfremur farið ört vaxandi hérlandis síðustu ár og getur slök frammistaða í mengunarvörnum haft neikvæð áhrif á þessar atvinnugreinar.

Skýrslum sem gerðar hafa verið um ástand Ölfusár síðustu ár ber saman um að ástand árinna sé nokkuð gott og að uppsöfnun næringarefna sé ekki vandamál. Fram kemur að lítil merki séu almennt um mengun í ánni af völdum frárennslis frá Selfossi, sem er þó staðhæfing sem kemur illa heim og saman við umfjöllun um ástand árinna og tilheyrandi myndir í fréttáflutningi síðasta árs og er sömuleiðis á skjön við álit Veidifélags Árnesinga, sem lýsti því yfir í bréfi til sveitarfélagsins Árborgar, dags. 14. nóvember 2013, að vegna mengunar í Ölfusá væri ekki hægt að stunda veiði frá þeirri jörð sem næst er fyrir neðan Selfoss. Í skýrslunni **Mengunarflokkun Ölfusár**, sem unnin var af Tryggva Þórðarsyni árið 2010 fyrir Árborg vegna flokkunar í reglugerð nr. 796/1999 um mengun vatns, voru þó gerðar athugasemdir vegna þéttleika saurkólígerla og styrks ammoníaks. Í nýrri skýrslu Mannvits, **Skilgreining Ölfusár sem viðtaka – áfangaskýrsla mars 2014**, sem fyrr er nefnd, kemur fram að nýjustu mælingar sýni að styrkur gerla sé yfir mörkum sem eiga við þar sem útivistarsvæði eru við fjörur eða matvælaiðnaður í grennd (<100 pr. 100 ml) við Flugunes og milli Auðsholts og Kaldaðarness.⁷

⁷ Samkvæmt fylgiskjali II við fráveitureglugerð eru gerðar strangari kröfur varðandi fjölda hitaþolinna kólfbaktería og saurgerla þar sem útivistarsvæði eða matvælaiðnaður er í grennd. Hafa ber í huga að rannsóknir benda til þess að eins þreps hreinsun nái mun lakari árangri í minnkun saurgerla en tveggja þrepa og ítarlegri hreinsun. (FC removal efficiency was highly dependent of the treatment. Compared to secondary and tertiary treatments, primary settling was not very efficient to remove FC from sewage) Isabelle George, Philippe Crop, Pierre Servais (2002). Fecal coliform removal in wastewater treatment plants studied by plate counts and enzymatic methods. Birt í Water Research 36 (2002), p. 2607-2617.

Í aðalskipulagi Árborgar kemur fram að miðað við 1% aukningu íbúa á ári verði íbúar orðnir 9.625 árið 2030. Því má búast við, að því tilskildu að framleiðsla matvælafyrirtækja á svæðinu dragist ekki saman, að álag á Ölfusá sem viðtaka muni aukast í framtíðinni.

Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan er meginreglan við hreinsun skólps tveggja þrepa hreinsun, sbr. 7.1 gr. fráveitureglugerðar. Eins og einnig kemur fram í kaflanum verður ekki séð að sveitarfélaginu Árborg sé heimilt að uppfylla kröfur VI. kafla fráveitureglugerðar um hreinsun skólps með eins þreps hreinsunarstöð. Í þeim tilvikum þegar eins þreps hreinsun kemur til greina skv. fráveitureglugerð er ljóst að það hvílir á viðkomandi sveitarfélagi að sýna fram á að skilyrði fyrir eins þreps hreinsun séu uppfyllt.

Með þetta í huga er vert að benda á að sveitarfélagið Árborg hefur ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir eins þreps hreinsun séu uppfyllt og nægir þar að nefna að í skýrslunni **Skilgreining Ölfusár sem viðtaka – áfangaskýrsla mars 2014** er lagt til að skilgreiningu Ölfusár við Selfoss sem viðtaka verði frestað þangað til niðurstöður úr vöktun næstu ára liggja fyrir og áhrif nýrrar hreinsistöðvar eru ljós. Í þessu samhengi vekja athygli eftirfarandi ummæli í framangreindri skýrslu (bls. 10):

Ekki er talið að frekari hreinsun en eins þreps hreinsun hafi umtalsverð áhrif til bætingar á umhverfið, en slík viðbótar hreinsun hefur aftur á móti mikinn kostnað í för með sér. Hins vegar þarf frekari vöktun til að fá tölfræðilega marktæk gildi til að sýna fram á það.

Hér virðist gengið út frá því að sýna þurfi sérstaklega fram á þörf þess að nota tveggja þrepa hreinsun, en skv. því sem áður sagði er því þveröfugt farið, þ.e. að sýna þarf fram á að skilyrði fyrir eins þreps hreinsun séu uppfyllt til að heimilt sé að nota slíka hreinsun, sbr. 7.3 gr. fráveitureglugerðar.

Sveitarfélagið Árborg hefur samþykkt stefnu í umhverfismálum þar sem lögð er áhersla á að varðveita fjölbreytni og hreinleika náttúrunnar með vel útbúnum aðgerðum og vönduðum vinnubrögðum.⁸ Í stefnunni kemur fram að Árborg muni taka á umhverfismálum af mikilli festu til að vera í fararbroddi í þessum mikilvæga málaflokki, öðrum til fyrirmyndar og eftirbreytni. Meðal einstakra stefnumiða sveitarfélagsins er að fylgja lögum og reglugerðum varðandi

⁸ Árborg aðalskipulag 2010-2030. Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu.

umhverfismál sem eiga við starfsemi sveitarfélagsins, sem og öðrum ítarlegri kröfum sem sveitarfélagið sjálft mun setja sér.

5. Lokaorð

Í þessari greinargerð hefur verið fjallað um fyrirhugaða hreinsistöð við Sandvík í sveitarfélaginu Árborg, eins og henni er lýst í tillögu að deiliskipulagi sem nú er til kynningar. Meginniðurstaða greinargerðarinnar er sú, að tillaga um eins þreps hreinsistöð uppfylli ekki kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ þar sem Ölfusá við Selfoss geti ekki flokkast sem síður viðkvæmur viðtaki skv. reglugerðinni.

Eins og áður hefur komið fram ber gögnum saman um að mengun frá fráveitukerfi Selfoss hafi lítil áhrif á ástand Ölfusár að undanskildu gerlamagni í ánni. Vegna verndunar og nýtingar Ölfusár (útivistarsvæði, veiðar, matvælafyrirtæki í grennd) er mikilvægt að lágmarka losun saurgerla í viðtakann. Eins þreps hreinsun skólps nær mun lakari árangri í minnkun saurgerla en tveggja þrepa og/eða ítarlegri hreinsun. Því verður að álykta að eins þreps hreinsun sé ekki aðeins ófullnægjandi í lagalegu tilliti, heldur einnig með tilliti til umhverfisgæða.

6. Heimildaskrá

1. Sveitarfélagið Árborg (2013): *Tillögur að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð og fráveitu við Sandvík í Árborg.*
2. Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.
3. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.
4. Tilskipun 91/271/EBE um hreinsun skólps frá þéttbýli.
5. Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.
6. Umhverfisstofnun (2014). Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Reykjavík, 2013.
7. Hrund Ó. Andradóttir (ritstjóri), Málþing um líffræðilega hreinsun skólps, Ráðstefnurit, haldið af Vatns- og fráveitufélagi Íslands, 8. nóvember 2012, Reykjavík, Iceland, pp. 73.
http://skemman.is/stream/get/1946/13568/32499/1/L%C3%ADffr%C3%A6%C3%B0ileg_hr_einsun_Sk%C3%B3lps.VAFR%C3%8D.2012.pdf
8. Árborg aðalskipulag 2010-2030. Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu. <http://www.arborg.is/wp-content/uploads/2010/01/greinargerð-Arborg-adalskipulag-2010-2030.pdf>
9. Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar (2014): Símtal 14. mars 2014.
10. Bréf frá Umhverfisstofnun til sveitarfélagsins Árborgar, framkvæmda- og veitustjórn, dags. 2. september 2013.
11. Tryggvi Þórðarson (2010). Mengunarflokkun Ölfusár.
12. Bréf frá Veiðifélagi Árneseinga til sveitarfélagsins Árborgar, dags. 14. nóvember 2013.
13. Guðmundur Elíasson, þáverandi framkvæmdastjóri framkvæmda- og veitusviðs Árborgar (2009); Tölvupóstur til Jörundar Gaukssonar, formanns Veiðifélags Árneseinga, dags. 15. júní 2009.

14. Isabelle George, Philippe Crop, Pierre Servais (2002). Fecal coliform removal in wastewater treatment plants studied by plate counts and enzymatic methods. Birt í Water Research 36 (2002), p. 2607-2617.
15. Snorri Zóphóníasson, Veðurstofu Íslands. Símtal og tölvupóstur 19. mars. 2014.

Tekið saman í mars 2014

*Birna Sigrún Hallsdóttir, umbverfisverkfræðingur MSc
Hrafnhildur Bragadóttir, lögfræðingur
Umbverfisráðgjöf Íslands ehf.*

Skólphreinsun á Selfossi. Athugasemdir vegna viðbótargagna.

Í skýrslunni Samantekt um stöðu og næstu skref í fráveitumálum Selfoss er fráveitumálum á Selfossi lýst og farið yfir næstu skref. Skýrslan er ágæt svo langt sem hún nær, en æskilegt hefði verið að gerð væri betri grein fyrir framkvæmdinni. Má þar helst nefna að sagt er í skýrslunni að „að lokinni þessari hreinsun segja framleiðendur hreinsiristanna að reikna megi með að svifagnir hafi minnkað um 50% og líffræðilegt innihald (BOD) um 20% sem uppfyllir reglugerð nr. 798/1999“. Mikilvægt er að fram komi að þessi tilteknu mörk gilda aðeins fyrir eins þreps hreinsun skv. reglugerð 798/1999. Í öðru lagi er þarna vísað til þess að **reikna megi** með að þessi mörk náist **að sögn** framleiðenda hreinsibúnaðarins. Ekki er getið um hver framleiðandinn sé og staðhæfingin er ekki studd nánari rökum né vísað í gögn. Þá er búnaðinum og virkni hans ekki lýst á nægjanlega skýran hátt. Í skýrslunni kemur fram að heildartími sem stöðin anni ekki öllu frárennsli muni vera um 40 klst á ári, og vísað í rennismælingar því til stuðnings. Fram kemur að mjög ítarlegar rennismælingar hafi verið gerðar árið 1998 og að rennismælingar hafi verið gerðar árið 2008 og frá hausti 2013 (eru mælingarnar frá hausti 2013 sísmælingar og í góðu samræmi við niðurstöður mælinga frá 1998?) Þá hefði mátt koma fram hvort frárennsli fari algerlega óhreinsað út í Ölfusá þegar það fer um yfirfall út í ána, eða hvort einhver hreinsibúnaður (t.d. rist) verði þar til staðar. Það sem upp úr stendur við lestur skýrslunnar er þó undarleg málsmeðferð í skipulagsvinnunni. Sveitarfélagið hefur vanrækt skyldur sínar í fráveitumálum í fjölmörg ár og hyggst nú ráðast í framkvæmd sem augljóst er að uppfyllir ekki gildandi reglur. Þetta kristallast í síðustu málsgrein skýrslunnar sem hefst svona: „Þegar skilgreining á viðtaka og þær kröfur sem sveitarfélagið þarf að uppfylla varðandi hreinsun liggja fyrir...“. Þessi setning kemur mjög á óvart, þar sem umræddar kröfur liggja fyrir í reglugerð 798/1999 og hafa gert lengi. Samkvæmt reglugerðinni þarf að hreinsa skólp frá Selfossi með a.m.k. tveggja þrepa hreinsun.

Miðað við tölvupósta frá sveitarfélaginu til VÁ virðist standa til að semja við aðila og staðfesta skipulag á fundi sem haldinn verður áður en búið verður að afgreiða deiliskipulagstillöguna í samræmi við lög. Slíkt verður að teljast óvönduð stjórnsýsla.

Áður en að framkvæmdum kemur ætti að vera búið að skilgreina viðtakann. Ekki stendur til að skilgreina hann í bráð en skv. Eflu-skýrslunni verður það gert samhliða vinnu við endurskoðun á reglugerð. Ekki verður séð hvers vegna þetta tvennt ætti að gerast samhliða.

Environice vill benda VÁ á 42. grein í skipulagslögum nr. 123/2010, en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli gera umsögn um athugasemdir sem gerðar eru við deiliskipulag.

42. gr. Afgreiðsla deiliskipulags.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og **samantekt um málsmeðferð ásamt athugasemdum og umsögnum um þær** innan átta vikna frá því að frestur til athugasemda rann út. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða

efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún tilkynna sveitarstjórn um að stofnunin taki það til athugunar. Skipulagsstofnun skal koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn innan þriggja vikna frá því að deiliskipulagið var mótttekið. Sveitarstjórn skal taka athugasemdirnar til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar hvað varðar athugasemdir um form deiliskipulags. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar um efni deiliskipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess. Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda



environice

Environmental Consulting Iceland

Erna Gunnarsdóttir

Jón Ágúst Jónsson

From: ernagunn64@gmail.com
Sent: fimmtudagur, 4. janúar 2018 23:56
To: Jón Ágúst Jónsson
Subject: Fwd: Hreinsistöð Selfossi
Attachments: 14.03.2014 umhverfisstofnun-bréf.pdf

Sent from my iPad

Hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Efla verkfræðistofa

Jón Ágúst Jónsson

Í auglýsingu Eflu segir:

Á undanförunum árum hefur sveitarfélagið Árborg unnið að því að bæta ástand fráveitumála í sveitarfélaginu. Ákveðið hefur verið að byggja fráveituhreinsistöð norðan við flugvöllinn við Sandvík. Til athugunar er að reisa hreinsistöð með eins þreps hreinsun, tveggja þrepa hreinsun eða ítarlegri hreinsun. Að auki er til athugunar að leggja útrás út í Ölfusá norðvestan við Geitanes eða í sjó við Eyrarbakkahöfn.

Textinn hér fyrir ofan kynnir að til athugunar sé hjá Sveitarfélaginu Árborg að fara á svig við reglur um hreinsun skolps. Í reglugerð 789/1999 um fráveitur og skolp er algjörlega skýrt hvað ber að gera við aðstæður eins og þær sem eru við Selfoss. Eins þreps hreinsun er ekki í boði.

Sóðaskapur í umgengni við Ölfusá hefur valdið því að áin er nú orðin það menguð, að hlunnidányting eins og netaveiðar á laxi og silungi er orðin óframkvæmanleg á einstaka jörðum neðan við Selfoss. Bændur sem stunda veiðar ofar í ánni þurfa að svara því hver fyrir sig hvort forsvaranlegt sé að bjóða fisk úr ánni. Á sama tíma og Sveitarfélagið Árborg fær til sín stórar fjárhæðir á hverju ári í formi fráveitugjalda af eignum einstaklinga og fyrirtækja, mega bændur horfa uppá minnkandi tekjur vegna skolps frá Selfossi.

Sveitarfélagið Árborg hefur ekkert gert í því að minnka mengun þá sem frá Selfossi berst til Ölfusár. Í upphafi byggðar var magnið óverulegt, í dag búa um átta þúsund manns á Selfossi auk fyrirtækja og stofnanna. Enn fer allt skolp óhreinsað í Ölfusá eins og það hefur gert frá upphafi byggðar. Fyrir 15-20 árum síðan var unnið af kappi við að leggja safnræsi með bakka árinna. Þáverandi stjórnendur Selfossbæjar gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að koma þessum málum í lag. Því miður náðu þeir ekki að klára verkefnið. Síðan hefur lítið verið gert annað, en að keypt hefur verið efni í eins þreps hreinsibúnað, sem væntanlega verður aldrei notaður. Á meðan sullast skolpið frá stækkandi bænum í ána. Núverandi forsvarsmenn sveitarfélagsins hafa freistast til þess að vanmeta ástandið og reynt að komast

fram hjá settum reglum, sjá meðfylgjandi bréf Umhverfisstofnunar til Jóns Tryggva Guðmundssonar Selfossveitum.

Ég undirrituð á hlut í laxveiðihlunnindum Selfossjarðanna. Í aldir hafa mínir forfeður stundað þar netaveiðar sem stundaðar hafa verið að lokum veiðitíma 2017. Vegna mengunar í Ölfusá er orðið nánast útilokað að halda veiðum áfram, þar sem kaupendur eru farnir að efast um gæði fisks úr ánni.

Ég undirrituð fer fram á að unnið verði af krafti að umhverfismati með löglegar, ásættanlegar lausnir að leiðarljósi.

Ég geri athugasemdir við eftirfarandi í drögum að tillögu matsáætlunar:

- Ekki liggur fyrir hvort framkvæmdin nái til skolps frá þeim hluta íbúðabyggðar Selfoss sem liggur norðan við Ölfusá.
- Ekki liggur fyrir hvort framkvæmdin nái til skolps frá þeim hluta iðnaðar og verksmiðjufyrirtækja sem liggur norðan við Ölfusá. Hér er um að ræða eitt stærsta sláturhús landsins, þrjár bensínstöðvar, nokkur vélaverkstæði, steypustöð o.fl.
- Tafla 2-1 sýnir hve vaxandi mengun er. Meðaltal persónueininga árin 2016 og 2017 er um 59.000 einingar.
- Valkosti í kafla 3.2 eiga ekki að vera í trássi við lög. Þ.a.l. að liðir a og b detta út.
- Ekki kemur fram hvaða hreinsistöð er verið að lýsa í kafla 3.4.1 en augljóst er að hámarksrennsli er vanmetið.
- Ætla má að sú tveggja þrepa hreinsistöð sem lýst er í kafla 3.4.2.2 komist illa fyrir á fyrirhugaðri lóð. Sýna þarf fram á að bæði tveggja þrepa hreinsun og ítarlegri hreinsun rúmist á því svæði sem ætlað er undir skólphreinsivirki.
- Skýra þarf áhrif mismunandi útfærslu hreinsistöðva á umhverfi á landi, íbúðabyggð, atvinnustarfsemi, útivistarmöguleika o.þ.h.
- Mikilvægt er að kafla 3.4.6 verði útfærður en ófullnægjandi upplýsingar eru í drögunum.

Í greinargerð með aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 segir í grein 4.4.1 á bls 27 : *Sveitarfélagið Árborg hefur samþykkt eftirfarandi stefnu í umhverfismálum: Árborg er framsækið og nútímalegt sveitarfélag sem nýtir þau tækifæri sem staðsetning þess gefur tilefni til. Umhverfismál í víðasta skilningi eru málaflökkur nútímans sem framsækið sveitarfélag lætur sig miklu skipta. Sveitarfélagið mun því kappkosta að varðveita fjölbreytni og hreinleika náttúrunnar með vel útbúnum aðgerðum og vönduðum vinnubrögðum. Tekið verður á umhverfismálum af mikilli festu til að vera í fararbroddi í þessum mikilvæga málaflökki, öðrum til fyrirmyndar og eftirbreytni.*

4.janúar 2018

Erna Gunnarsdóttir

eigandi Austubæjar Selfossi

Sveitarfélagið Árborg, Framkvæmda- og veitustjórn
B.t. Jóns Tryggva Guðmundssonar, framkvæmda- og
veitustjóra
Austurvegi 67
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. september 2013

Tilvísun: UST20130600105/tp

Ábendingar vegna vinnu við fráveitumál í Árborg

Bréf Þórs Tómassonar, dags. 13. júní sl, f.h. framkvæmda- og veitustjórnar Sveitarfélagsins Árborgar hefur borist Umhverfisstofnun. Í bréfinu eru kynnt áform sveitarfélagsins um vinnu við að skilgreina Ölfusá sem viðtaka fyrir byggð á Selfossi og gerð vöktunaráætlunar til að vakta efna- og bakteríuinnihald í ánni. Jafnframt er óskað eftir athugasemdum og ábendingum stofnunarinnar við þá verkáætlun sem liggur fyrir.

Í bréfinu kemur fram að ætlunin sé að skilgreina markmið fyrir fráveituna og viðtakann til þess að tryggja að viðmið um ástand vatns verði uppfyllt. Enn fremur að athuga hvornig skilgreina megi neðri hluta Ölfusár og ósasvæði árinna sem síður viðkvæman viðtaka.

Hreinsun skólps

Kröfur sem gerðar eru til fráveitna varðandi hreinsun á skólpi er að finna í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólps. Þar er gert ráð fyrir mis ítarlegri hreinsun eftir magni skólps og gerð viðtaka. Um er að ræða viðunandi, eins þreps, tveggja þrepa eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.

Skv. upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna skýrslu um stöðu skólpmála fyrir 2010 er magn skólps frá Selfossi um 16.000 pe. Skv. upplýsingum úr þjóðskrá þjuggu í upphafi ársins 2013 6.564 íbúar á Selfossi og í nágrenni. Skv. reglugerðinni skal beita viðunandi hreinsun þegar framleitt magn skólps í þéttbýli er 2.000 pe. og minna og losun er í yfirborðsvatn eða ármynni eða 10.000 pe. og minna og losun í strandsjó, sbr. 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar. Með yfirborðsvatni er átt við ferskvatn í þessu tilviki. Vegna skólpmagnsins, sbr. upplýsingar hér að framan, er viðeigandi hreinsun ekki valkostur fyrir skólps frá Selfossi. Því er ekki annað að sjá, sérstaklega þegar til framtíðar er litið, en að tveggja þrepa hreinsun þurfi fyrir Selfoss ef losað er í ána eða ármynnið en eins þreps hreinsun ef losun er í strandsjó að því tilskildu að hann verði skilgreindur síður viðkvæmur.

Það opnast hinsvegar sá hugsanlegi möguleiki að beita viðunandi hreinsun þegar losað er í strandsjó ef tækist að draga það mikið úr framleiddu skólpmagni fyrir hreinsun að það fari

ARBORG	
Dagur: 02.09.2013	Mótt.: 4/2/13
Ábmr.: J.T.G.	Mar/1506237

niður fyrir 10.000 pe. fyrir Selfoss. Það yrði þó aðeins gert ef hægt væri að aftengja hugsanleg fyrirtæki frá fráveitunni sem losa mjög mikið magn lífræns úrgangs, sbr. III. viðauki reglugerðarinnar, þannig að þau losuðu skólp um eigin lögn og sem uppfyllti þá kröfur í starfsleyfi um skólphreinsun (sjá 25. og 26. gr.).

Í fyrrnefndri reglugerð er kveðið á um að beita skuli tveggja þrepa skólphreinsun nema annað komi fram, sbr. 1. mgr. 7. gr. Í 3. mgr. 7. gr. segir síðan að beita megi eins þreps hreinsun verði viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur. Reglugerðin gefur ekki færi á að skilgreina ferskvatn, þ.m.t. ár, sem síður viðkvæma viðtaka, sbr. B-hluta II. viðauka. Ármynni er hinsvegar hægt að skilgreina sem síður viðkvæman viðtaka, þ.e. ef það uppfyllir fyrrgreind ákvæði B-hluta viðauka II. Þegar framleitt skólpmagn þéttbýlis er meira en 2.000 pe. og losað í síður viðkvæmt ármynni skal skv. 3. mgr. 7. gr. beita eins þreps hreinsun eða sambærilegri hreinsun á skólpið. Sé það losað í venjulegt ármynni skal nota tveggja þrepa eða sambærilega hreinsun, sbr. 1. mgr. 7. gr. Þegar framleitt skólpmagn er minna en 2.000 pe. og losað í ármynni skiptir flokkun á viðtaka ekki máli heldur aðeins hvort gæðamarkmiðum sé náð. Auk þess skal ávallt tryggt að fyrirkomulag losunarinnar komi ekki í veg fyrir að ákvæði annarra laga og reglugerða geti komið til framkvæmda, s.s. laga um stjórn vatnamála.

Viðtaki

Eins og vikið er að hér ofan er nokkur munur á ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því hvort viðtakinn er á, ármynni eða strandsjór. Nauðsynlegt er því að gera sér bæði grein fyrir hvar mörkin liggja á milli ferskvatns og árósa annars vegar og á milli árósa og strandsjávar hins vegar.

Samkvæmt 32. mgr. 3. gr. er *strandsjór* skilgreindur sem sjór sem nær frá fjörumörkum og ferskvatnsmörkum í vatnsföllum að mengunarlögsögu. *Ferskvatnsmörk* eru skilgreind sem sá staður í á þar sem selta hækkar vegna nálægðar sjávar á fjöru enda sé miðað við lítið rennsli í ánni. Hvorki eru ákvæði um hve lítið rennsli miða eigi við né hvort miða eigi við fjöru í stórstreymi eða smástreymi. Heldur ekki er kveðið á um hvað átt er við með "sá staður sem selta hækkar". Það kann t.d. að vera misjafnt eftir því hvort miðað er við yfirborð eða botn. Einnig á hvaða seltustigi hækkunin verður.

Umhverfisstofnun lítur svo á að skilgreiningin á *ármynni*, "árósar á mörkum ferskvatns og strandsjávar", sbr. 2. mgr. 3. gr., merki að ármynni eigi eingöngu við um árósa við sjávarströndina en ekki árósa inni í landi. Ekki eru ákvæði um hvernig afmarka eigi mörk áróss og ferskvatns. Í tilskipun ESB um meðferð skólps frá þéttbýli er árós (estuary) skilgreindur sem blöndunarsvæði á milli ferskvatns og strandsjávar. Nokkurt svigrúm virðist því fyrir hendi við þessa afmörkun ármynnis og strandsjávar. Neðri mörk árósa hljóta þó að vera þar sem strandsjór hefst. Efri mörkin eru óljósari en ná þó ekki ofar en þangað sem seltuáhrifa hættir að gæta.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. lögum nr. 35/2011 um stjórn vatnamála skal skipta ám, stöðuvötnum, árósum, strandsjó og grunnvatni upp í vatnshlot. Þegar er búið að afmarka ár, stöðuvötn, strandsjó og grunnvatn en vinna við afmörkum árósa er hafin. Gera má ráð fyrir að ýmsar lagfæringar á skiptingunni á komandi árum svo þessi afmörkun er ekki endanleg. Gert er ráð fyrir að þar sem það er hægt verði í framtíðinni leitast við að nota skilgreint vatnshlot til að afmarka viðtaka þannig að ákveðinn viðtaki verði eitt vatnshlot. Því er nauðsynlegt að taka tillit til afmörkunar samkvæmt vatnaáætlun og skilgreiningu árósa samkvæmt þeim lögum við þá vinnu sem sveitarfélagið hyggst fara í við skilgreiningu á

Ölfusá sem viðtaka.

Hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu stendur yfir endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp. Ákvæði varðandi hreinsun skólps kunna því hugsanlega að breytast þótt henni sé áfram ætlað að endurspegla tilskipun ESB um meðferð skólps frá þéttbýli. Meðal þess sem t.a.m. er ekki samhljóða í núverandi reglugerð og tilskipuninni eru skilgreiningar á strandsjó og árósum.



Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur



Gunnar S. Jónsson, fagstjóri

Afrit

Mannvit, B.t. Þórs Tómassonar, Grensásvegi 1, 108 Reykjavík

Atli Gunnarsson, Guðrún Ásta Gunnarsdóttir og
Sigríður Gunnarsdóttir

Selfossi 3. janúar 2018

EFLA verkfræðistofa
Jón Ágúst Jónsson
Höfðabakki 9 110 Reykjavík

Efni; Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun við hreinsistöð fráveitu á Selfossi sem unnin er af Eflu ehf.

Við undirrituð Atli Gunnarsson kt 050353-5089, Selfossi VII, Guðrún Ásta Gunnarsdóttir kt 170557-2399, Starmóa 10 Selfossi og Sigríður Gunnarsdóttir kt 290565-3169 Vesturbæ Selfossi bendum á að ef farið verður með frárænni við fyrirhugaða hreinsistöð á Selfossi um útrás út í Ölfusá er skylt að vera með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa eins og sjá má á bls 18 í áðurnefndum drögum að matsáætlun við hreinsistöð fráveitu á Selfossi:

„Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp flokkast Ölfusá sem viðkvæmt svæði. Viðkvæm svæði eru meðal annars ármynni, flóar og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er lítil eða aðflutningur næringarsalta mikill. Strangari kröfur gilda um hreinsun skólps þegar um viðkvæman viðtaka er að ræða. Skv. reglugerð 789/1999 er skylt að hreinsa skólp með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar.“

Í ört vaxandi samfélagi eins og sveitarfélaginu Árborg sem telur nærri 9 þúsund íbúa er mikilvægt að hugsa vel til framtíðar í öllu er lýtur að umhverfismálum þannig að það sé ákjósanlegur kostur að búa í því og að við íbúar þess getum skilað því til komandi kynslóða með sóma.

Virðingarfyllt


Atli Gunnarsson


Guðrún Ásta Gunnarsdóttir


Sigríður Gunnarsdóttir

Óðinn K. Andersen

Jón Ágúst Jónsson

From: Óðinn K. Andersen <odinn@arborg.is>
Sent: mánudagur, 18. desember 2017 09:30
To: Jón Ágúst Jónsson
Subject: Hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Sælir.

Ábending varðandi lið: 3.3.3 Útrás í sjó við Eyrarbakkahöfn.

Þar sem ég er nokkuð staðkunnugur á þessum slóðum, vil ég benda á að sennilega væri betra að hugmynd um útrás við Eyrarbakkahöfn (Einarshöfn) lægi nokkuð vestar, vestur fyrir Einarshafnarsker út í árstrauminn sem bæri þá skólpið á haf út. Ella væri hættara við að aðfallsstraumur með sv-átt bæri skólpi inn um öll lón og inn í þorpsfjörur þegar flýtur yfir, og ekki á bætandi, enda ástandið ekki gott fyrir.

Óðinn K Andersen
Umsjónarmaður fasteigna
Sveitarfélagið Árborg,

Austurvegi 67,
800 Selfoss.
Sími: 8637865
odinn@arborg.is

Sæbýli ehf.

Jón Ágúst Jónsson

From: Ásgeir Guðnason <asgeir@haliotis.is> on behalf of Ásgeir Guðnason <asgeir@saebyli.is>
Sent: miðvikudagur, 3. janúar 2018 13:32
To: Jón Ágúst Jónsson
Subject: Hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Sæll Jón Ágúst,

ég heiti Ásgeir Eiríkur Guðnason og er framkvæmdastjóri Sæbýlis ehf. á Eyrarbakka.

Sæbýli stundar eldi á sæeyrum *haliotis discus hannai* sem er dýr afurð notuð til manneidis. Við eldið notar félagið sjó sem tekin er utan við höfnina á Eyrarbakka. Það er mjög mikilvægt að sjórinn sem notaður er sé hreinn og ómengaður. Við teljum að ef sá kostur verði valinn að leggja útrás í nágrenni við Eyrarbakka kippi fótunum undan rekstri félagsins. Við biðjum því um að sú útfærsla á fráveitukerfi Árborgar að veita skólpi út við Eyrarbakkahöfn verði ekki notuð og í staðin verði fundin önnur leið fyrir það.

Bestu kveðjur,
Ásgeir Eiríkur Guðnason
Sæbýli ehf.
GSM: 867 4433

Benedikt Jóhannsson

Jón Ágúst Jónsson

From: Lára Halldórsdóttir <butasaumur@icloud.com>
Sent: mánudagur, 1. janúar 2018 16:53
To: Jón Ágúst Jónsson
Subject: Frárennsli frá Selfossi/ Athugasemdir

Sæll Jón.

Ég las yfir úttekt frá ykkur í Eflu varðanda úrbætur á frárennsli fráþéttbýlinu á Slfossi og geri efirfarandi athugasemdir:

Áréttað skal að talsverð laxveiði var stunduð í net í Ölfusá fyrir neðan núverandi ræsi, fyrir landi Sandvíkurtorfu og Kotferju. Þessi veiði hefur hins vegar lagst af, ekki síst vegna mikillar mengunar frá ræsinu. Rannsaka þarf áhrif þessarar skolpmengunar á lífríki árinna, á veiði laxfiska og gæði laxfiska sem veiddir eru neðan ræsis til manneldis. Samkvæmt reglugerð 789/1999 um fráveitur og skólps má telja Öluksá viðkæman viðtaka og þá þarf hreinsun skólps að vera ítarlegri en tveggja þrepa og ófært er að ætla að nota núverandi lögn sem yfirfall fyrir óhreinsað skólps út í ána. Fram kemur einnig að mikil mengun er frá iðnaðarfyrirtækjum út í ána, einkum frá Sláturfélaginu og Mjólkurbúinu. Eðlilegt er að gera kröfur um að fyrirtæki kosti hreinsun á frárennsli frá sínum iðnaði og þá ekki síst Mjólkurbúið vegna mikillar mengunar frá því. Besti kosturinn er að færa hreinsað skólpið til sjávar fjarri þéttbýli, t.d. milli Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Bestu kveðjur.

Benedikt Jóhannsson
kt. 150351- 3839

Frá Stóru- Sandvík.

Guðmundur Ármann

Efla, verkfræðistofa
B.t. Jóns Ágústs Jónssonar
Hófðabakka 9
110 Reykjavík

11 janúar 2018

Efni: Athugasemdir / ábendingar vegna; Hreinsistöð Fráveitu á Selfossi, drög að tillögu að matsáætlun. 12.12.2017

Undirritaður hefur f.h. félagsins 1765 ehf fengið vilyrði bæjarráðs Árborgar fyrir landi við Eyrarbyggð og í fjörunni vestan við höfnina til að til að koma þar upp sjóböðum, gistingu sem og fræðsluhúsi þar sem áherslan verður fjaran á Eyrarbyggð. Fyrirkomulag og hreinsun fráveitu á Eyrarbyggð sem og mögulegur flutningur á seyru frá Selfossi að Eyrarbyggð og þar í sjó hefur mjög neikvæð áhrif á verkefnið og kann að vera þess valdandi að forsendur fyrir sjóböðum bresta.

Í aðalskipulagi Árborgar 2010 - 2030 kemur fram; *“Unnið er að því að öllu frárennsli og skólpi frá íbúum og fyrirtækjum Árborgar sé fundinn viðeigandi farvegur. Með þessu verki tryggjum við hreinni ár, árbakka, sjó og fjörur og stuðlum að bættu og enn meira aðlaðandi umhverfi í Árborg. Hreinar fjörur munu laða að sér fleira fólk og svæðið í heild sinni fær hlýlegri ásýnd.”*

Eðlilegt er að gerð sé ein matsáætlun fyrir fráveitur í Árborg, þ.e. þar sem fráveitur fyrir byggðirnar á Selfossi, á Eyrarbyggð og á Stokkseyri væru metnar og hugsaðar heildstætt. Það er í senn eðlilegt og skiljanlegt að verkþáttum væri forgangsraðar eftir mikilvægi og öðrum þáttum, en hönnun og útfærslur vegna byggðanna þriggja þarf að hugsa heildstætt.

Í raun eru aðeins tveir valkostir lagðir til. Annars vegar að veita skólpi í Ölfusá eða hins vegar að dæla skólpi til Eyrarbyggð og afsetja það í sjó við höfnina. Líður a, b & c í matsáætlun geta vart talist valkostir með tilliti til 7. greinar reglugerðar um fráveitur og skólp, enda Ölfusá flokkuð sem viðkvæmt svæði.

Kanna ætti þriðja möguleikann sem væri t.d. fullkomin hreinsun á landi þar sem tandurhreinu vatni væri veitt á ný út í náttúruna. Einn af kostum þeirrar lausnar væri að aðstaðan þyrfti ekki að vera við árbakka eða við fjöruna.

Eitt verðmætasta land við Selfoss m.t.t. byggðar, útivistar og lífríkis er land við Ölfusá. Það orkar tvímælis að staðsetja hreinsistöð með útrás í ána horfandi til þeirra verðmæta. Fyrir um 20 árum var flugvöllurinn á Selfossi langt frá allri byggð, í dag er hann kominn í útjaður byggðarinnar. Íbúafjöldun í Árborg er mjög hröð og mikil. Allar vísbendingar eru í þá átt að sú þróun eigi eftir að halda áfram. Það má ætla að fyrirhuguð staðsetning hreinsistöðvar verði komin inn í byggð innan fárra ára.

Rétt er einnig að horfa til þess þunga sem er í alþjóðlegri og í auknu mæli innlendri umræðu um höfn og hreinleika sjávar, þegar lagðir eru til valkostir og mat á þá lagt. Í reglugerð um fráveitur og skólp segir að seyru sem fellur til við meðhöndlun og hreinsun skólps skuli nýta eins og kostur er. Með því að veita seyru út í Ölfusá og eða í sjó er verið að fara gegn þessu ákvæði.

Sé vilji til þess að setja lög fyrir skólp í sjó, þá á það að vera sjálfstætt mat, hvar sú lög ætti að fara í sjó. Hvort það ætti að vera við Eyrarbyggð, Stokkseyri, milli þorpa eða á öðrum stað þarf að meta sjálfstætt. Við gerð þess faglega mats þarf væntanlega að horfa til sjávarfalla, brims, aðstæðna í fjöru

og annara þátta auk lagnaleiðar frá Selfossi. Ekki er eðlilegt að gefa sér niðurstöðu sem virðist að mestu byggja á aðstæðum í landi, en ekki aðstæðum í og við sjó.

Fjaran við Eyrarbakka er á náttúruminjaskrá auk þess sem fjörur og grunnsævi við Eyrarbakka er flokkað sem mikilvægt fuglasvæði. Hin mikla hraunfjara við Eyrarbakka er einstök og þarf að fara um langan veg til að komast í útsjávarstrauma. Brim getur einnig verið mikið við Eyrarbakka.

Útrásarlögn þarf að fara út fyrir hraunið sem víða teygir sig mörg hundruð metra út fyrir fjöruborð ef lögnin á að ná að skila skolpi í útsjávarstrauma og það á svæði þar sem oft er mikið brim og þung alda. Rétt er að minna á þau vandræði sem verið hafa með útrásarlögn í Þorlákshöfn sem þó er væntanlega margfallt styttri en lögn sú sem þyrfti á Eyrarbakka.


Fá þarf mat fagaðila varðandi hafstrauma við Eyrarbakka á því hversu langt þurfi að fara til að komast út fyrir grunnsævi og að dreifingaspár um þynningu uppleistra efni verði gerðar á grunni þess mats.

Í matsáætlun kemur fram að möguleg áhrif framkvæmdanna séu m.a. óbein áhrif á fjöru- og/eða bakkagróður. Það best er vitað liggja ekki fyrir rannsóknir á fjöru- og bakkagróðri á Eyrarbakka og það þrátt fyrir að skolpi frá byggðinni sé veitt beint út í sjó óhreinsuðu. Þá er einnig rétt að hafa í huga að saurmengun í strandsjó sem er utan þynningasvæða skal vera undir umhverfismörkum samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp. Nauðsynlegt er að rannsaka stöðu þessara mála við Eyrarbakka áður en lengra er haldið.

Straumar Ölfusár við Óseyri eru með þeim hætti að það er austlægur straumur með ströndinni frá Ölfusárós og meðfram byggðinni á Eyrarbakka. Mengun sem berst í Ölfusá berst því að byggðinni á Eyrarbakka. Nauðsynlegt er að þetta verði rannsakað sérstaklega sem hluti af matsáætlun.

Ekki kemur fram í matsáætlun ef skólpi verður veitt frá Selfossi í höfnina á Eyrarbakka hvort ætlunin sé þá að skólpi frá byggðinni á Eyrarbakka verði veitt sömu leið sem og hvort að skólpi frá Stokkseyri verði veitt til Eyrarbakka í hina nýju lögn. Fram kom í skýrslu sem gerð var um fráveitumál á Eyrarbakka að einn möguleika væri að skólp færi ekki í sjó heldur væri hreinsað á landi. Það væri vissulega sérstakt ef þannig færi, en á sama tíma væri skólpi frá Selfossi veitt í sjó við Eyrarbakka.

Virðingarfyllst.



Guðmundur Ármann.

Guðmundur Ármann

gudmundur.armann@me.com

s. 833 1500

Linda Ásdísardóttir

Jón Ágúst Jónsson

From: Linda Ásdísardóttir <linda@eyrabakki.is>
Sent: laugardagur, 13. janúar 2018 19:08
To: Jón Ágúst Jónsson
Subject: „Hreinsistöð fráveitu á Selfossi“

„Hreinsistöð fráveitu á Selfossi“

Athugasemdir Lindu Ásdísardóttur íbúa á Eyrbakka

Góðan daginn Jón Ágúst

Ég geri athugasemd við að einn af valkostum um fráveitu skólps frá Selfossi sé að dæla skólpi við Eyrbakkahöfn eða eins og segir í lið e) bls. 14 í plagginu *Hreinsistöð fráveitu á Selfossi - Drög að tillögu um matsáætlun:*

e) Að byggja eins þreps hreinsistöð við Sandvík og dæla skólpi um lögn með Eyrbakkavegi og

áfram út í sjó við Eyrbakkahöfn.

Ég vil mótmæla þessu og biðja um að valkosturinn verði alfarið tekinn út. Ástæðurnar eru margar, höfnin er inni í þorpinu sjálfu og allt svæðið við höfnina er okkar útivistarsvæði sem teygir sig síðan vestur sandfjöruna. Strax neðan við bryggjukantinn er t.d. lítil skjólgóð strönd „Gullströndin“ þar sem gott er að fara í sjósund. Að það teljist mögulegur kostur að dæla þarna skólpi frá 6000 manna og vaxandi byggð á Selfossi finnst mér ömurlegt. Ekki nóg með það þá var sem sagt talið nóg að það skólp færi aðeins í gegnum eins þreps hreinsun sem hljómar ekki vel.

Ekki nóg með að útivistarsvæðið okkar íbúa sé í hættu þá myndi þessi ráðstöfun gera að engu óskir manna um ferðamennsku sem tæki mið af hreinni náttúru við ströndina. Nú þegar er rekin viðkvæm eldisstöð á Eyrbakka þar sem ræktuð eru sæeyru og sú vinnsla má ekki við meira skólp í sjóinn en nú þegar er. Þeir sem hafa þreifað sig áfram með sölvatekju á þessari strönd gætu líka gleymt því að markaðssetja afurð sem er tekin á losunarsvæði skólps.

Eyrbakki býr þegar við lélega losun skólps, hér rennur óhreinsað frá öllum húsum og fyrirtækjum beint úti sjó á fimm stöðum. Þarna er auðvitað úrbóta þörf því þótt brimið taki óþverrann þá liggur klóaksafgangar í fjörunni handan sjóvarnargarðs. Þessi fráveiturör eru svo stutt að þegar fjarar eru rörin ekki einu sinni í sjó og mávurinn hangir í úrganginum. Mér þykir því frekar móðgandi að það þyki góð hugmynd að bæta við okkur úrgangi.

Einnig finnst mér bæði áhættusamt og mögulega mjög kostnaðarsamt að vera í þetta mikla magn fráveitu í lögn svona langa leið. Hægt er að sjá í hendi sér að bilanir og aðrar ófyrirséðar upþákomur sem fylgja, muni alltaf koma til

með að skerða lífgæði okkar hér á Eyrabakka. Ég vinn hjá Byggðasafni Árnesinga sem er með með sitt varðveisluhúsnæði á Hafnarbrú 3 og þykir mér óljúft að vita að lögninni við hliðina á safnmunageymslu.

Að það þygi valkostur að menga fjöru okkar hér meðan vatnsmesta á landsins Ölfusá er við bæjardyr íbúa á Selfossi þykir mér einnig undarlegt og ítreka enn og aftur að þessi valmöguleiki sé tekinn burt.

Að lokum þykir mér leitt að sökum þess hve kynning í auglýsingum var Selfossmiðuð fór það næstum því fram hjá íbúum Eyrabakka að þessi valkostur væri í kynningarferli. Þar má þó frekar saka bæjarstjórn Árborgar um skort á íbúalýðræði en ekki við ykkur hjá EFLU að sakast.

Bestu kveðjur

--

Linda Ásdísardóttir, safnvörður

Hlöðufelli
Eyrabakka
s. 820 0620

Byggðasafn Árnesinga

Jón Ágúst Jónsson

From: Lýður Pálsson Byggðasafn Árnesinga <Lydurp@husid.com>
Sent: miðvikudagur, 3. janúar 2018 11:06
To: Jón Ágúst Jónsson
Subject: Athugasemd við umhverfismat Hreinsistöð á Selfossi

Góðan dag.

Gerð er athugasemd við Umhverfismat hreinsistöðvar á Selfossi.

Sú hugsanlega leið sem nefnd eru í umhverfismatinu, að leggja 1. þreps hreinsað skólp frá hreinsistöð á Selfossi niðrá Eyrarbakka, myndi hafa mikil áhrif á ferðaþjónustu á Eyrarbakka og almennt á ímynd þorpsins. Þess vegna kemur Umhverfismatið Eyrbekkingum og þeim sem standa að rekstri á Eyrarbakka við, þ. á m. Byggðasafni Árnesinga. Kafli 3.3.3. vekur nokkuð furðu þar sem með ófullnægjandi hætti er fjallað um áhrif skólplagnar á Eyrarbakka. Ekkert er þar fjallað um áhrif hugsanlegrar lagnar á mannlífið í 600 manna þorpi. Farið er fram á að liður e í kafla 3.2 í umhverfismatinu verði felldur á brott og ekki verði á nokkurn hátt getið þessa möguleika í frekari framvindu þessa þarfa verkefnis.

Virðingarfyllt,

Lýður Pálsson
safnstjóri
Byggðasafn Árnesinga
www.husid.com
Símar 483 1082 og 891 7766



Virus-free. www.avast.com

Sigurjón Vídalín Guðmundsson

Efla, verkfræðistofa
B.t. Jóns Ágústss Jónssonar
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

11 janúar 2018

Efni: Athugasemdir / ábendingar vegna; Drög að tillögu að matsáætlun hreinsistöðvar fráveitu á Selfossi dags. 12.12.2017

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda skýrslu.

Í skýrslunni eru tveir valkostir lagðir til. Annars vegar að veita skólpi í Ölfusá og hins vegar að dæla því í sjóinn framan við höfnina á Eyrarbakka. Í skýrslunni eru einnig tíundaðir valkostir skv. lið 3.2. en valkostir a, b og c geta varla talist raunverulegir valkostir með tilliti til 7. greinar reglugerðar um fráveitur og skólp enda flokkast Ölfusá sem viðkvæmt svæði.

Það sem stingur óneitanlega í augað við lestur skýrslunar er sú staðreynd að hvergi er tíundað hvers vegna útrás í sjó er valin staður við höfnina á Eyrarbakka og engar aðrar staðsetningar ræddar. Ég sem fyrrum íbúi á Eyrarbakka, fæddur þar og uppalin, tel að útrás þar sé í besta falli vafasöm. Þrátt fyrir að vesturfall sé stöðugt með suðurströndinni þá gætir staðbundins austurfalls meðfram fjörunni frá ós Ölfusár og austur fyrir gamla frystihúsið, svona hér um bil. Þetta er vegna strauma frá ánni sem leita til austurs þegar sjór stendur hátt og heldur við útfall Ölfusár. Þetta sést vel bæði á sandburði austur með strandlengjunni og jakaburði á veturna. Það er því hætt við að skólp það sem færi í sjó framan við höfnina á Eyrarbakka bærisk að landi beggja megin við höfnina og spillti nýtungu lands og landgæðum á því svæði til frambúðar.

Hins vegar er álíka langt út fyrir skerjagarðinn, og fyrir framan höfnina, rétt austan við Barnaskólann á Eyrarbakka. Þar hins vegar gætir ekki strauma frá Ölfusá og stöðugt vesturfall þar tæki skólpið væntanlega út og frá ströndinni. Þennan valkost tel ég að ætti að kanna mjög gaumgæfilega með mati fagaðila.

Að ofangreindu má því líka vera ljóst að allt skólp sem fer í Ölfusá getur borist að einhverju leyti á fjörur austan við ósinn, allt austur að Eyrarbakka. Enda eru vísbendingar um það sjáanlegar annað slagið þegar gengið er fram á dömubindi, blautþurrkur og annað sem leysist illa eða ekki upp í vatni í fjörunni.

Út frá umhverfissjónarmiðum og heildstæðri lausn á fráveitumálum í sveitarfélaginu ætti því að leita leiða að koma öllu skólpi í sjó. Lögn meðfram þjóðveginum frá Selfossi og niður á strönd austan við Eyrarbakka myndi skipta þar sköpun. Fyrir það fyrsta væri hætt að veita skólpi í Ölfusá. Í öðru lagi væri hægt að taka allt skólp frá þéttbýslisstöðum sveitarfélagsins í þessa útrás. Það myndi þýða að losun skólps í sjó frá Eyrarbakka og Stokkseyri færi ekki lengum nánst í fjöruna fyrir framan þorpin heldur út fyrir skerjagarðinn. Auk þess væri möguleiki á að tengja Tjarnabyggðina við þessa lögn þar sem hún er núna öll á rotþróum en það eru nú þegar komnar fram vísbendingar um það að ekki sé æskilegt að yfirfall af þessum rotþróum fari út í mýrina þar sem hún er mjög lélegur viðtaki vegna vatnsmettunar og því liggi þetta affalsvatn oft á yfirborði. Með fyrirsjáanlegri fjölgun húsa í Tjarnarbyggð verður þetta vandamál enn stærra.

Virðingarfyllt,
Sigurjón Vídalín Guðmundsson

**VIÐAUKI D SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA VIÐ ATHUGASEMDUM VIÐ DRÖG
AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN**

Eftirtaldir aðilar gerðu athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun:

- Veiðifélag Árnesinga, dags. 15. janúar 2018
- Erna Gunnarsdóttir, dags. 4. janúar 2018
- Atli Gunnarsson, Guðrún Ásta Gunnarsdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir, dags. 3. janúar 2018
- Óðinn K. Andersen, dags. 18. desember 2018
- Sæbýli ehf., dags. 3. janúar 2018
- Benedikt Jóhannsson, dags. 1. janúar 2018
- Guðmundur Ármann, dags. 11. janúar 2018
- Linda Ásdísardóttir, dags. 13. janúar 2018
- Byggðasafn Árnesinga, dags. 3. janúar 2018
- Sigurjón Vídalín Guðmundsson, dags. 11. janúar 2018

Viðbrögð Sveitarfélagsins Árborg við athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu á Selfossi.

Nr.	Athugasemd	Svar Árborgar
1	Veiðifélag Árnesinga	
1.1	<p>„Komi til álita að nýta Ölfusá sem viðtaka þarf slík rannsókn að vera ítarlegri en ella vegna þeirra sérstöku verndar sem yfirborðsvatn eins og Ölfusá nýtur að lögum.“</p>	<p>Ekki kemur fram í athugasemdinni hvaða sérstöku verndar vísað er til. Eins og almennt á við um vatn þá nýtur Ölfusá verndar gegn mengun, m.a. í 83 gr. vatnalaga nr. 15/1923. Þá er mengun vatns líka óheimil samkvæmt meginreglu 5. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sem er m.a. sett skv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin tilgreinir ennfremur að losun mengandi efna í vatn er heimil, að því tilskyldu að ákvæði reglugerðarinnar um vatnsgæði séu uppfyllt og starfsleyfi sé fyrir viðkomandi starfsemi. Hreinsistöðin mun verða rekin samkvæmt starfsleyfi og því í samræmi við kröfur laga og reglugerða og því samræmast markmiðum laga nr. 7/199-8 um að draga úr losun í vatn í því skyni að vernda umhverfið.</p> <p>Í drögum að matsáætlun er lýst ítarlegum rannsóknum á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsgæði og lífríki Ölfusár sem lagðar verða til grundvallar umfjöllun í frummatsskýrslu (sjá kafla 4.5.1 og 4.5.2). Gerð rannsóknaráætlunar og umsjón með rannsóknunum er á höndum sérfræðinga Hafrannsóknarstofnunar. Rannsóknunum er m.a. ætlað að svara hver núverandi styrkur efna í vatni ofan útrásar er og hvaða áhrif framkvæmdin hefur, m.v. framlagða valkosti.</p>
1.2	<p>„Hvort nýta megi Ölfusá sem viðtaka ræðst af mati á öllum mengunarbáttum, bæði þeirrar mengunar sem kemur með ánni frá svæðum ofan við Selfoss og þeirrar sem hlýst af fráveitu Selfoss, jafnt sunnan sem norðan við ánnu. Gera þarf í tillögu að matsáætlun grein fyrir núverandi hreinsun iðnaðarskólps og hvernig því skuli hagað í framtíðinni, útreikningum á aukinni mengun í ánni ofan við Selfoss og sérstaklega fyrir aukinni fráveitu vegna fólksfjölgunar og auknum rekstri fyrirtækja á Selfossi í framtíðinni.“</p>	<p>Lýsing á núverandi fyrirkomulagi fráveitu á Selfossi og fyrirhuguðu framtíðar fyrirkomulagi fráveituhreinsunar, bæði á skólpi frá íbúum og frá iðnfyrirtækjum er í 2. og 3. kafla í drögum að tillögu að matsáætlun. Sláturfélag Suðurlands svf. rekur eigin fráveitu. Um losun skólps frá iðnaðarstarfsemi í eigin fráveitu er fjallað í 25 gr. rg. 798/1999 um fráveitur og skólps. Hreinsun slíks skólps er háð ákvæðum reglugerðarinnar sem og starfsleyfis. Fari svo að frárennsli frá starfseminni verði veitt í fráveitukerfi framkvæmdaáðila þá er gert ráð fyrir að sá valkostur við hreinsun sem valinn verður eftir að matsferli lýkur geti annað magni frárennslis sem kemur frá starfsemi Sláturfélags</p>

		<p>Suðurlands svf. Mjólkursamsalan ehf. mun að lokinni eigin forhreisun losa frárennsli sitt í fráveitukerfi bæjarins. Frárennsli frá öðrum atvinnurekstri verður hreinsað ásamt frárennsli frá þéttbýli eins fram kemur í drögum.</p> <p>Í drögum að tillögu að matsáætlun er lýst rannsóknum Hafrannsóknarstofnunar á ánni, sem munu m.a. sýna styrkleika uppleystra efna í núverandi útrás, ofan og neðan við útrás við Sandvík. Á grundvelli niðurstaða þessara rannsókna verður umfjöllun í frummatsskýrslu um næmni árinna fyrir breytingu á grunnástandi, þ.e. hver er næmni hennar fyrir aukinni losun ofan útrásar við Selfoss. Losun í ána ofan við Árborg er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga og atvinnurekstrar sem þar er.</p> <p>Verkfræðistofan Mannvit hefur gert spá fyrir þróun persónueininga á Selfossi. Hún byggir á vöktun útrásar á sniðræsi sunnan ár og útrásar við veiðihús norðan ár árin 2014-2016. Í minnisblaði Mannvits, dags. 21.1.2016, kemur fram að meðalfjöldi persónueininga á umræddu tímabili hafi verið um 17.000 (fyrir íbúa og iðnfyrirtæki önnur en MS) en um 30.000 ef bætt er við losun óhreinsaðs frárennslis frá MS. Mannvit áætlar að fjöldi persónueininga verði kominn í 20.000 árið 2026. Áætlunin miðast við að árleg íbúafjölgun verði 2,2% á Selfossi, MS keyri sína hreinsistöð, mengun frá öðrum iðnfyrirtækjum haldist óbreytt og fjöldi persónueininga aukist jafn mikið og íbúarnir. Mannvit bendir þó á að erfitt er að spá fyrir um þróun í fjölda persónueininga þar sem gæði fráveituvatns frá iðnfyrirtækjum á svæðinu ráða miklu þar um.</p>
1.3	<p>„Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur ekki vera forsendur fyrir mati á umhverfisáhrifum nema það taki til allrar fráveitu við Selfoss og allra mengandi þátta hennar. Verði það ekki gert er þegar af þeirri ástæðu útilokað að nýta Ölfusá sem viðtaka.“</p>	<p>Mat á umhverfisáhrifum tekur til þessarar tilteknu framkvæmdar sem er á ábyrgð sveitarfélagsins og nær til fráveitu frá byggðinni á Selfossi (norðan og sunnan ár) auk atvinnustarfsemi að undanskilinni þeirri sem mun að öllu leyti reka eigin fráveitu (SS). Sjá einnig svar við 1.2.</p>
1.4	<p>„Óvissa um framangreindar lykilforsendur matsins vekja upp efasemdir um hvert sveitarfélagið stefni með þessari vinnu sem og um ráðgjöf verkfræðistofunnar EFLU.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili hyggst með framkvæmdinni koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem samræmist lögum og reglugerðum, bæta núverandi ástand fráveitu og Ölfusár.</p>

		Ekki er ljóst hvað athugasemd um ráðgjöf EFLU felur í sér. EFLA verkfræðistofa leggur í störfum sínum áherslu á að veita faglega ráðgjöf og að öll lög og reglugerðir séu uppfyllt.
1.5	<p>„Í samræmi við framangreint lagaákvæði er tekið fram í upphafi skýrslu verkfræðistofunnar EFLU, dags. 12.12.2017, að í henni komi fram hvernig framkvæmdaraðilinn, Árborg, hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum fráveitu við Selfoss og þeim fjórum valkostum sem til greina komi. Þar sem stjórnýslan er lögbundin ætti aðeins að koma til álita að lýsa lögmætri framkvæmd eða lögmætum valkostum. Í upphafi við gerð tillögu að matsáætlun ber aðeins að fjalla um þá kosti sem samræmast gildandi rétti og sé vafi uppi um hvort tiltekinn valkostur sé tækur eða ekki ber sveitarstjórn að fjalla sérstaklega um lagaskilyrðin og hvað ráði niðurstöðu hennar fyrir því hvort að kosturinn sé talinn tækur eða ekki. Hvort kostur sé tækur eða ekki kann að ráðast af matskenndum þáttum sem upplýsa þarf um með rannsóknum t.d á frárennsli og á viðtaka. Ekki nægir að lýsa því í matsskýrslu hvað eigi að rannsaka heldur ber að gera grein fyrir því hvernig eigi að nýta þær rannsóknir og upplýsingar við mat á lagaskilyrðum um flokkun viðtakans.</p> <p>Má í þessu sambandi benda á að lagaskilyrði um hvort þurfi ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef nota á yfirborðsvatns sem viðtaka er háð mati á aðstæðum. Ef viðtakinn telst viðkvæmur eða flokkaður af ráðherra sem svæði sem skal njóta sérstakrar verndar í skilningi 7.2. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp skal beitt ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.“</p>	<p>Tekið er undir ábendingu Veiðifélags Árnesinga um að framkvæmdir skuli vera í samræmi við skilyrði laga og reglugerða og réttmætt að benda á að sá valkostur sem endanlega verður valinn skuli standast lög. Ekki er tekið undir það að ekki sé leyfilegt að meta ýmsa valkosti í matsferlinu. Tilgangur matsins er að fá skilning og samanburð á umhverfisáhrifum allra valkosta.</p> <p>Matsferlið er lögbundið sbr. l. 106/2000 og gerir ráð fyrir samanburði á öllum kostum sem koma til greina. Með matinu er tryggður fullnægjandi samanburður valkosta, auk þess sem umsagnaraðilar og almenningur hafa aðkomu að ferlinu.</p> <p>Í frummatsskýrslu verður fjallað um hvernig einstakir framlagðir valkostir samræmast lögum og reglugerðum.</p> <p>Varðandi viðkvæmni viðtaka, er vísað á svar við lið 1.11.</p>
1.6	„Kostir sem uppfylla ekki fortakslaust bindandi lagaskilyrði ættu ekki að koma til álita.“	Sjá svör við liðum 1.4 og 1.5.
1.7	„Í drögunum að tillögu að matsskýrslu kemur fram á bls. 21 að nánari grein verði gerð fyrir því í matsskýrslu hvernig staðið verði að hreinsunum og hvernig þær lausnir samræmist lögum og reglugerðum. Í drögunum er því skautað fram hjá því sem mestu máli skiptir sem er að kynna hver sé lagagrundvöllurinn og túlkun sveitarfélagsins er á þeim lagafyrirmælum sem um fráveitur gilda. Engin grein er því gerð fyrir því að	Umfjöllun verður í frummatsskýrslu um hvernig framlagðir valkostir samræmast þeim lögum og reglugerðum sem að eiga við um framkvæmdina, sbr. drög að tillögu að matsáætlun. Bent er á að aðalvalkostur framkvæmdarinnar liggur ekki fyrir, sbr. kafla 4.7 í drögum að tillögu að matsáætlun og verður ákvörðun um hvaða leið verður farin m.a. tekin með hliðsjón af niðurstöðu matsins. Tilgangur matsferlisins er að gera samanburð á öllum kostum sem koma til greina og uppfylla

	<i>fráveituframkvæmd sem þessi lýtur sérstökum lagafyrirmælum sem sveitarfélagið er bundið af sem og verkfræðistofan EFLA í ráðgjöf sinni.“</i>	skilyrði laga og reglugerða. Ítrekað er að ekki verður farið í framkvæmd sem ekki uppfyllir skilyrði laga og reglugerða.
1.8	<i>„Hvorki er gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem eru fortakslaus né þeim sem kunna að vera háð mati á aðstæðum og engin grein gerð fyrir þeirri vernd sem Ölfusá nýtur að lögum.Ölfusá nýtur m.a. sérstakrar verndar 83. gr. vatnalaga nr. 15/1923, laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og segja þessar lagareglur jafnframt fyrir um þau skilyrði sem gerð eru til hreinsunar fráveitu.“</i>	Í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er ekki ákvæði um verndun vatns, umfram almenn markmið laganna sem eru að koma í veg fyrir að draga úr losun í vatn. Nánari ákvæði eru sett fram í reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, sjá umfjöllun um verndun vatns í svari við lið 1.1.
1.9	<i>„Einn af þeim kostum sem sveitarfélagið og verkfræðistofan EFLA telur að til greina komi í tillögunni að matsáætlun er að nýta Ölfusá sem viðtaka með eins þreps hreinsun og það þrátt fyrir að það sé fortakslaut bannað í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Í 3.6.3. gr.draganna kemur fram að „framkvæmdin“ sé í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem eftir sé að samþykka. Í tilvitnaðari tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir eins þreps hreinsun og segir ekkert fyrir um hvernig eigi að haga frekari hreinsun. Við hvaða „framkvæmd“ er átt? Mat á umhverfisáhrifum á að vera hlutlaus og vísindaleg athugun á þeim kostum sem tækir eru að lögum og um samanburð á þeim.“</i>	<p>Sbr. svör við liðum 1.4. og 1.5 hyggst framkvæmdaraðili koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem samræmist kröfum laga og reglugerða, þ.m.t. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.</p> <p>Rétt er sem fram kemur í athugasemd Veiðifélags Árnesinga að tillaga að deiliskipulagi sem auglýst var á sínum tíma en ekki samþykkt lýsir hreinsistöð með eins þreps hreinsun. Þegar fyrir liggur ákvörðun um hvaða valkostur verður fyrir valinu eftir að mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir verður ráðist í breytingar á skipulagi, eftir því sem nauðsynlegt er, í samræmi við það sem leiðir af þeim framkvæmdum sem ráðast á í.</p> <p>Valkostur a) núllkostur og valkostur b), þ.e. eins þreps hreinsun með losun í Ölfusá, samræmast ekki ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp og teljast því ekki raunhæfir í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. Valkostur a) núllkostur sem miðar við óbreytt ástand veitir upplýsingar um þau umhverfisáhrif sem eru og verða ef ekki verður gripið til aðgerða. Mat á þessum kosti gefur tækifæri til þess að meta þann árangur sem næst af þeim úrbótum sem farið verður í og uppfylla skilyrði laga og reglugerða. Helsta ástæða þess að umhverfisáhrif þeirrar aðgerðar sem skilgreind er sem valkostur b) eru metin er sú að kostnaður við tveggja þrepa hreinsun (valkostur c) og ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa (valkostur d) er það mikill að Sveitarfélagið Árborg mun koma til með að áfangaskipta hönnun og framkvæmdinni. Það er</p>

		<p>mikilvægt að umhverfisáhrif valkosta b) liggi fyrir þannig að hægt sé að framkvæma mótvægisáðgerðir og vöktun ef þörf er á. Með áfangaskiptingunni má hraða framkvæmdum við uppbygginguna og koma sem fyrst á eins þreps hreinsun, óháð valkost, þannig að allir aðskotahlutir og sorp og jafnframt hluti lífræns efnis og örplasts séu fjarlægðir. Valkostur b) er því ekki hugsaður til frambúðar, heldur eingöngu sem tímabundinn fyrri áfangi framkvæmda ef losað verður í Ölfusá. Síðari áfangi, verði sú leið farin, myndi felast í valkostum c) eða d). Ef áfangaskipting framkvæmda ætti að koma til greina verða tímamörk eins þreps hreinsunar ákveðin í samráði við veitendur framkvæmda- og starfsleyfis. Með hliðsjón af ofanrituðu telur Árborg því nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um umhverfisáhrif allra ofangreindra valkosta.</p> <p>Framkvæmdaraðili tekur undir með Veiðifélaginu að mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem hlutlausir sérfræðingar meta umhverfisáhrif framkvæmdar og bera saman áhrif mismunandi valkosta.</p>
1.10	<p>„Í 4.7. gr. draganna kemur fram að mat á umhverfisáhrifum verði nýtt til þess að bera saman umhverfisáhrif allra valkosta og leggja þær upplýsingar, ásamt samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði þeirra, til grundvallar þegar að ákvörðun verður tekin um hvaða leið verði farin. Stjórnarmenn sveitarfélagsins Árborgar hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á hvað kostnaður við byggingu eins þreps hreinsunar sé lítill miðað við aðra kosti og að það eigi að ráða burt séð frá lagaskilyrðum. Að tekið sé undir þetta af hálfu verkfræðistofunnar EFLU er ófært enda fyrirfram ljóst hver niðurstaðan yrði ef samanburður á kostnaði við ristina og skólphreinsun á einhverju að ráða um valið.“</p>	<p>Í mati á umhverfisáhrifum er haft að markmiði að umfjöllun um alla valkosti sé sem næst því að vera tæmandi og því mun kostnaðargreining fyrir hvern valkost koma fram. Upplýsingar um áhrif mismunandi kosta eru mikilvæg við ábyrga ákvarðanatöku um framkvæmdina. Hér er ekki átt við að undantekningalaust eigi að velja ódýrasta kostinn heldur verður litið til þess hversu vel mismunandi kostir uppfylli markmið framkvæmdar og hver kostnaður þessara mismunandi leiða sé. Eðlilegt er að slíkar upplýsingar liggi fyrir þegar matsferli er lokið og taka þarf ákvörðun um hvernig skólphreinsun framkvæmdaraðila verður háttáð til framtíðar.</p> <p>Stofn- og rekstrarkostnaður hreinsistöðvarinnar eru háðir stærð hreinsistöðvarinnar og umfangi hreinsunar. Því er mikilvægt að vel sé staðið að vali á forsendum fyrir hönnun stöðvarinnar. Því hyggst framkvæmdaraðili áfangaskipta uppbygginu stöðvarinnar, sjá lið 1.9.</p>

1.11	<p>„Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur að sveitarfélaginu Árborg sé skylt að hlíta þeim lagaskilyrðum sem framkvæmdum um fráveitum eru settar og beina því til sveitarfélagsins að setja fram nýja flokkun byggða á rækilegri lagalegri athugun sem sett verði fram með skýrum og rökstuddum hætti og eftir atvikum í samráði við umhverfisráðherra sem ber ábyrgð á flokkun viðkvæmra svæða. Í fyrsta lagi að gera grein fyrir hvernig uppfylla eigi lágmarksskilyrði laga um hreinsun og í öðru lagi hvaða auknu kröfur þurfi að gera til hreinsunar ef til álita komi að nýta jökulvatnið sem viðtaka en slíkt vatn hefur slíka sérstöðu meðal vatna í Evrópu að það gefur tilefni til sérstakrar úrlausnar.“</p>	<p>Uppbygging hreinsistöðvarinnar verður í samræmi við lög og reglugerðir, eins og áður hefur komið fram.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur skilgreint Ölfusá sem venjulegan viðtaka¹.</p>
1.12	<p>„Þessi grundvallar verndarregla vatnalaga leiðir til þess að lög ber að skýra með hliðsjón af henni og þar af leiðandi ber að skýra heimildir til að nýta ár sem viðtaka þröngt. Bæði skal því skýra fyrri málslið 3.37 gr. reglugerðar til samræmis við þetta en aðalatriðið er þó að Ölfusá nýtur sérstakrar verndar í skilningi síðari málsliðar 3.37 gr. og flokkast því sem viðkvæmur viðtaki og kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til álita nema að undangenginni ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.“</p>	<p>Sjá svar við lið 1.1.</p>
1.13	<p>„Er því ekki annar kostur tækur en að leiða fráveituna til sjávar og leysa um leið fráveitumál Eyrarbakka og Stokkseyri en ekki þarf að tíunda um það að þar fer allt skólþ óhreinsað í sjóinn.“</p>	<p>Einn valkosta sem lagður er fram til samanburðar í mati á umhverfisáhrifum snýr að því að dæla hreinsuðu skólpi um lögn með Eyrarbakkegi og áfram út í sjó við Eyrarbakka.</p>
1.14	<p>„Þetta álit stjórnar Veiðifélags Árnesinga styðst jafnframt við önnur veigamikil rök og má þar nefna eftirfarandi og gera verður kröfu um að gerð verði ítarleg grein fyrir í enduskoðuðum drögum að matsáætlun:</p> <p>1. Augljóst er þeim sem búa við Ölfusá að vatnsmagn hennar hefur minnkað mikið undanfarna þrjá áratugi og er það í samræmi við vatnamælingar Veðurstofunnar og má draga af því þá ályktun að sú þróun haldi áfram. Verður því Ölfusá í framtíðinni enn viðkvæmari viðtaki en ella og þá sérstaklega á sumrin þegar rennslið er mjög lítið og að mestum hluta lindarvatn. Sá tími er aðalgöngutími laxfiska og þá fer nýting veiðihlunninda fram.</p> <p>2. Mikil fólksfjölgun á Selfossi í framtíðinni.</p>	<p>1. Þrátt fyrir að vatnsmagn Ölfusár kunni að hafa minnkað er ekki hægt að draga þá ályktun að sú þróun haldi áfram þar sem slíkar langtímabreytingar hafa einkum verið raktar til breytileika í úrkomu sem erfitt er að spá fyrir um. Miðað við eldri rennismælingar má þó frekar gera ráð fyrir að sveiflan gangi til baka. Burtséð frá mögulegri framtíðarþróun þá er staðreyndin sú að Ölfusá er vatnsmesta á landsins. Skv. þeim gögnum sem framkvæmdaraðili hefur undir höndum er minnsta melda rennsli í Ölfusá um 180 m³/sek. Staðsetning útrásar í Ölfusá er valin þannig að þar er alltaf rennsli, líka þegar áin er vatnslítill.</p>

¹ Umhverfisstofnun. (2017). Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014

	<p>3. Aukin atvinnustarfsemi á Selfossi í framtíðinni.</p> <p>4. Sífelld auknar kröfur til hreinsunar fráveitu og skólps.</p> <p>5. Sífelld auknar kröfur til náttúruverndar.</p> <p>6. Ölfusá sem viðtaki veitir ekkert svigrúm í framtíðinni til þess að mæta aukinni fráveitu og auknum kröfum til hreinsunar fráveitu.</p> <p>7. Sónin sem fælist í að reisa milljarða tímabundið mannvirki, sem hæpið er að geti annað eða staðist núverandi kröfur, hvað þá framtíðar kröfur um hreinsun fráveitu og skólps, verður með engu móti réttlætanleg og á sama tíma og slíkt svigrúm sé miklu meira út í sjó við Eyrarbakka.</p> <p>8. Engar tæknilegar eða fjárhagslegar hindranir eru í vegi fyrir því að leiða fráveitu til sjávar.</p> <p>9. Erfið glíma sveitafélaga hér á landi sem í öðrum ríkjum Evrópu við að finna lausn á fráveitu með sjó sem viðtaka ættu að lýsa vel hversu langsótt það ætti að vera að nefna Ölfusá sem hugsanlega viðtaka skólps. Önnur ríki Evrópu hafa hins vegar tekið þessu alvarlega og flestar ár njóta sérstakrar verndar og ekki kemur til álita annað en ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.“</p>	<p>2. Miðað er við áætlaðan fjölda persónueininga árið 2026 skv. aðalskipulag Árborgar og mati á aukningu atvinnustarfsemi. Sjá nánar í svari við lið 1.2.</p> <p>3. Sjá svar við 1.2.</p> <p>4. Framkvæmdaraðili stefnir ávallt að því að farið verði eftir gildandi lögum og reglum á hverjum tíma, en leggur áherslu á að við hönnun verði litið til líklegra krafna sem kunna að verða gerðar til hreinsunar efna úr skólpi, s.s. örplasts, þó þá á þessu stigi liggja ekki fyrir hverjar kröfurnar raunverulega verða.</p> <p>5. Sjá svar við lið 4 hér að ofan.</p> <p>6. Við mat á umhverfisáhrifum viðtakans Ölfusá verður m.a. stuðst við rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar. Er þeim rannsóknum ætlað að svara hvert ástand viðtakans er og möguleikar hans til að taka við hreinsuðu skólpi eru.</p> <p>7. Ekki er um tímabundna framkvæmd að ræða.</p> <p>8. Sú lausn sem felst í losun í sjó er tæknilega leysanleg, en um þá leið og aðrar sem eru til skoðunar gildir að auk þess að þurfa að uppfylla kröfur laga og reglugerða um hreinsun, þurfa þær einnig að vera innan skynsamlegs kostnaðarramma og bolmagns sveitarfélagsins til fjárfestinga. Því verður einnig gerð grein fyrir áætluðum kostnaði valkosta í frummatsskýrslu.</p> <p>9. Tekið undir athugasemdina um glímu við hreinsun á meginlandi Evrópu. Hinsvegar verður að huga að því að aðstæður við ár í Evrópu eru frábrugðnar, þær eru oftast lengri, þéttbýli í nálægt meira og í sumum tilfellum nokkrar stórar borgir og iðnarsvæði sem nýta sér árnar sem viðtaka, og einnig sem uppsprettu drykkjarvatns. Einnig er meira álag frá landbúnaði við slíkar ár. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að kröfur til hreinsunar séu harðar.</p>
1.15	<p>„Í 3.4.1. gr. draga að tillögu að matsáætlun virðist vera lýst eins þreps hreinsun. Ekki eru forsendur til þess að gera athugasemdir við slíka hreinsistöð þar sem ekki ætti að liggja fyrir endanlegt val á hreinsunaraðferð og þar af leiðandi hreinsistöð. Rétt er þó að víkja að svokölluðu „neyðaryfirfalli“ en þar er átt við yfirfall sem mun leiða</p>	<p>Í kafla 3.4.1 er lýst byggingu sem hýsir búnað sem þarf til eins þreps hreinsunar skv. 1. áfanga. Tekið skal fram að eins þreps hreinsun er ætíð undanfari tveggja þrepa hreinsunar. Þau mannvirki sem lýst er í kafla 3.4.1 þarf ætíð að reisa, samkvæmt öllum valkostum sem kynntir hafa verið til mats á umhverfisáhrifum.</p>

	<i>óhreinsað skólp í áнна þar sem hreinsistöðin kemur ekki til með að anna hreinsun vegna þess að regnvatn og skólp er ekki aðskilið.“</i>	Tillaga að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð sem auglýst var á sínum tíma en ekki samþykkt, sbr. svar við lið 1.9, verður endurskoðuð þegar frekari upplýsingar liggja fyrir umframkvæmdina og þann valkost sem liggur henni til grundvallar. Neyðaryfirfall er nauðsynlegur þáttur í rekstri allra fráveitumannvirkja, t.d. vegna viðhalds og ef úrkomuviðburðir eru stærri en stöðin getur annað. Notkun yfirfalls verður í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp sem leyfir að ofanvatn í einföldu kerfi fari um yfirföll allt að 5% tímans ef skólp og hitaveita/ofanvatn er í hlutföllum 1:5 a.m.k. Stefnt er að því að notkun neyðaryfirfalls verði langt innan við nefnd mörk.
1.16	<i>„Stjórn Veidifélags Árneseinga leggur áherslu á að mikið vantar á að forsendur séu fyrir því að lagt verði mat á umhverfisáhrif hreinsistöðvar fyrir fráveitu Selfoss miðað við óbreytt drög að tillögu að matsáætlun, dags. 12.12.2017“</i>	Ekki eru gefin efnisleg rök fyrir þessari athugasemd. Framkvæmdaraðili telur fyrirbyggjandi drög að tillögu að matsáætlun í fullu samræmi við lög og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.
1.17	<i>„Það er álit stjórnar að hvorki séu fyrir því lagaskilyrði né önnur skilyrði að nýta Ölfusá sem viðtaka fyrir fráveitu Selfoss.“</i>	Framkvæmdaraðili er ósammála athugasemdinni. Losun má leyfa í samræmi við ákvæði reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og rg. 798/1999 um fráveitur og skólp.
1.18	<i>„Krafa er gerð um að sveitarfélagið geri í endurskoðaðri tillögu að matsáætlun ítarlega og nákvæma grein fyrir þeim kosti að leiða fráveitu til sjávar við Eyrarbakka.“</i>	Matsáætlun er áætlun byggð á tillögu framkvæmdaraðila, um á hvaða þætti áhersla verður lögð á og fjallað um í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu verður gerður samanburður á öllum framlögðum valkostum.
1.19	<i>„Þá ítrekar stjórnin að miklir hagsmunir eru í húfi fyrir lífríki Ölfusár og veiðihagsmuni að áin verði ómenguð í framtíðinni og t.d. ekki settuð saurgerlum og skólpi og tekur það ekki aðeins til jarða fyrir neðan Selfoss heldur um allt vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.“</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir athugasemdina. Markmið framkvæmdarinnar er að koma sem fyrst á hreinsun skólps frá Selfossi til að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu. Ábyrgð framkvæmdaraðila takmarkast þó við frárennsli frá sveitarfélaginu en ekki við vatnasvið ofan sveitarfélagsins.
1.20	<i>„Ekki er tímabært að fjalla um þann þátt verksamnings Árborgar við verkfræðistofnunnar EFLU hf, dags. 21. og 28. mars 2017, sem tekur til þess að samhliða eigi að vinna að starfsleyfi fyrir „hreinsistöðina“.</i>	Framkvæmdaraðili hefur skv. 17 gr. laga 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum heimild til að vinna samtímis að matsskýrslu og starfsleyfi. Tilgangur þessarar greinar er að tryggja að í mati á umhverfisáhrifum sé fjallað um þá umhverfisþætti sem skipta máli þegar

		kemur að veitingu starfsleyfis og samræmi sé í tillögum um mótvægisáðgerðir og vöktun við væntanlegar kröfur í starfsleyfi.
2	Erna Gunnarsdóttir	
2.1	„Í auglýsingu Eflu segir: Á undanförunum árum hefur sveitarfélagið Árborg unnið að því að bæta ástand fráveitumála í sveitarfélaginu. Ákveðið hefur verið að byggja fráveituhreinsistöð norðan við flugvöllinn við Sandvík. Til athugunar er að reisa hreinsistöð með eins þreps hreinsun, tveggja þrepa hreinsun eða ítarlegri hreinsun. Að auki er til athugunar að leggja útrás út í Ölfusá norðvestan við Geitanes eða í sjó við Eyrarbakka höfn. Textinn hér fyrir ofan kynnir að til athugunar sé hjá Sveitarfélaginu Árborg að fara á svig við reglur um hreinsun skolps. Í reglugerð 789/1999 um fráveitur og skolp er algjörlega skýrt hvað ber að gera við aðstæður eins og þær sem eru við Selfoss. Eins þreps hreinsun er ekki í boði.“	Sjá svör við liðum 1.4, 1.5 og 1.9.
2.2	„Ekki liggur fyrir hvort framkvæmdin nái til skolps frá þeim hluta íbúðabyggðar Selfoss sem liggur norðan við Ölfusá“	Sjá svar við lið 1.2 og umfjöllun í kafla 2.2. í tillögu að matsáætlun.
2.3	„Ekki liggur fyrir hvort framkvæmdin nái til skolps frá þeim hluta iðnaðar og verksmiðjufyrirtækja sem liggur norðan við Ölfusá. Hér er um að ræða eitt stærsta sláturhús landsins, þrjár bensínstöðvar, nokkur vélaverkstæði, steypustöð o.fl.“	Sjá svar við lið 1.2 og umfjöllun í kafla 2.2. í tillögu að matsáætlun.
2.4	„Tafla 2-1 sýnir hve vaxandi mengun er. Meðaltal persónueininga árin 2016 og 2017 er um 59.000 einingar.“	Meðalfjöldi persónueininga hefur reynst vera breytilegur milli mælinga, sem er rekið hefur verið til áhrifa frá stórum atvinnurekstri. Að öðru leyti er vísað í svar við lið 1.2.
2.5	„Valkosti í kafla 3.2 eiga ekki að vera í trássi við lög. Þ.a.l. að liðir a og b detta út.“	Bent er á svör liðum 1.4, 1.5 og 1.9.
2.6	„Ekki kemur fram hvaða hreinsistöð er verið að lýsa í kafla 3.4.1 en augljóst er að hámarksrennsli er vanmetið.“	Talan 600 l/s um hámarksrennsli yfir hreinsisíur byggir á mælingum á rennsli í fráveitukerfinu yfir um 2 ára tímabil.
2.7	„Ætla má að sú tveggja þrepa hreinsistöð sem lýst er í kafla 3.4.2.2 komist illa fyrir á fyrirhugaðri lóð. Sýna þarf fram á að bæði tveggja þrepa hreinsun og ítarlegri hreinsun rúmist á því svæði sem ætlað er undir skólphreinsivirki.“	Bent er á svar við lið 1.9. Framkvæmdaraðili fer með eignarhald á töluvert stóru svæði í kringum lóð fyrirhugaðrar hreinsistöðvar. Þegar ljóst er í hvaða framkvæmd þarf að ráðast verður metið hversu mikið landsvæði þarf undir þær framkvæmdir.
2.8	„Skýra þarf áhrif mismunandi útfærslu hreinsistöðva á umhverfi á landi, íbúðabyggð, atvinnustarfsemi, útivistarmöguleika o.þ.h.“	Í kafla 4.4 í drögum að tillögu að matsáætlun er lagt til að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á m.a. eftirfarandi umhverfisþætti: landnotkun,

		lykt, sjónræn áhrif og útivist. Samkvæmt aðalskipulagi er hreinsistöðin staðsett á skilgreindu iðnaðarsvæði. Þá er vísað til landnýtingarflokkunar í aðalskipulagi Árborgar fyrir svæði í grennd við fyrirhugaða hreinsistöð.
2.9	„Mikilvægt er að kafli 3.4.6 verði útfærður en ófullnægjandi upplýsingar eru í drögum.“	Í kafla 3.4.6. er lýst þeim gerðum úrgangs sem fellur til við hreinsun í hreinsistöð. Allur úrgangur sem til fellur og þarf að farga verður pressaður til að minnka rúmmál og vatnsinnihald. Um förgun hans fer skv. reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
3	Atli Gunnarsson, Guðrún Ásta Gunnarsdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir	
3.1	„... efsarið verður með frárennsli við fyrirhugaða hreinsistöð á Selfossi um útrás út í Ölfusá er skylt að vera með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa eins og sjá má á bls 18 í áðurnefndum drögum að matsáætlun við hreinsistöð fráveitu á Selfossi.“	Bent er á svör við liðum 1.4 og 1.5.
4	Óðinn K. Andersen	
4.1	„Ábending varðandi lið: 3.3.3 Útrás í sjó við Eyrarbakka höfn. Þar sem ég er nokkuð staðkunnugur á þessum slóðum, vil ég benda á að sennilega væri betra að hugmynd um útrás við Eyrarbakka höfn (Einarshöfn) lægi nokkuð vestar, vestur fyrir Einarshafnarsker út í árstrauminn sem bæri þá skólpið á haf út. Ella væri hættara við að aðfallsstraumur með sv-átt bæri skólpi inn um öll lón og inn í þorpsfjörur þegar flýtur yfir, og ekki á bætandi, enda ástandið ekki gott fyrir.“	Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Val á útrás við Eyrarbakka er ekki endanlegt, en endanleg staðsetning verður valin m.a. með hliðsjón af straumum.
5	Sæbýli ehf.	
5.1	„Sæbýli stundar eldi á sæeyrum haliotis discus hannai sem er dýr afurð notuð til manneldis. Við eldið notar félagið sjó sem tekin er utan við höfnina á Eyrarbakka. Það er mjög mikilvægt að sjórinn sem notaður er sé hreinn og ómengaður. Við teljum að efsá kostur verði valinn að leggja útrás í nágrenni við Eyrarbakka kippi fótunum undan rekstri félagsins. Við biðjum því um að sú útfærsla á fráveitukerfi Árborgar að veita skólpi út við Eyrarbakka höfn verði ekki notuð og í staðin verði fundin önnur leið fyrir það.“	Einn liður í umhverfismatinu er að varpa ljósi á áhrif einstakra valkosta á landnotkun, þ.m.t. umrætt eldi. Sjá einnig svar við lið 4.1.
6	Benedikt Jóhannsson	
6.1	„Áréttað skal að talsverð laxveiði var stunduð í net í Ölfusá fyrir neðan núverandi ræsi, fyrir landi Sandvíkurtorfu og Kotferju. Þessi veiði hefur hins vegar lagst af, ekki síst vegna mikillar mengunar frá ræsinu.“	Í drögum að tillögu að matsáætlun er lýst þeim rannsóknum sem sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar töldu þörf á að gera til að varpa

	<i>Rannsaka þarf áhrif þessarar skolpmengunar á lífríki árinna, á veiði laxfiska og gæði laxfiska sem veiddir eru neðan ræsis til manneldis. Samkvæmt reglugerð 789/1999 um fráveitur og skólpi má telja Ölfusá viðkvæman viðtaka og þá þarf hreinsun skólps að vera ítarlegri en tveggja þrepa og ófært er að ætla að nota núverandi lögn sem yfirfall fyrir óhreinsað skólpi út í ána. Fram kemur einnig að mikil mengun er frá iðnaðarfyrirtækjum út í ána, einkum frá Sláturfélaginu og Mjólkurbúinu. Eðlilegt er að gera kröfur um að fyrirtæki kosti hreinsun á frárennsli frá sínum iðnaði og þá ekki síst Mjólkurbúið vegna mikillar mengunar frá því. Besti kosturinn er að færa hreinsað skólpið til sjávar fjarri þéttbýli, t.d. milli Eyrarbakka og Stokkseyrar.“</i>	ljósi á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði Ölfusár (kafla 4.5.1) og lífríki (frumframleiðendur, smádýr og fiska) í Ölfusá (kafla 4.5.2). Hreinsun skólps verður í samræmi við lög og reglugerðir (sjá svar við lið 1.4 og 1.5). Umhverfisstofnun hefur skilgreint Ölfusá sem venjulegan viðtaka (sjá svar við lið 1.11). Um neyðaryfirfall er fjallað í svari við lið 1.15.
7	Guðmundur Ármann	
7.1	<i>„Undirritaður hefur f.h. félagsins 1765 ehf fengið vilyrði bæjarráðs Árborgar fyrir landi við Eyrarbyggahöfn og í fjörunni vestan við höfnina til að koma þar upp sjóböðum, gistingu sem og fræðsluhúsi þar sem áherslan verður fjaran á Eyrarbakka. Fyrirkomulag og hreinsun fráveitu á Eyrarbakka sem og mögulegur flutningar á seyru frá Selfossi að Eyrarbyggahöfn og þar í sjó hefur mjög neikvæð áhrif á verkefnið og kann að vera þess valdandi að forsendur fyrir sjóböðum breyta.“</i>	Fram kemur í drögum að tillögu að matsáætlun að sérfræðingar verða fengnir til að vinna dreifingarspá fyrir uppleyst efni í sjó við útrás hjá Eyrarbyggahöfn. Greint verður frá niðurstöðu rannsókna, mat lagt á áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði og fjallað um mögulegar mótvægisaðgerðir eftir því sem við á. Niðurstöður munu sýna mögulegt magn gerla í viðtakanum og hvort líkur séu á að vatnsgæði uppfylli skilyrði sem sett eru í tilskipun Evrópusambandsins og ráðsins 2006/7/EB um stjórnun gæða vatns til baða. Ekki felst í framkvæmdinni flutningur á seyru frá Selfossi að Eyrarbyggahöfn og þar í sjó. Fjallað hefur verið um meðhöndlun úrgangs frá fráveituhreinsun í svörum framkvæmdaraðila í lið 2.9 þar sem fram kemur hver meðhöndlun hans er.
7.2	<i>„Eðlilegt er að gerð sé ein matsáætlun fyrir fráveitur í Árborg, þ.e. þar sem fráveitur fyrir byggðirnar á Selfossi, á Eyrarbakka og á Stokkseyri væru metnar og hugsaðar heildstætt. Það er í senn eðlilegt og skiljanlegt að verkþáttum væri forgangsraðaðar eftir mikilvægi og öðrum þáttum, en hönnun og útfærslur vegna byggðanna þriggja þarf að hugsa heildstætt.“</i>	Sú framkvæmd sem hér er lögð fram til mats á umhverfisáhrifum nær eingöngu til mannvirkja fyrir hreinsun frárennslis frá Selfossi. Fráveita fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri eru aðskildar framkvæmdir. Í umfjöllun um valkost e) (eins þreps hreinsistöð við Sandvík og útrás í sjó) verður hins vegar gert ráð fyrir hækun á gildi persónueininga sem nemur byggð og iðnaði á Eyrarbakka og Stokkseyri.
7.3	<i>„Í raun eru aðeins tveir valkostir lagðir til. Annars vegar að veita skólpi í Ölfusá eða hins vegar að dæla skólpi til Eyrarbakka og afsetja það í sjó við höfnina. Liðir a, b & c í matsáætlun gera vart talist valkostir með tilliti</i>	Bent er á umfjöllun í liðum 1.4, 1.5, 1.9 og 6.1

	<i>til 7. greinar reglugerðar um fráveitur og skólp, enda Ölfusá flokkuð sem viðkvæmt svæði.“</i>	
7.4	<i>„Kanna ætti þriðja möguleikann sem væri t.d. fulkomin hreinsun á landi þar sem tandurhreinu vatni væri veitt á ný út í náttúruna. Einn af kostum þeirrar lausnar væri að aðstaðan þyrfti ekki að vera við árbakka eða fjöruna.“</i>	Sú gerð hreinsunar sem hér er gerð tillaga um er líklega tæknilega framkvæmanleg en þar sem vatnsmagnið sem um er að ræða er um 600l/s er væntanlega um of mikið magn af vatni að ræða til þess að losun í jarðveg/grunnvatn teljist mögulegur valkostur. Hreinsiaðferðirnar sem lagðar eru til eru mjög dýrar og þarfnast búnaðar sem er dýr í innkaupum og rekstri. Slík hreinsun er aðallega notuð þar sem þörf er á að hreinsa drykkjarvatn. Að mati framkvæmdaraðila er ekki forsenda til að ráðast í slíka hreinsun þegar kröfur í lögum og reglugerðum nást með skilvirkari og ódýrari leiðum.
7.5	<i>„Rétt er einnig að horfa til þess þunga sem er í alþjóðlegri og í auknu magni innlendri umræðu um höfin og hreinleika sjávar, þegar lagðir eru til valkostir og mat á þá lagt. Í reglugerð um fráveitur og skólp segir að seyru sem fellur til við meðhöndlun og hreinsun skólps skuli nýta eins og kostur er. Með því að veita seyru út í Ölfusá eða í sjó er verið að fara gegn þessu ákvæði.“</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir mikilvægi hreinleika vatns. Framkvæmdin snýr að uppbyggingu fráveituhreinsunar sem uppfyllir kröfur laga og reglugerða. Í framkvæmdinni fellst ekki að seyru verði veitt í viðtaka. Viðtaki (Ölfusá eða sjór) tekur við hreinsuðu fráveituvatni, en síu- og ristarúrgangur, sandur, fita og aðskotahlutir verður eftir í hreinsistöðinni og er eftir atvikum endurnýttur eða fargað, sbr. svar við lið 2.9.
7.6	<i>„Sé vilji til þess að setja lögn fyrir skólp í sjó, þá á það að vera sjálfstætt mat, hvar sú lögn ætti að fara í sjó. Hvort það ætti að vera við Eyrarbakka, Stokkseyri, milli þorpa eða á öðrum stað þarf að meta sjálfstætt. Við gerð þessa faglega mats þarf væntanlega að horfa til sjávarfalla, brims, aðstæðna í fjöru og annara þátta auk lagnaleiðar frá Selfossi. Ekki er eðllegt að gefa sér niðurstöðu sem virðist að mestu byggja á aðstæðum í landi, en ekki aðstæðum í og við sjó.“</i>	Val á staðsetningu útrásar við Eyrarbakka verður nánar útfært í umfjöllun um valkostinn (valkost e) í frummatsskýrslu.

7.7	<p>„Fjaran við Eyrarbakka er á náttúruminjaskrá auk þess sem fjörur og grunnsævi við Eyrarbakka er flokkað sem mikilvægt fuglasvæði. Hin mikla hraunfjara við Eyrarbakka er einstök og þarf að fara um langan veg til að komast í útsjávarstrauma. Brim getur einnig verið mikið við Eyrarbakka. Útrásarlögn þarf að fara út fyrir hraunið sem víða teygir sig mörg hundruð metra út fyrir fjöruborð ef lögnin á að ná að skila skolpi í útsjávarstrauma og á það svæði þar sem oft er mikið brim og þung alda. Rétt er að minna á þau vandræði sem verið hafa með útrásarlögn í Þorlákshöfn sem þó er væntanlega margfallt styttri en lögn sú sem þyrfti á Eyrarbakka.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Fjallað verður í frummatsskýrslu um áhrif framkvæmdar skv. valkosti e) á landnotkun og fuglalíf.</p>
7.8	<p>„Fá þarf mat fagaðila varðandi hafstrauma við Eyrarbakka á því hversu langt þurfi að fara til að komast út fyrir grunnsævi og að dreifingarspár um þynningu uppleystra efna verði gerðar á grunni þessa mats.“</p>	<p>Sjá á umfjöllun undir lið 7.6.</p>
7.9	<p>„Í matsáætlun kemur fram að möguleg áhrif framkvæmdanna séu m.a. óbein áhrif á fjöru- og/eða bakkagróður. Það best er vitað liggja ekki fyrir rannsóknir á fjöru- og bakkagróðri á Eyrarbakka og það þrátt fyrir að skolpi frá byggðinni sé veitt beint út í sjó óhreinsuðu. Þá er einnig rétt að hafa í huga að saurmengun í strandsjó sem er utan þynningarsvæða skal vera undir umhverfismörkum samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólþ. Nauðsynlegt er að rannsaka stöðu þessara mála við Eyrarbakka áður en lengra er haldið.“</p>	<p>Líffræðingur verður fenginn til að skoða samsetningu fjörugróðurs við fyrirhugað svæði útrásar. Dreifingarlíkan fyrir uppleyst efni frá framkvæmdinni í sjó við Eyrarbakka mun sýna dreifingu mengunar í sjónum og hvort líklegt sé að hún fari yfir viðmiðunarmörk. Umfjöllun verður um ofangreint í frummatsskýrslu.</p>
7.10	<p>„Straumar Ölfusár við Óseyri eru með þeim hætti að það er austlægur straumur með ströndinni frá Ölfusárós og meðfram byggðinni á Eyrarbakka. Mengun sem berst í Ölfusá berst því að byggðinni á Eyrarbakka. Nauðsynlegt er að þetta verði rannsakað sérstaklega sem hluti af matsáætlun.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Sjá umfjöllun um val staðsetningar á útrás og dreifingarspá undir lið 7.6.</p>
7.11	<p>„Ekki kemur fram í matsáætlun ef skólpi verður veitt frá Selfossi í höfnina á Eyrarbakka hvort ætlunin sé þá að skólpi frá byggðinni á Eyrarbakka verði veitt sömu leið og hvort að skólpi frá Stokkseyri verði veitt til Eyrarbakka í hina nýju lögn. Fram kom í skýrslu sem gerð var um fráveitumál á Eyrarbakka að einn möguleikja væri að skólþ færi ekki í sjó heldur væri hreinsað á landi. Það væri vissulega sérstakt ef þannig færi, en á sama tíma væri skólpi frá Selfossi veitt í sjó við Eyrarbakka.“</p>	<p>Tekið skal fram að framkvæmdin gerir ekki ráð fyrir að hreinsuðu skólpi sé veitt í höfnina á Eyrarbakka. Framkvæmdin snýr ekki að lausn fráveitumála á Eyrarbakka og Stokkseyri, heldur eru það aðskildar framkvæmdir. Í umfjöllun um valkost e (eins þreps hreinistöð og útrás í sjó) verður hins vegar gert ráð fyrir hækkun á gildi persónueininga sem nemur byggð og iðnaði á Eyrarbakka og Stokkseyri.</p>

8	Linda Ásdísardóttir	
8.1	<p>Athugasemdin snýr að valkosti e) byggingu eins þreps hreinsistöðvar og útrás við Eyrarbakka</p> <p><i>„Ég vil mótmæla þessu og biðja um að valkosturinn verði alfarið tekinn út. Ástæðurnar eru margar, höfnin er inni í þorpinu sjálfu og allt svæðið við höfnina er okkar útivistarsvæði sem teygir sig síðan vestur sandfjöruna. Strax neðan við bryggjukantinn er t.d. lítil skjólgóð strönd „Gullströndin“ þar sem gott er að fara í sjósund. Að það teljist mögulegur kostur að dæla þarna skólpi frá 6000 manna og vaxandi byggð á Selfossi finnst mér ömurlagt. Ekki nóg með það þá var sem sagt talið nóg að það skólp færi aðeins í gegnum eins þreps hreinsun sem hljómar ekki vel. Ekki nóg með að útivistarsvæðið okkar íbúa sé í hættu þá myndi þessi ráðstöfun gera að engu óskir manna um ferðamennsku sem tæki mið af hreinni náttúru við ströndina. Nú þegar er rekin viðkvæm eldistöð á Eyrabakka þar sem ræktuð eru sæeyru og sú vinnsla má ekki við meira skólp í sjóinn en nú þegar er. Þeir sem hafa þreifað sig áfram með sölvatekju á þessari strönd gætu líka gleymt því að markaðssetja afurð sem er tekin á losunarsvæði skólps.“</i></p>	<p>Sveitarfélagið hyggst með framkvæmdinni koma á hreinsun skólps sem samræmist lögum og reglugerðum. Eins þreps hreinsun telst vera fullnægjandi hreinsun þegar losað er í síður viðkvæman viðtaka. Tekið skal fram að ekki er um að ræða losun í höfnina, enda slíkt óheimilt.</p> <p>Umfjöllun verður í frummatsskýrslu um áhrif framkvæmdarinnar á útivist og landnotkun.</p>
8.2	<p><i>„Eyrarbakki býr þegar við lélega losun skólps, hér rennur óhreinsað frá öllum húsum og fyrirtækjum beint úti sjó á fimm stöðum. Þarna er auðvitað úrbóta þörf því þótt brimið taki óþverrann þá liggur klóaksafgangar í fjörunni handan sjóvarnargarðs. Þessi fráveiturör eru svo stutt að þegar fjarar eru rörin ekki einu sinni í sjó og mávurinn hangir í úrganginum. Mér þykir því frekar móðgandi að það þyki góð hugmynd að bæta við okkur úrgangi.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili er sammála því að finna þarf hreinsun fráveitu á Eyrarbakka og Stokkseyri fullnægjandi farveg.</p> <p>Valkostur e) lýsir byggingu nýrrar útrásar sem veitir hreinsuðu skólpi nægjanlega langt frá landi þannig að áhrifa gæti ekki við strönd. Þar sem skólpið hefur verið hreinsað inniheldur það ekki aðskotahluti.</p>
8.3	<p><i>„Einnig finnst mér bæði áhættusamt og mögulega mjög kostnaðarsamt að vera í þetta mikla magn fráveitu í lögn svona langa leið. Hægt er að sjá í hendi sér að bilanir og aðrar ófyrirséðar uppkomur sem fylgja, muni alltaf koma til með að skerða lífsgæði okkar hér á Eyrabakka. Ég vinn hjá Byggðasafni Árnesinga sem er með sitt varðveisluhúsnæði á Hafnarbrú 3 og þykir mér óljúft að vita að lögninni við hliðina á safnmunageymslu“</i></p>	<p>Verði vart við bilanir í lögn, t.d. leka, þá yrði rennsli um lögnina stöðvað og hreinsuðu frárennsli veitt tímabundið um yfirfall í Ölfusá uns viðgerð á frárennislögn væri lokið.</p>

8.4	„Að það þyki valkostur að menga fjöru okkar hér meðan vatnsmesta á landsins Ölfusá er við bæjardyr íbúa á Selfossi þykir mér einnig undarlegt og ítreka enn og aftur að þessi valmöguleiki sé tekinn burt.“	Sjá svar við lið 8.1.
9	Byggðasafn Árnesinga	
9.1	„Gerð er athugasemd við Umhverfismat hreinsistöðvar á Selfossi. Sú hugsanlega leið sem nefnd er í umhverfismatinu, að leggja 1. þreps hreinsað skólplagnar frá hreinsistöð á Selfossi niðrá Eyrarbakka, myndi hafa mikil áhrif á ferðaþjónustu á Eyrarbakka og almennt á ímynd þorpsins. Þess vegna kemur umhverfismatið Eyrbekkingum og þeim sem standa að rekstri á Eyrarbakka við, þ. á m. Byggðasafni Árnesinga. Kafli 3.3.3. vekur nokkuð furðu þar sem með ófullnægjandi hætti er fjallað um áhrif skólplagnar á Eyrarbakka. Ekkert er þar fjallað um áhrif hugsanlegrar lagnar á mannlífið í 600 manna þorpi. Farið er fram á að liður e í kafli 3.2 í umhverfismatinu verði felldur á brott og ekki verði á nokkurn hátt getið þessa möguleika í frekari framvindu þessa þarfa verkefnis.“	Kafli 3.3.3 í drögum að tillögu að matsáætlun lýsir fyrirhugaðri framkvæmd við útrás við Eyrarbakka. Kafli 4 um mat á umhverfisáhrifum telur upp umhverfisþætti sem geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni og framkvæmdaraðili leggur til að fjallað verði um í frummatsskýrslu og hvernig þeirri umfjöllun verður háttað. Þar á meðal eru sjónræn áhrif þar sem lýst verður áhrifum framkvæmdar sem tengjast mannvirkjum og losun skólps í viðtaka, þ.a.m. lagningu fráveitulagnar skv. valkosti e). Einnig verða m.a. metin áhrif á útivist og lykt. Sveitarfélagið telur að umhverfismatið varpi ljósi á helstu umhverfisþætti sem áhrif geta haft á ferðaþjónustu á svæðinu.
10	Sigurjón Vídalín Guðmundsson	
10.1	Athugasemdin snýr að því að valkostir með Ölfusá sem viðtaka komi ekki til greina: „enda flokkast Ölfusá sem viðkvæmt svæði.“	Sjá svar 1.11.
10.2	„Það sem stingur óneitanlega í augað við lestur skýrslunar er sú staðreynd að hvergi er tíundað hvers vegna útrás í sjó er valin staður við höfnina á Eyrarbakka og engar aðrar staðsetningar ræddar. Ég sem fyrrum íbúi á Eyrarbakka, fæddur þar og uppalin, tel að útrás þar sé í besta falli vafasöm. Þrátt fyrir að vesturfali sé stöðugt með suðurströndinni þá gætir staðbundins austurfalls meðfram fjörunni frá ós Ölfusár og austur fyrir gamla frystihúsið, svona hér um bil. Þetta er vegna strauma frá ánni sem leita til austurs þegar sjór stendur hátt og heldur við útfall Ölfusár. Þetta sést vel bæði á sandburði austur með strandlengjunni og jakaburði á veturna. Það er því hætt við að skólplagnar sem færi í sjó framan við höfnina á Eyrarbakka bærist að landi beggja megin við höfnina og spillti nýtungu lands og landgæðum á því svæði til frambúðar.“	Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Endanleg staðsetning útrásar hefur ekki enn verið valin, sjá svar við lið 4.1 en greint verður nánar frá staðsetningu og forsendum staðarvals í matinu. Sú hætta á skólplagnar berist að landi er hluti þeirra þátta sem fjallað verður um í mati á umhverfisáhrifum.
10.3	„Hins vegar er álíka langt út fyrir skerjagarðinn, og fyrir framan höfnina, rétt austan við Barnaskólann á Eyrarbakka. Þar hins vegar gætir ekki	Sjá svar við 10.2.

	<i>strauma frá Ölfusá og stöðugt vesturfall þar tæki skólpið væntanlega út og frá ströndinni. Þennan valkost tel ég að ætti að kanna mjög gaumgæfilega með mati fagaðila.“</i>	
10.4	<i>„Að ofangreindu má því líka vera ljóst að allt skólpi sem fer í Ölfusá getur borist að einhverju leyti á fjörur austan við ósinn, allt austur að Eyrarbakka. Enda eru vísbendingar um það sjáanlegar annað slagið þegar gengið er fram á dömubindi, blautpurkur og annað sem leysist illa eða ekki upp í vatni í fjörunni.“</i>	Þar er um að ræða óhreinsað skólpi sem er núverandi ástand sem að mati framkvæmdaraðila er óásættanlegt. Aðskotahlutir verða fjarlægðir í hreinsistöðinni.
10.5	<i>„Út frá umhverfissjónarmiðum og heildstæðri lausn á fráveitumálum í sveitarfélaginu ætti því að leita leiða að koma öllu skólpi í sjó. Lögn meðfram þjóðveginum frá Selfossi og niður á strönd austan við Eyrarbakka myndi skipta þar sköpun. Fyrir það fyrsta væri hætt að veita skólpi í Ölfusá. Í öðru lagi væri hægt að taka allt skólpi frá þéttbýslisstöðum sveitarfélagsins í þessa útrás. Það myndi þýða að losun skólps í sjó frá Eyrarbakka og Stokkseyri færi ekki lengur nánast í fjöruna fyrir framan þorpinn heldur út fyrir skerjagarðinn. Auk þess væri möguleiki á að tengja Tjarnabyggðina við þessa lögn þar sem hún er núna öll á rotþróun en það eru nú þegar komnar fram vísbendingar um það að ekki sé æskilegt að yfirfall af þessum rotþróun fari út í mýrina þar sem hún er mjög lélegur viðtaki vegna vatnsmettunar og því liggi þetta affalsvatn oft á yfirborði. Með fyrirsjáanlegri fjölgun húsa í Tjarnabyggð verður þetta vandamál enn stærra.“</i>	Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Skólpi frá Tjarnabyggð er ekki hluti þeirrar framkvæmdar sem nú er verið að vinna mat á umhverfisáhrifum fyrir. Komi til þess að skólpi frá Tjarnabyggð verði tengt inn á fráveitukerfi framkvæmdaraðila þá mun vera gert ráð fyrir því í framkvæmd við fráveitumannvirki sem byggð verða í framhaldi af matsferlinu að þau séu í stakk búin til þess að taka við skólpi frá Tjarnabyggð.